

Ég hef aldrei skammast mín fyrir hann



Pabbi minn var eins og hann var, dópisti og útigangsmáður, en hann var kannski líka með einhverja spádómsgáfu.

Slitrótt samband **Puríðar Blævar Jóhannsdóttur** við föður sinn tók á sig nýja mynd þegar hann fékk krabbamein og hún varð barnshafandi. Þrátt fyrir að hann hafi látist áður en hann varð afi, spilaði hann veigamikil hlutverk á meðgöngunni. ➔ 26



FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Bjartsýn á betra samfélag
Heimsfaraldurinn hafði mikil áhrif á líf og plön Sigurlaugar Söru. ➔ 50



Íslendingurinn á bak við töfra Disney

Karl Gústaf Stefánsson teiknaði persónur eins og Mjallhvíti og Stjána bláa. ➔ 30



Eina leiðin upp
Hrefna Rósa Sætran opnar aftur, en með breyttu sniði. ➔ 22


2.500 KR. AFSLÁTTUR

Ef verslað er fyrir 15.000 kr. eða meira

Gildir eingöngu á elko.is til með 10. maí 2020
KÓÐI: SUMARGJOF2020

ELKO

Veður



Víða hæg norðlæg átt. Skýjað með köflum og stöku él, en áfram bjart vestan til. Hiti nálægt frostmarki norðaustan til, 4 til 9 stig yfir daginn sunnan heiða.

SJÁ SIÐU 42



Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Reglurnar ekki um fyrirtæki

STJÓRNSÝSLA Forstjóri Persónuverndar segir að almennt séð gildi reglur persónuverndarlaga ekki um fyrirtæki, en möguleiki sé á því að taka þurfi tillit til þeirra ef um fámenn fyrirtæki er að ræða.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra sagði í kvöldfréttum RÚV í gær að hún vildi að Vinnuálastofnun birti lista yfir þau fyrirtæki sem hafa nýtt hlutabótaleiðina.

Rúmlega 6.700 fyrirtæki hafa nýtt sér úrræðið. Um síðustu mánaðamót fengu meira en 35 þúsund manns greitt í gegnum úrræðið.

Vinnuálastofnun telur sig hvorki hafa heimild til að afhenda né birta lista yfir þau fyrirtæki sem gert hafa samkomulag við starfsmenn sína um minnkað starfshlutfall. Hefur stofnunin leitað til Persónuverndar með ósk um flýti-meðferð.

„Almennt séð gilda reglur persónuverndarlaga um persónur eða einstaklinga, ekki um fyrirtæki en það gæti þurft að huga að því ef um fámenn fyrirtæki er að ræða,“ segir Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar.

Hagar og Festi ákváðu í gær að nýta sér ekki úrræðið. Líkt og Skeljungur ákváð fyrir í vikunni, munu Hagar endurgreiða ríkinu upp-hæðina sem fyrirtækið sparadi sér. Voru fyrirtækin gagnrýnd fyrir að nýta sér úrræðið þrátt fyrir að skila hagnaði upp á milljarða króna. Þá hefur Capacent einnig nýtt sér úrræðið. – mhj

Skýrsla Barnaþings afhent



Skýrsla Barnaþings 2019 var afhent Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra fyrir utan Ráðherrabústaðinn að loknum ríkisstjórnarfundum í gærmorgun. Barnaþingið var haldið í Hörpu 21. og 22. nóvember í fyrra. Þar fengu börn að velja hvaða málefni þeim finnst skipta máli, allt frá skoðunum þeirra á samfélaginu að alþjóðamálum. Ráðherrar fengu einnig svuntur að gjöf í einkennislitum flokka sinna. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Gífurlegur samdráttur í gistinóttum

COVID-19 Gistinóttum á hótélum á Íslandi fækkaði um 97 prósent í apríl sé miðað við sama mánuð í fyrra. Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar voru gistinætur á hótélum 7.900 talsins í apríl en í fyrra voru þær 372.600 í sama mánuði.

» 167 skráð hótél eru á landinu, 69 hótél tilkynntu lokun fyrir apríl.

Einungis 1,8 prósent rúma á hótélum hér á landi voru nýtt í apríl síðastliðnum sem er tæpum 40 prósentum minni nýting en á sama tíma í fyrra þegar rúmanýting var 41,6 prósent. Kórónaveirufaraldurinn hefur haft mikil áhrif á ferðaþjónustu og nýtingu hótélryma. 167 hótél eru skráð hjá Hagstofunni, 69 tilkynntu lokun fyrir apríl. – bj

Kvikmynda söguna um íslensku Mjallhvíti

Ferill Vestur-Íslendingans Karls Gústafs Stefánssonar var ævintýrlegur í meira lagi. Samband hans og Kristínar Sölvadóttur veitti honum innblástur í sköpun Mjallhvítar þegar hann vann fyrir Disney. Nú er kvikmynd í smíðum.

KVIKMYNDIR Undanfarnin tvö ár hefur kvikmyndaframleiðandinn, Heather Millard, verið að þróa kvikmynd byggða á ævi Vestur-Íslendingans Karls Gústafs Stefánssonar sem átti ævintýrlegan feril og var þekktur undir nafninu teiknimynda-Kalli (e. Cartoon-Charlie). Sérstök áhersla verður lögð á kynni hans og Kristínar Sölvadóttur úti í Winnipeg árið 1934 en talið er að þau kynni hafi veitt Charlie innblástur að sköpun Mjallhvítar þegar hann vann fyrir kvikmyndaver Disney-bræðra í Hollywood. Þá er talið að listamaðurinn hafi skapað hina heimspekku persónu, Bugs Bunny, eða Kalla kanínu.

„Við fengum styrk frá Kvikmynda-miðstöð Íslands og erum núna að vinna í handritinu,“ segir Heather. Það eru systurnar Margrét og Álfrún Örnólfsdætur sem þar stýra penna. Að sögn Heather er sýn aðstandenda myndarinnar að skapa ævintýri þar sem áhorfendur fá að ferðast aftur til Íslands og Íslendingabyggðarinnar í Kanada á þriðja og fjórða áratug síðustu aldar auk þess að heimsækja töfra Hollywood.

Um metnaðarfullt verkefni er að ræða sem reiknað er með að verði tilbúið til sýningar í lok árs 2022.

Heather er ein af aðstandendum framleiðslufyrirtækisins Compass Films hér á landi og hefur komið að fjölmörgum heimilda- og kvikmyndagerðarverkefnum um allan heim. Hún heillaðist af landi og þjóð fyrir um áratug og ákváð að hér ætlaði að hún að vera búsett. „Ég heyrði söguna af íslenskum rótum Mjallhvítar fyrir nokkrum árum síðan fyrir tilviljun og fór að kynna mér hana betur,“ segir Heather.

Ásamt samstarfsfólki sínu hefur



Heather er ein aðstandenda framleiðslufyrirtækisins Compass Films. Hún heillaðist af sögunni um Charlie og Kristínu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

» Ég heyrði söguna af íslenskum rótum Mjallhvítar fyrir nokkrum árum síðan fyrir tilviljun og fór að kynna mér hana betur.

Heather leitað víða fanga við þróun verkefnisins og talað við fjölmarga afkomendur og ættingja Charlie og Kristínar. „Við erum ótrúlega þakklát fyrir sögunnar af þessu frábæra fólki sem ættingjarnir hafa deilt með okkur. Þá hefur Eugene Waltz, prófessor úti í Manitoba og höfundur bókar um Charlie, verið ómetanleg hjálp í öllu ferlinu,“

Fyrir nokkru heimsótti Heather heimaslóðir Charlie í Kanada og fékk þar aðgang að skjölum sem listamaðurinn lét eftir sig og geymd eru í Háskólanum í Manitoba. Þar á meðal voru sendibréf listamannsins til fjölskyldumeðlima auk teikninga og skissa eftir listamanninn. „Það var mikil fjársjóðskista að komast í, þrátt fyrir að hann hafi ekki haldið nægilega vel utan um verk sín og því eru mörg þeirra glötuð. Það var sérstaklega skemmtilegt að kynna sér sendibréfin því þau gáfu manni innsýn í karakter listamannsins sem var skrautlegur í meira lagi,“ segir Heather.

Ítarleg umfjöllun er um feril Teiknimynda-Kalla á síðu 28 í blaði dagsins. bjornth@frettabladid.is



Í litlum skóla er gott að vera



Fjaran í Fossvoginum er falin náttúruperla og fjársjóðskista yngsta stigsins

Víðtaltímar vegna skólavistar til 1. júní. S. 568 7870 | suurhlidarskoli.is



HÚSASMÍÐJAN

blómaval

Nýtt

Húsasmiðjublað er komið út



Sumarveisla

í Húsasmiðjunni og Blómavali

Meðan birgdir endast

Sýpris

Flött í útipottinn. 80-100 cm.

1.990 kr/stk.

Stjúpur

10 stk.

1.490 kr

Blómakonfekt

Blönduð sumarblóm í 21 cm potti. Hægt að hengja upp.

3.990 kr

20% afsláttur

af allri pallaokú, viðarvörn og hreinsiefnum

25% afsláttur

OUTBACK

32.240 kr

~~42.990 kr~~

Gasgrill Solo

Eitt vinsælasta gasgrillið frá Outback, þrjú ryðfrír brennarar og Flame tamer hlíf yfir brennurum, grillsvæðið er 628x406 mm, hitamælir í loki, hliðarborð og hjól á undirvagni 9.67kW. 3000393



20% afsláttur

33.990 kr

Reiðhjól Energy 20"

Grátt og appelsínugult 10, stéllastær: 10" úr stáli fyrir 20", bremsur: TEKTRO V, handbremsa: TEKTRO resin, girar: 6, þyngd: 10,9 kg m.v. 10" 3901788



Nilfisk

20% afsláttur

af öllum Nilfisk háþrýsti-dælum og ryksugum



20% afsláttur

af öllum B+D og Texas garðverkfærum



Vilmundur Hansen, garðyrkjufræðingur, verður með ráðgjöf fyrir viðskiptavinum laugardag og sunnudag í Blómavali Skútuvogi kl. 13-17.

Mæðradagurinn



Mæðradagsvöndur

Ýmsar líta- og blóma-samsetningar í boði.

Verð frá

3.490 kr



20% afsláttur

12.795 kr

Rafmagnssláttuvél 1200W, sláttubreidd: 32 cm, 30 ltr., safnari. 5085114



17.995 kr

Rafmagnssláttuvél 1400W, sláttubreidd: 34 cm, 35 ltr., safnari. 5085136



20% afsláttur

38.875 kr

Bensínsláttuvél 139 cc, 2,3 kW, sláttubreidd: 46 cm, 65 ltr. safnari. 5085301



20% afsláttur

45.595 kr

Bensínsláttuvél m/drifi 139 cc, 2,3 kW, sláttubreidd: 46 cm, 60 ltr. safnari. 5085309

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavæxl. Úrval getur verið misjafnt milli veisla.

Icelandair vill fljúga daglega með ferskan fisk beint til Sjanghæ

VIÐSKIPTI „Við erum að vinna í því að fá leyfi til að flytja vörur frá Íslandi til Kína, það er draumamódelið ef það gengur allt upp,“ segir Gunnar Már Sigurfinnsson, framkvæmdastjóri Icelandair Cargo.

Að undanfögnu hefur Icelandair Cargo flogið daglega beint frá Íslandi til Sjanghæ í Kína og flutt þaðan lækningavörur til München í Þýskalandi samkvæmt samningi við flutningafyrirtækið DB Schenker. Þegar vörunum hefur verið skil-



Sex flugmenn, fjórir hlaðmenn og tveir flugvirkjar eru í hverju Sjanghæflugi. MYND/ICELANDAIR

að til München er flogið með tóma vél aftur til Íslands þar sem skipt er um áhafnir og flogið síðan beint til Sjanghæ á ný – með tóma vél og ætlinin er að breyta því.

Gunnar segir að nú sé unnið að því með atbeina utanríkisþjónustunnar og kínverska sendiráðsins hér að fá nauðsynleg leyfi í Kína til að flytja vörur beint frá Íslandi til Kína og nýta þannig flugið þangað. Þá sé rætt um flutning á ferskum fiski, fyrst og fremst eldislaxi.

Við erum að vinna í því að fá leyfi að flytja vörur til Kína.

Gunnar Már Sigurfinnsson, framkvæmdastjóri Icelandair Cargo

Flugið myndi að hans sögn auka markaðsmöguleika Íslendinga í Kína verulega.

„Þetta eru ferskar vörur og gæðin

verða miklu meiri vegna þess að flutningstíminn styttest úr nokkrum dögum í þrettán klukkustundir,“ útskýrir Gunnar sem kveður framleiðendur hér spennta. „Þeir vilja auðvitað nýta sér þetta og við viljum auðvitað að þeir fái tækifæri til þess.“

Gunnar kveðst bjartsýnn á að leyfin fáiast í næstu viku. „Það sem er spennandi í þessu er að það er verið að búa til tekjur fyrir vélar sem annars stæðu á jörðinni.“ – gar

Breyting samræmist illa stjórnarskrá

Formaður Dómarafélagsins telur að dómáramunni ekki treysta sér til að beita nýjum, tímabundnum ákvæðum um meðferð dómsmála. Breyting nefndar á frumvarpi ráðherra skapi vandamál vegna ákvæðis í stjórnarskrá um opinbera málsmeðferð.

DÓMSMÁL Formaður Dómarafélagsins lýsir áhyggjum af nýsamþykktum breytingum á réttarfarslögjöfni. Breytingar sem allsherjarnefnd hafi gert á frumvarpi dómsmálaráðherra um tímabundin ákvæði vegna heimsfaraldursins skapi vandamál gagnvart reglu 70. gr. stjórnarskrárinnar um opinbera meðferð dómsmála.

Í frumvarpinu var lagt til að dómari geti ákveðið fram til 1. október 2020 að aðalmeðferð og önnur þinghald; skýrslugjöf sakbornings, ákærða og vitna, fari fram í gegnum fjarfundabúnað, enda verði þinghaldi háttáð þannig að allir heyri þau orðaskipti sem fara fram.

Allsherjar- og menntamálanefnd fékk málið til meðferðar 20. apríl og afgreiddi það úr nefnd viku síðar með þeirri breytingu að aðeins viðkomandi aðilar heyri orðaskipti sem fara fram.

„Ákvæði stjórnarskrárinnar og Mannréttindasáttmála Evrópu gera ráð fyrir að dómþing séu háð í heyranda hljóði og að allir geti fylgst með því sem vilja,“ segir Kjartan Bjarni Björgvinsson, héraðsdómari og formaður Dómarafélagsins. Reglunni sé ætlað að vernda aðila dómsmála og auka traust til dómstólanna. „Almenn regla sem útilokar almenning frá því að fylgjast með því sem fram fer í þinghaldi, sem að jafnaði er opið í dómsal, skapar vandamál gagnvart þessari meginreglu stjórnarskrárinnar,“ segir Kjartan en lætur þess getið að á reglunni um opið þinghald séu eðlilegar undantekningar eins og í forsjár- og kynferðisbrotamálum.

„Ég tel vel hugsanlegt að margir dómáramunni ekki treysta sér til að hafa aðalmeðferð í málum sem annars á að vera opin í gegnum lokaðan fjarfund þar sem engir aðrir en lögmennt og aðilar geti fylgst með.“



Meðferð dómsmála á að vera opinber og aðeins í undantekningartilvikum er þinghaldi lokað. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ákvæði stjórnarskrárinnar og Mannréttindasáttmálans gera ráð fyrir að dómþing séu háð í heyranda hljóði.

Kjartan Bjarni Björgvinsson, formaður Dómarafélagsins



Aðspurður segir Kjartan að ekki hafi verið haft samráð við Dómarafélagið um breytingarnar sem Alþingi gerði á frumvarpinu. Hvorki hafi verið óskað eftir

umsögn félagsins né það boðað á fund nefndarinnar. Athygli vekur einnig að ekki hafi verið aflað umsagnar Bláamannafélagsins, enda hafi breytingin áhrif á aðgang fjölmiðla að meðferð dómsmála.

„Í upphaflegu frumvarpi dómsmálaráðherra, sem samið var í samráði við réttarfarsnefnd og Dómstólasýsluna, var fundin yfirveguð bráðabirgðalausn á brýnum vanda,“ segir Kjartan Bjarni. Hann segir afar óheppilegt að breytingar á réttarfarslögjöfni séu gerðar í fljótræði, enda geti slíkar breytingar skaðað verulega hagsmunum einstaklinga og fyrirtækja sem þurfa að treysta á dómkerfið. Hann bindur þó vonir við að rýmri tími gefist til að finna lausnir, blossi

COVID-faraldurinn aftur upp í haust.

Í vikunni tók Hæstiréttur Bandaríkjanna upp þá nýbreytni að senda út beina hljóðútsendingu frá málflutningi við réttinn, sem fram fer í gegnum fjarfundabúnað. Aðspurður segir Kjartan Bjarni að í núgildandi lögum sé bannað að streyma hljóði og mynd af dómari geti veitt undanþágu frá því banni við öllu framangreindu standi sérstaklega á.

Í nefndaráli allsherjarnefndar er ekki skýrt hvers vegna breytingin var gerð en fram kemur að töluvert hafi verið rætt um umrædd ákvæði í nefndinni, einkum um persónuvernd við notkun fjarfundabúnaðar. Vísad er í minnis-

blað Persónuverndar þar sem fram kemur að lög um persónuvernd gildi ekki um dómstóla þegar þeir fari með dómsvald en að notkun fjarfundabúnaðar við meðferð dómsmála sé á mörkum þess að teljast til framkvæmdar dómsvalds.

Kjartan Bjarni furðar sig á þessari túlkun Persónuverndar. „Aðalmeðferð dómsmála og athafnir sem fara samkvæmt lögum aðeins fram undir forræði dómara í dómsal eru þungamiðja í framkvæmd dómsvalds. Sjálfstæði dómstóla er verndað bæði í 70. gr. stjórnarskrár og Mannréttindasáttmála Evrópu. Þröng túlkun á hvað felst í dómsvaldi myndi leiða til þess að Persónuvernd, sem starfar ekki undir þeim kröfum sem gerðar eru til dómstóla um hlutleysi og réttláta málsmeðferð, gæti hlutast til um beitingu dómsvalds og hvort málsmeðferð fyrir dómstólum sé opinber. Það gengur ekki upp, út frá grunnreglum stjórnarskrár og mannréttindasáttmálans um sjálfstæði dómstóla og réttláta málsmeðferð, að opinber stofnun á borð við Persónuvernd geti sett skorður við því hvernig dómstólar fara með stjórnarskrárbundna ábyrgð sína,“ segir Kjartan Bjarni.

Aðspurður segir Björg Thorarensen, prófessor og formaður stjórnar Persónuverndar, að ekki fari á milli mála að stjórn aðalmeðferðar mála teljist til framkvæmdar dómsvalds. Hún hafi ekki haft tók á að kynna sér málið en þótt umsagnir stofnunarinnar séu oftast kynntar stjórninni hafi þetta mál verið unnið í miklum flýti. Um breytingu allsherjarnefndar segir Björg að tryggja verði að skilyrði um opinbera málsmeðferð sé uppfyllt. Breytingunni hljóti að vera ætlað að koma í veg fyrir rafræna útsendingu.

adalheidur@frettabladid.is

FÁRÁNLEGA LÁGT VERÐ Á NÝJUM DEKKJUM!



FYRSTIR KOMA - FYRSTIR FÁ

Við bjóðum upp á takmarkað magn af hjólbörðum fyrir fólkubíla, minni jeppa, stærri jeppa og pallbíla. Ný og ónotuð dekk á ótrúlegu lágu verði. Uppgefið verð er heill umgangur eða **4 DEKK MEÐ VSK.**

Þekkt merki í boði s.s.: Michelin, Goodyear, Pirelli, Bridgestone, Firestone, Continental, Kumho og Falken. Hér fyrir neðan má sjá dæmi um hvaða dekk og stærðir eru í boði:

195/55R16 - 4 stk. sumardekk - 49.000 kr.	215/60R17 - 4 stk. sumardekk - 49.000 kr.
225/55R18 - 4 stk. sumardekk - 59.000 kr.	265/60R18 - 4 stk. sumardekk - 80.000 kr.
225/60R17 - 4 stk. sumardekk - 59.000 kr.	265/50R20 - 4 stk. sumardekk - 99.000 kr.
225/70R17 - 4 stk. sumardekk - 59.000 kr.	275/70R18 - 4 stk. sumardekk - 69.000 kr.
225/55R18 - 4 stk. sumardekk - 59.000 kr.	285/60R20 - 4 stk. sumardekk - 99.000 kr.

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ISBAND.IS, DEKK@ISBAND.IS OG Í SÍMA 620-2321

ÞAÐ

VERÐA ENGAR
MEDALÍUR ÁRIÐ

2020

ENGINN Á

VERÐLAUNAPALLI

ENGIN STÓRFENGLEG

ÍÞRÓTTAAFREK

ÞETTA ER

SAMT ÁRIÐ ER

HETJUR

STÍGA FRAM

FJÖLMARGAR SLÍKAR

SEM BERJAST Í

FRAMLÍNUNNI

ANNAST

NÁUNGANN

OG STUÐLA AÐ

ÖRYGGI OKKAR

SVÖ ÁÐUR EN VIÐ

FÖGNUM

FRAMTÍÐARHETJUM

ÓLYMPÍULEIKA OG

ÓLYMPÍUMÓTS FATLAÐRA

SKULUM VIÐ Í DAG

FYRST FAGNA

HETJUM

FRAMLÍNUNNAR

HVERT OG EITT YKKAR

Á SKILIÐ MEDALÍU

OG ÞAKKIR

FRÁ OKKUR ÖLLUM



TOYOTA



Alþjóðlegur samstarfsaðili
Ólympíuleikanna



Alþjóðlegur samstarfsaðili
Ólympíumóts fatlaðra

START YOUR IMPOSSIBLE

AUGLÝSING VEGNA ÚTHLUTUNAR ATVINNULEYFA TIL AKSTURS LEIGUBIFREIÐA

Samgöngustofa auglýsir laus til umsókna 19 leyfi til leiguaksturs fólksbifreiða á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum og 1 leyfi á Akureyri.

Þau ein geta sótt um leyfi sem hyggjast stunda akstur leigubifreiðar að aðalvinnu og hafa lokið námskeiði fyrir leigubifreiðastjóra. Til að öðlast leyfi þurfa umsækjendur að uppfylla leyfisskilyrði, skv. 5. gr. laga nr. 134/2001 og rg.nr. 397/2003 um leigubifreiðar, með síðari breytingum.

Úthlutun leyfis fer fram á grundvelli starfsreynslu við akstur leigubifreiðar, sbr. 6. gr. reglugerðarinnar.


Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu Samgöngustofu, www.samgongustofa.is.

Umsóknarfrestur er til og með 15. maí 2020.

Samgöngustofa 

Sími: 480 6000 · www.samgongustofa.is

Próun á fylgi flokkanna í skoðanakönnunum frá kosningum 2017



Stjórnarflokkarnir rétta úr kútnum

Þótt samanlagt fylgi stjórnarflokkanna þriggja hafi ekki mælst meira frá því í júní á síðasta ári er það enn um tíu prósentustigum undir kjörfylgi flokkanna. Rýnt er í þróun fylgis flokkanna í könnunum Zenter fyrir Fréttablaðið.

STJÓRN MÁL Ríkisstjórnarflokkarnir þrjú bæta allir við sig fylgi í könnun sem Zenter rannsóknir gerðu fyrir Fréttablaðið og greint var frá fyrr í vikunni. Samanlagt fylgi þeirra er nú tæp 43 prósent. Það hefur ekki mælst meira í könnunum Zenter frá því í júní í fyrra.

Flokkarnir þrjú mælast þó samtals með rúmlega tíu prósentustigum minna fylgi en þeir fengu í kosningunum haustið 2017.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið stærsti flokkurinn í öllum könnunum Zenter frá því að sú fyrsta var gerð fyrir Fréttablaðið í byrjun desember 2018. Í könnuninni nú mælist flokkurinn með 22,4 prósent og hefur ekki mælst stærri síðan í lok júní í fyrra.

Vinstri græn mælist nú með 11,8 prósent sem er það mesta síðan um miðjan október á síðasta ári. Enn á flokkurinn þó langt í land með að ná kjörfylgi sínu sem var 16,9 prósent.

Framsóknarflokkurinn bætir 0,2 prósentustigum við sig og er nú með 8,4 prósent. Flokkurinn hefur ekki fengið meira fylgi síðan í könnun í byrjun mars í fyrra.

Þótt samanlagt fylgi stjórnarflokkanna þriggja sé tæp 43 prósent sögðust um 60 prósent þeirra sem tóku afstöðu styðja ríkisstjórnina.

Samfylkingin virðist vera að festa sig vel í sessi sem stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn og næststærsti flokkur landsins. Þeirri stöðu hefur Samfylkingin haldið frá lokum júlí í fyrra. Flokkurinn missir að visu rúm tvö prósentustig frá síðustu könnun en hefur mælst yfir kjörfylgi allt tímabilið sem kannanirnar ná yfir.

Píratar mælast nú með 11,9 prósent og hafa líkt og Samfylkingin mælst yfir kjörfylgi allt umrætt tímabil. Flokkurinn fékk 9,2 prósent í kosningunum en fór hæst upp í rúm 15 prósent í könnun í lok júní í fyrra.

Töluverðar sveiflur hafa verið á fylgi Miðflokksins í könnunum Zenter fyrir Fréttablaðið. Flokkurinn fékk 10,9 prósent í kosningunum en mælist nú með 8,6 prósent. Í kjölfar Klaustursmálsins féll fylgi flokksins niður í 4,3 prósent í desember 2018. Í lok júlí í fyrra var það hins vegar komið upp í 13,4 prósent.

Viðreisn er þriðji stjórnarandstöðuflokkurinn sem hefur mælst yfir kjörfylgi í öllum könnunum. Flokkurinn fékk 6,7 prósent í kosningunum en mælist nú með 9,8 prósent. Hæst fór fylgið í september í fyrra þegar það var rúm 12 prósent. Flokkur fólksins hefur ekki náð kjörfylgi sínu í neinni af könnunum en flokkurinn fór nálægt því í mars síðastliðnum. Í kosningunum fékk flokkurinn 6,9 prósent en mælist með 4,4 prósent nú. Flokkurinn hefur mælst undir fimm prósentu markinu allt frá júní í fyrra ef könnunin í mars er undanskilin.

Sósíalístaflokkurinn hefur sótt í sig veðrið í könnunum á þessu ári. Í janúar mældist flokkurinn með 5,2 prósent en hefur verið með 4,5 prósent í síðustu tveimur könnunum. sighvatur@frettabladid.is

Framsókn með 16 prósent á landsbyggðinni

Ef rýnt er í niðurstöður síðustu könnunar Zenter rannsókna kemur ýmislegt fróðlegt í ljós. Misjafnt er hvernig fylgi flokkanna skiptist eftir búsetu fólks. Þannig styðja 16 prósent íbúa landsbyggðarinnar Framsóknarflokkinn, en aðeins rúm fjögur prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins.

Miðflokkurinn sækir einnig fylgi sitt frekar á landsbyggðina þar sem flokkurinn nýtur tæplega 12 prósentu stuðnings. Á höfuðborgarsvæðinu styðja rúm sjö prósent flokkinn.

Dæmið snýst við hjá Viðreisn. Flokkurinn er með tæplega 13 prósentu stuðning á höfuðborgarsvæðinu en rúmlega fjögur prósent á landsbyggðinni.

Samfylkingin er einnig mun sterkari á höfuðborgarsvæðinu þar sem flokkurinn mælist með rúm 17 prósent, á móti tæpum 11 prósentum á landsbyggðinni.

Munurinn er minni hjá öðrum flokkum en þó eru Sjálfstæðisflokkur, Vinstri græn og Píratar heldur sterkari á höfuðborgarsvæðinu en landsbyggðinni.

Sem fyrr skera Vinstri græn og Miðflokkurinn sig úr, þegar horft er á stuðning eftir kyni. Þannig styðja

rúm 19 prósent kvenna Vinstri græn en aðeins rúm sex prósent karla. Miðflokkurinn nýtur stuðnings tæplega 11 prósentu karla en tæplega sex prósentu kvenna.

Ef horft er á tekjur einstaklinga kemur í ljós að stuðningur við Sjálfstæðisflokkinn fer vaxandi með auknum tekjum. Þannig styðja 35 prósent þeirra sem hafa tekjur yfir 800 þúsund á mánuði flokkinn. Stuðningurinn er hins vegar 15 prósent hjá þeim sem eru með minna en 400 þúsund.

Mynstrið er svipað hjá Viðreisn þar sem stuðningurinn er 17 prósent í hæsta tekjuhópnum en sex prósent í þeim lægsta. Píratar sækja sinn stuðning aftur á móti frekar í tekjulægri hópana. Í lægsta tekjuhópnum styðja 17 prósent Pírata en um niu prósent í þeim hæsta.

Stuðningur við Sósíalístaflokkinn og Flokk fólksins er áberandi mestur í lægsta tekjuhópnum, en Miðflokkurinn sækir frekar fylgi sitt til tekjuhærra hópa. Vinstri græn og Samfylkingin njóta mests stuðnings hjá þeim sem eru með 600-799 þúsund á mánuði en minna í öðrum hópum.

Þín stund
Café



PANNING Eymundsson

AUSTURSTRÆTI • SKÓLAVÖRÐUSTÍG • LAUGAVEGI • AKUREYRI • VESTMANNAEYJUM

Við gætum fyllsta hreinlætis og fylgjum ráðleggingum um sóttvarnir í öllum okkar viðskiptum.



Honest
organic coffee

DAG HVERN LESA

93.000

ÍSLENDINGAR
FRÉTTABLAÐIÐ
AÐ MEÐALTALI

HEIÐIÐ FRÉTTABLAÐIÐ GÁFUP OKT 03.2019.12.30.ÁR.
HEIÐIÐ FRÉTTABLAÐIÐ GÁFUP OKT 03.2019.12.30.ÁR.
HEIÐIÐ FRÉTTABLAÐIÐ GÁFUP OKT 03.2019.12.30.ÁR.

BAK
ARÍ
ID

Meira steinbakað

Nú færðu bakkelsið okkar
í umhverfisvænni umbúðum



Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP

VR óskar eftir tilboðum fyrir félagsmenn

VR óskar eftir samstarfi við ferðapjónustuaðila sem hafa áhuga á að veita félagsmönnum VR tilboð eða afslætti fyrir sumarið 2020.

Áhugasamir sendi upplýsingar á vr@vr.is fyrir 1. júní 2020.

Eftirfarandi upplýsingar þurfa að fylgja:

- Merki eða mynd til birtingar á vef VR
- Stutt lýsing
- Tengill á vefsíðu
- Gildistími tilboðs

Tilboð verða birt á vef VR – vr.is/tilbod

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 510 1700 | WWW.VR.IS

VR



Aukning hefur verið í beiðnum um fjárhagsaðstoð. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Vilja slaka á reglunum um fjárhagsaðstoð

Tillaga um eingreiðslur og tilslakanir á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg vegna COVID-19 voru samþykktar í vikunni. Tillögurnar fela í meðal annars sér eingreiðslu til forsjáraðila sem fengið hafa fjárhagsaðstoð frá borginni.

COVID-19 „Við erum að reyna að standa með því fólki sem þarf þessa neyðaraðstoð til framfærslu, sam-eiginlegt markmið velferðarráðs er að koma í veg fyrir að börn búi við sára fátækt og þessi tillaga um eingreiðslu er liður í því,“ segir Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður velferðarráðs Reykjavíkur. Á fundi velferðarsviðs í vikunni voru samþykktar tillögur um eingreiðslur og tilslakanir á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg vegna COVID-19.

Tillögurnar fela meðal annars í sér eingreiðslu til forsjáraðila sem hlotið hafa fjárhagsaðstoð frá borginni í janúar, febrúar og mars. Greiðslan nemur 20 þúsund krónum með hverju barni sem er með skráð lögheimili hjá forsjáraðila. Í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins til velferðarsviðs segir Regina Ástvaldsdóttir sviðsstjóri að eingreiðslan muni skipta barnafólk verulegu máli. „Margir foreldrar hafa talað um að það hafi verið dýrara að halda heimili með börn að undanförun þar sem þau séu meira heima,“ segir hún.

Tillögurnar sem samþykktar voru á fundi í velferðarráði fara til staðfestingar í borgarráði og taka ekki gildi fyrr en eftir samþykkt þar. Fari svo að þær verði samþykktar má gera ráð fyrir að kostnaður við tillögurnar verði á bilinu 20-25 milljónir króna á þriggja mánaða tímabili. Þá er gert ráð fyrir að samþykktin verði afturvirk til 1. maí og gildi til 30. júní.

Um er að ræða greiðslu með 481 barni á aldrinum 0-17 ára. 306 eru börn einstæðra mæðra, 23 börn einstæðra fedra og 152 eru börn hjóna eða sambúðarfólks. Beinn kostnaður við þann lið tillögunnar er 9,6 milljónir króna.

Þá er einnig lagt til að fallið verði frá kröfu um að þeir einstaklingar sem séu án bótaréttar skili inn staðfestingu á virkri atvinnuleit og tekjuviðmið verði hækkað tímabundið, það er að tekjur fyrri mánaðar, allt að 300 þúsund krónum, dragist ekki frá fjárhæð fjárhagsaðstoðar í fyrsta umsóknarmánuði.

Markmið velferðarráðs er að koma í veg fyrir að börn búi við sára fátækt.

Heiða Björg Hilmisdóttir

Regina segir úrræðið skipta sköpum fyrir töluvert stóran hóp fólks. „Við erum yfirleitt með á bilinu 50 til 80 manns á mánuði sem koma nýir inn og fá annaðhvort höfnun á fjárhagsaðstoð eða skerðingu vegna tekna fyrri mánaðar, ef þær fara yfir 207 þúsund sem hefur verið viðmiðið en verður nú 300 þúsund,“ segir hún.

Einnig var samþykkt tillaga um að umsækjandi um fjárhagsaðstoð sem er í hjónabandi og maki hans staddur erlendis, fái greidda fulla fjárhagsaðstoð eða skerðingu vegna tekna fyrri mánaðar, ef þær fara yfir 207 þúsund sem hefur verið viðmiðið en verður nú 300 þúsund,“ segir hún.

Aukning hefur verið í fjölda þeirra sem hljóta fjárhagsaðstoð frá borginni það sem af er ári og segir Regina að búast megi við enn meiri aukningu í maí og júní vegna COVID-19. Séu fyrstu þrjú mánuðir ársins bornir saman við sama tíma árið áður má greina aukningu á bilinu 11-15 prósent.

Meðalfjöldi þeirra sem hlutu mánaðarlegan framfærslustyrk frá borginni árið 2019 var 1.053 einstaklingar og í upphaflegri áætlun fyrir árið 2020 var gert ráð fyrir að fjöldinn færi upp um 23 einstaklinga. Með nýjum sviðsmyndum þar sem áhrif COVID-19 hafa verið sett inn má áætla að fjöldinn geti farið upp í 1.450 einstaklinga að meðaltali á þessu ári.

birnadrofn@frettabladid.is

STEYPUBLANDA

Ný steypublanda með mól í sem auðveldar alla verkframkvæmd.

VELJUM ÍSLENSKT

BM-VALLÁ
Sérblöndur

BM-VALLÁ
Blöndur

Steypa í poka

Þarf bara að bæta við vatni

25% afsláttur

Steypublanda hentar fyrir ýmis smærri verk:

- Til að steypa í hólka
- Til að steypa meðfram hellum
- Til viðgerða á veggjum, köntum, þrepum, stéttum o.fl.
- Fyrir undirstöður undir palla
- Má nota í mót fyrir kanta, smáveggi og slíkt
- Og margt fleira

Steypublandan kemur í rykfríum pokum og steypustyrkur er **C-30**.

Við seljum einnig blikkhólka í verslun okkar á góðu verði.



Fæst í múrverslun BM Vallá, Breiðhöfða 3 og hjá helstu endursöluaðilum.

Stöndum vörð um íslenska framleiðslu.

BM-VALLÁ

Vissir þú að...

börn eiga rétt á að leika sér

Barnaheill
Save the Children á Íslandi



Við opnum á ný

Þriðjudaginn 12. maí n.k. munum við opna útibúin okkar um allt land. Opnunartími verður fyrst í stað skertur víða, en mun lengjast eftir því sem samkomuhöftum verður aflétt.

Í stærri útibúum mælumst við áfram til að viðskiptavinir bóki tíma með því að panta símtal á arionbanki.is. Einnig hvetjum við til að allir sem eiga þess kost nýti stafrænar þjónustuleiðir bankans.

Allar nánari upplýsingar um opnunartíma útibúanna er að finna á arionbanki.is/utibu.

Nýttu þér þjónustuleiðir okkar



Arion appið



Þjónustuver í
síma 444 7000



Netspjall á
arionbanki.is



Netbankinn



Hraðbankar
víða um land



arionbanki@arionbanki.is

arionbanki.is



Lýðræði Ungverjalands á undanhaldi

Bandarísk hugveita segir Ungverjaland ekki lengur lýðræðisríki. Undir forystu þjóðernissinnans Viktor Orbán er sótt að grunnstöðum lýðræðisins, dregið hefur úr sjálfstæði dómstóla og málfrelsi verið heft. Ný neyðarlög gefa honum nær ótakmörkuð völd.

Davíð Stefánsson
david@frettabladid.is



Ungverjaland telst ekki lengur til lýðræðisríkja, að mati bandarísku hugveitunnar Freedom House, sem birtir árlega skýrslu um stöðu lýðræðis. Hugveitan er óháð stofnun sem hefur vakt að þróun lýðræðis- og mannréttindamála allt frá árinu 1972.

Í skýrslum Freedom House er ríkjum gefin lýðræðiseinkunn. Samkvæmt því hefur einkunn Ungverjalands lækkað verulega. Lýðræði þar hefur hnignað mikið og sótt er að stjórn mála- og borgararéttindum. Landið stendur nú á mörkum einræðis og lýðræðis.

Hugveitan segir einnig neikvæða lýðræðisþróun vera í öðrum Mið-Evrópuríkjunum; Ungverjalandi, Svartfjallalandi og Serbíu. Þá stefni Pólland í sömu átt.

Þjóðernissinninn Orbán

Eftir að hafa verið forsætisráðherra Ungverjalands frá árinu 1998 til 2002, varð Viktor Orbán forsætisráðherra árið 2010. Hann hefur leitt þjóðernissinnaða íhaldsflokkinn Fidesz. Sjálfur segist Orbán stefna að uppbyggingu „ófrjálslýnds lýðræðis“.

Orbán hefur ítrekað verið sakaður um einræðistilburði bæði heima fyrir og á alþjóðavettvangi. Menn segja hann fara gegn ungversku réttarríki með því að draga úr sjálfstæði dómstóla og hefta málfrelsi. Ítrekað sé ráðist að grunnstöðum lýðræðis í landinu. Ríkisstjórn undir forystu flokksins Fidesz hefur hamlad starfsemi stjórnarandstöðunnar, blaðamanna, háskóla og frjálsra félagasamtaka sem falla ekki að opinberum skoðunum. Réttindi transfolks eiga ekki upp á pallborðið.

Í viðtali við dagblaðið Wall Street Journal árið 2013, sagði Orbán að á erfiðleikatímum þyrfti ekki að stjórna með lýðræðisstofnunum. Á slíkum tímum þurfi sterka leiðtoga.

Neyðarlög veita ótakmörkuð völd

Í þeim anda heimilaði ungverska þingið, nú í apríl, Orbán að stjórna landinu með því að veita honum nær ótakmörkuð völd í ótilgreindan tíma, með tilskipunum, til þess að bregðast við kórónaveirufaraldrinum. Lögin hafa fengið hörð viðbrögð á alþjóðavettvangi. „Orbán er í raun orðinn einræðisherra – í hjarta Evrópu,“ sagði breska tímaritið Economist nú í apríl. „Hann gæti afsalað sér einhverjum af



Hinn þjóðernissinnaði Viktor Orbán hefur ítrekað verið sakaður um einræðistilburði, bæði heima fyrir og á alþjóðavettvangi. Hann segir að á erfiðum tímum aukist þörfin fyrir sterka leiðtoga. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

nýfengnum völdum sínum eftir heimsfaraldurinn, bara til að afsanna gagnrýni á sig, en gæti þó ekki þvegið af sér alla gagnrýni.“

Kenneth Roth, framkvæmdastjóri Mannréttindavaktarinnar (e.

Human Rights Watch), alþjóðlegra samtaka sem berjast fyrir auknum mannréttindum um allan heim, gengur svo langt að segja 10 milljón íbúa Ungverjalands nú búa við einræðisstjórn.

ESB og Norðurlönd vara við þróuninni

Lýðræðisþróunin hefur kallað fram gagnrýni Evrópusambandsins og samtaka sem byggja á ákveðnum lýðræðisgildum. Hin nýju lög til að hefta útbreiðslu kórónaveirunnar hafa meðal annars verið gagnrýnd af Ursulu von der Leyen, forseta framkvæmdastjórnar ESB. Hún sagði að vissulega yrði að beita neyðarúrræðum gegn faraldrinum, en þær aðgerðir yrðu að vera hóflegar, innan ákveðins tímaramma og ákvarðanirnar yrðu að taka á lýðræðislegan hátt.

Norðurlandþjóðirnar hafa einnig lýst yfir áhyggjum af þróuninni í Ungverjalandi. Í skýrslu sinni til Norska stórþingsins í vikunni gerði Ine Eriksen Søreide, utanríkisráðherra Noregs, Ungverjaland að umtalsefni. Hún minnti á að réttarríkið væri til að tryggja lýðræði og mannréttindi. Það væri ekki sist mikilvægt á erfiðum tímum eins og nú. Öll löggjöf yrði að taka mið af því, vera takmörkuð í tíma og virða mannréttindi. Að mati Søreide er mikið áhyggjuefni hvernig stjórnvöld í Ungverjalandi nýti nú faraldurinn til að auka styrk eigin valds. Hún sagði Noreg stöðja viðleitni Evrópusambandsins til að stöðja við þróun réttarríkis í Ungverjalandi.

Kurz biðst ekki afsökunar á útbreiðslunni

AUSTURRÍKI Sebastian Kurz, kanslari Austurríkis, neitar að biðja Íslendinga og fleiri þjóðir afsökunar á útbreiðslu COVID-19 faraldursins. Yfirvöld í Týrol eru sökuð um að hafa hylmt yfir smit og reynt að gera lítið úr faraldrinum.

Stendur nú yfir hópálssókn gegn ríkisstjóranum, Gunther Plattner, flokksbróður Kurz, og fleirum vegna þessa. Þrjú Íslendingar taka þátt í málssókninni, en stór hópur Íslendinga smitaðist á skíðasvæðinu í bænum Ischgl. Íslensk sóttvarnaryfirvöld voru þau fyrstu til að benda Austurríkismönnum á að margir væru að koma þaðan smitadír.

Ég myndi aldrei krefjast afsökunarbeiðni frá Ítölum vegna þess að ítalskir gestir komu með veiruna inn á skíðasvæðin okkar.

Sebastian Kurz, kanslari Austurríkis.




Á blaðamannafundi sagði Kurz það engu skila að benda fingrum á einhverja vegna útbreiðslunnar.

„Ég myndi aldrei krefjast afsökunarbeiðni frá Ítölum vegna þess að ítalskir gestir komu með veiruna inn á skíðasvæðin okkar. Þeir gestir ætluðu alls ekki að dreifa veirunni.“

Meira en fimm þúsund manns hafa skræð sig á lista austurrísku neytendasamtakanna, VSV, sem standa að hópálssókninni, flestir þjóðverjar. Sumir þeirra eru aðstandendur fólks sem lést af völdum COVID-19 eftir heimkomu.

Á blaðamannafundinum tilkynnti Kurz að takmörkunum yrði að hluta til aflétt þann 15. maí. Þá hvatti hann landa sína jafnframt til að kaupa innlendar vörur til að styðja við efnahaginn. – khg



STRANDSVÆÐISSKIPULAG Á VESTFJÖRÐUM

Hafin er vinna við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum á grundvelli laga um skipulag haf- og strandsvæða.

Lýsing

Svæðisráð auglýsir lýsingu verkefnisins, þar sem gerð er grein fyrir hvernig fyrirhugað er að standa að gerð strandssvæðisskipulagsins. Lýsingin er aðgengileg hjá Skipulagsstofnun og á hafskipulag.is frá **7. maí** til **1. júní 2020**. Nálga má prentað eintak hjá Skipulagsstofnun.

Allir eru hvattir til að kynna sér lýsinguna og koma á framfæri ábendingum um nálgun og efnistöð í skipulagsvinnunni. Ábendingar þurfa að vera skriflegar og má koma á framfæri bréfléiðis til Skipulagsstofnunar, með tölvupósti á hafskipulag@skipulag.is eða á athugasemdagátt á hafskipulag.is. Frestur til að koma á framfæri ábendingum er til **1. júní 2020**.

Lýsingin er kynnt samkvæmt 11. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða.

Samráðsvefsjá

Hvernig nýtir þú þér strandsvæði Vestfjarða? Hverjar eru þínar hugmyndir fyrir framtíð svæðisins?

Taktu þátt á hafskipulag.is

Kynningarfundur

Kynningarfundur um lýsinguna verður haldinn sem veffundur þann **12. maí, kl. 15.00** í streymi á Facebook síðu Skipulagsstofnunar.

Nánari upplýsingar má nálgast á hafskipulag.is.

Skipulagsstofnun - Borgartúni 7b - 105 Reykjavík



STRANDSVÆÐISSKIPULAG Á AUSTFJÖRÐUM

Hafin er vinna við gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum á grundvelli laga um skipulag haf- og strandsvæða.

Lýsing

Svæðisráð auglýsir lýsingu verkefnisins, þar sem gerð er grein fyrir hvernig fyrirhugað er að standa að gerð strandssvæðisskipulagsins. Lýsingin er aðgengileg hjá Skipulagsstofnun og á hafskipulag.is frá **7. maí** til **1. júní 2020**. Nálga má prentað eintak hjá Skipulagsstofnun.

Allir eru hvattir til að kynna sér lýsinguna og koma á framfæri ábendingum um nálgun og efnistöð í skipulagsvinnunni. Ábendingar þurfa að vera skriflegar og má koma á framfæri bréfléiðis til Skipulagsstofnunar, með tölvupósti á hafskipulag@skipulag.is eða á athugasemdagátt á hafskipulag.is. Frestur til að koma á framfæri ábendingum er til **1. júní 2020**.

Lýsingin er kynnt samkvæmt 11. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða.

Samráðsvefsjá

Hvernig nýtir þú þér strandsvæði Austfjarða? Hverjar eru þínar hugmyndir fyrir framtíð svæðisins?

Taktu þátt á hafskipulag.is

Kynningarfundur

Kynningarfundur um lýsinguna verður haldinn sem veffundur þann **13. maí kl. 15.00** í streymi á Facebooksíðu Skipulagsstofnunar.

Nánari upplýsingar má nálgast á hafskipulag.is.

Skipulagsstofnun - Borgartúni 7b - 105 Reykjavík

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
5

AUDI e-tron 55
Kjarakaup: 11.290.000
Fullt verð: 12.590.000
Afsláttur: 1.300.000 kr

Vistvænn



KJARAKAUP

Takmarkað
magn

Byrjaðu sumarið á nýjum bíl!

HEKLA býður einstök kjör á takmörkuðu magni nýrra sýningarbíla, reynsluaksturbíla og fleiri valdra bíla frá Audi, Volkswagen, Skoda og Mitsubishi. Úrvalið má skoða í sýningarsalnum okkar á netinu.

hekla.is/kjarakaup

VW Golf GTE Comfort / Rafm. / Bensín / Sjálfsk. Afsláttur

KJARAKAUP 4.990.000 kr. **1.000.000 kr.**
Fullt verð: 5.990.000 kr.



Vistvænn



Skoda Octavia Ambition / Bensín / Sjálfsk. Afsláttur

KJARAKAUP 3.990.000 kr. **1.050.000 kr.**
Fullt verð: 5.040.000 kr.



MMC ASX Invite / Bensín / Beinsk. Afsláttur

KJARAKAUP 3.990.000 kr. **800.000 kr.**
Fullt verð: 4.790.000 kr.



VW Amarok Double Cab / 4x4 / Sjálfsk. Afsláttur

KJARAKAUP 7.490.000 kr. **970.000 kr.**
Fullt verð: 8.460.000 kr.



4X4

MMC Outlander PHEV Invite / 4x4 / Rafm. / Bensín / Sjálfsk. Afsláttur

KJARAKAUP 4.890.000 kr. **400.000 kr.**
Fullt verð: 5.290.000 kr.



4X4

Vistvænn



Skoda Superb L&K / 4x4 / Dísl / Sjálfsk. Afsláttur

KJARAKAUP 6.790.000 kr. **1.000.000 kr.**
Fullt verð: 7.790.000 kr.



4X4

80 ÁR FRÁ HERNÁMI



Friðþór Eydal
rithöfundur
og fyrrverandi
upplýsingafull-
trúi varnarliðs-
ins á Keflavíkur-
flugvelli.

Satt og logið um hernámið og herasetuna

Friðþór Eydal hefur rannsakað umsvif erlendra herja á Íslandi, meðal annars í skjalasöfnum þeirra. Margt reynist ekki eins og almannarómur hafði fyrir satt og Friðþór varpar ljósi á staðreyndirnar.

Mikil hætta stöðjandi þó að siglingunum og hugkvæmdist forsetanum að senda bandarískt herlið til Íslands og láta Bandaríkjaflota þar með veita herskipavernd á siglingaleiðum austur á mitt Atlantshaf. Sömdu ríkisstjórnir Íslands, Bretlands og Bandaríkjanna um það sumarið 1941 að bandarískt herlið skyldi taka við vörnum landsins og leysa breska hernámsliðið smám saman afhólmi.

Hernámi Breta lauk formlega 22. apríl 1942 þegar meginliðsstyrkur þeirra hvarf heimleiðis, en breski flotinn og flugherinn, sem léku aðalhlutverk í baráttunni við þýska flotann á norðaustanverðu Atlantshafi, starfði áfram í landinu með Bandaríkjaher þar til eftir stríðslok.

Hvalfjörður lék stórt hlutverk Bandamenn höfðu mikinn viðbúnað til þess að hefta siglingar þýskra herskipa og kafbáta og verja skipaleiðir á Atlantshafi. Varnir landsins miðuðust fyrst og fremst

við svæði þar sem voru hafnir, eða aðstaða til flugvallagerðar og starfsemi sjóflugvéla með vegartengingu við aðra landshluta, svo sem á Suðvesturlandi, við Húnaflóa, Eyjafjörð og á Austurlandi.

Viðbúnaður var mestur á höfuðborgarsvæðinu, en Reykjavíkurhöfn var lykkillinn að liðs- og birgðaflutningum til landsins. Umsvifin voru í meðallagi á Norðurlandi og fremur lítil á Austurlandi, enda vegatengingar við þá landshluta fremur frumstæðar. Bretar lögðu flugvelli í Kaldadarnesi og Reykjavík en Bandaríkjamenn reistu stóra flugbækistöð við Keflavík, sem lék stórt hlutverk í miklum loftflutningum þeirra til Bretlands.

Eftirlitsskip og fylgdarskip skipalesta höfðu aðstöðu í Hvalfirði og áðu einnig í Seyðisfirði. Hvalfjörður lék stórt hlutverk í siglingum skipalesta með hergögn og birgðir frá Bretlandi og Bandaríkjunum til sovískra hafna á Kólaskaga og við Hvítahaf mest reiddi á, 1941 og 1942.

Heildarheraflinn í landinu var nærri 50.000 þegar mest var, sumarið 1943, og hafði um 80 prósent hans aðsetur á höfuðborgarsvæðinu og Suðvesturlandi. Landsmenn sjálfir voru einungis um 120.000 í upphafi hernámsins og íbúar Reykjavíkur um 40.000.

Varpað í hringiðu hildarleiks Götur höfuðborgarinnar og nærliggjandi bæja fylltust af einkennisbúnum mönnum sem hrifnir voru frá verkum sínum og varpað í hringiðu mesta hildarleiks mannkynsögunnar.

Landsmönnum þótti í fyrstu margt framandi í fari erlendu gestanna sem gerðu hlutina með sínum hætti. Undrudust þeir ýmislegt sem fylgdi varnarviðbúnaðinum og rekstri herliðsins. Hentu margir gaman að því sem ekki samræmdist þeirra eigin háttum, en gáfu ef til vill minni gaum að þeirri dauðans alvöru sem bjó að baki.

Kærkomin umskipti

Þótt þröngt væri á þingi tókst sambúð landsmanna við hina framandi gesti furðu vel. Í árslok 1942 var ekki lengur talin hætta á innrás Þjóðverja og sumarið eftir var stór hluti bandaríska herliðsins fluttur til Bretlands til þjálfunar fyrir innrásina á meginland Evrópu. Nýr og miklu fámennari liðsafl kom þá til landsins en hélt að mestu sömu leið árið 1944.

Flestir bresku og bandarísku hermennirnir sem eftir sátu í stríðslok störfuðu á Reykjavíkur- og Keflavíkurflugvelli og hurfu þeir síðustu til sins heima voriddi 1947.

Síðari heimsstyrjöldinni hefur verið lýst sem mesta umbrotatíma í sögu Íslendinga. Markaðir opnuðust í Bretlandi og Bandaríkjunum fyrir flestar útflutningsafurðir á

margföldu verði og hleypti það, ásamt atvinnu sem skapaðist við fjölbreytt umsvif herliðsins, af stað gríðarlegum efnahagslegum uppgangi. Umskiptin voru kærkomin eftir langvarandi stöðnun og kreppu og grunnur var lagður að nútímavæðingu og velmegun þjóðarinnar.

Íslendingar voru ekki þátttakendur í hernáðinum en bækistöðvar bandamanna og aðstaða í landinu átti þátt í að flýta fyrir sigri í styrjöldinni. Landsmenn veittu mikilvægan stuðning, t.d. með sölu matvæla og annarra framleiðsluvara sem kom Bretum afar vel.

Þótt styrjöldin færði þjóðinni auðsæld og umbætur fór hún ekki varhluta af ögnum hennar. Alls fórust 151 Íslendingar af hernáðarvöldum, svo fullvíst sé talið, og skjótur efnahagsuppgangur og herseta höfðu langvarandi þjóðfélagsumrót í för með sér.

Bandamenn misstu alls nærri 900 manns hér við land og í stríðslok hvíldu 510 erlendir hermenn og sjómenn í íslenskri mold. Þar af voru rúmlega 200 Bandaríkjamenn en líkamsleifar þeirra voru síðar fluttar til heimalandsins.

Bábiljurnar leiðréttar

Hér hefur verið stiklað á stóru um helstu staðreyndir, en margvíslegar bábiljur sem snemma fengu byr undir báða vængi heyrast enn. Er því ekki úr vegi að skýra og leiðrétta ýmislegt sem misskilningi kann að valda.

Hernámi Breta lauk formlega 22. apríl 1942 og við tók umsamin hervernd Bandaríkjanna.

Herliðið tók sér í fyrstu bólfestu í fjölmörgum byggingum sem sumar stóðu auðar, en reistu síðan

Þú getur unnið í gæðinum

Gerðu gæðinn frægan með einum músarsmelli og
kaupu miðann þinn á **das.is**. Dregið vikulega.



das.is



MARIBO

Hornsófi í Maribo línunni. Fæst hægri eða vinstri. Fall-eg, stílhrein skandinavísk hönnun. Dökk- eða ljósgrátt, slitsterkt áklæði. Stærð: 236,5 x 208 x 78,5 cm

143.992 kr.
~~179.990 kr.~~



VERA

Glæsilegur 3ja sæta sófi frá Furninova. Eros Mustard, sinnespulgult sléttflauel. Tveir sívalir púðar í sama áklæði fylgja. Stærð: 226 x 96 x 85 cm

199.992 kr.
~~249.990 kr.~~



MARIBO

Tungusófi í Maribo línunni Fæst hægri eða vinstri. Falleg, stílhrein skandinavísk hönnun. Dökk- eða ljósgrátt, slitsterkt áklæði. Stærð: 237 x 139 x 78,5 cm

111.992 kr.
~~139.990 kr.~~



CONNECT

Tungusófi úr mjúku Danny áklæði. Með viðarfætur. Tunga færast auðveldlega milli hægri og vinstri. Breidd tungu: 83 cm. Stærð: 230 x 160 x 88 cm

151.992 kr.
~~189.990 kr.~~



PINTO

4ra sæta sófi úr sterku bonded leðri (leðurblöndu). Fánlegur koníaksbrúnn eða steingrár. Fætur úr sterku, svörtu járn. Stærð: 253 x 97 x 85 cm

175.992 kr.
~~219.990 kr.~~



SCOTT

Hornsófi úr sterku koníaksbrúnu bonded leðri (leðurblöndu). Innra byrði púðanna er úr kaldpressuðum svampi, trefjafyllingu og loks mjúku yfirlagi. Fæturnir eru sterkir úr svörtu járn. Fæst með hægri eða vinstra horni (ekki færarlegt). Stærð: 293 x 217 x 85 cm.

215.992 kr.
~~269.990 kr.~~



SCOTT

2ja og 3ja sæta sófar sterku koníaksbrúnu eða steingráu bonded leðri (leðurblöndu). Innra byrði púðanna er úr kaldpressuðum (mjög endingargóðum) svampi, trefjafyllingu og loks mjúku yfirlagi. Fæturnir eru sterkir úr svörtu járn.

Stærð 2ja sæta: 164 x 97 x 85 cm
119.992 kr. ~~149.990 kr.~~

Stærð 3ja sæta: 206 x 97 x 85 cm
143.992 kr. ~~179.990 kr.~~



CUBO

Sérlega vandaður og veglegur ítalskur svefnsófi. Bak er dregið fram á einfaldan hátt til að opna fjaðrandi stálgrind. Heil (laus) 194x140x13 cm svampdýna sem fylgir. Fæst blágrænn og ljósgrár.

151.920 kr.
~~189.900 kr.~~



SICILIA

2ja og 3ja sæta sófar, brúnt bonded leður. Einnig fánlegir sófaskemlar og stólar og í áklæði.

2ja sæta bonded leður
115.992 kr. ~~144.990 kr.~~

3ja sæta bonded leður
131.992 kr. ~~164.990 kr.~~

Reykjavík 12 - 18 virka daga
Bíldhöfði 20 12 - 17 laugardaga
13 - 17 sunnudaga

Akureyri 12 - 18 virka daga
Dalsbraut 1 12 - 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Afsláttarverð gilda til 11. maí eða á meðan birgðir endast



SÓFA DAGAR

ALLIR 20% SÓFAR AFSLÁTTUR



RIMINI

Flottur sófi sem fæst í 2,5 og 3ja sæta í sinnepsgulu eða brúnu velúrklæði með djúpa, samlita hnappa í baki. Sófinn hefur sterka, svarta járnfætur. Fyrir betri endingu er svampurinn í innra byrði sófanna kaldpressaður. Retró útlit og nútímapægindi.

2,5 sæta, stærð: 176 x 90 x 72 cm

95.992 kr. ~~119.990 kr.~~

3ja sæta, stærð: 216 x 90 x 72 cm

103.992 kr. ~~129.990 kr.~~



VISION

Tungusófi í svörtu leðri, vinstri tunga. Innra byrði þúðanna er úr kaldpressuðum svampi en efsta lag hans er sérlega mjúkt. Virkilega kósí sófi, einnig fást hnakkapúðar fyrir enn meiri þægindi. Stærð: 294 x 170 x 84 cm

319.992 kr. ~~399.990 kr.~~

Þú finnur bæklinginn
husgagnahollin.is

 HÚSGAGNA
HÖLLIN

80 ÁR FRÁ HERNÁMI

Framhald af síðu 12 ◀

herbúðir víða á leigulóðum. Engin mannvirki eða lóðir voru tekin án samninga og endurgjalds til eigenda, sem miðaðist við gangverð í landinu.

Stóraukin dýrtíð olli því þó að endurgjaldið rýrnaði þegar frá leið, en fékkst að hluta bætt í gegnum skaðabótanefndir sem í sátu fulltrúar hersins og íslenskra stjórnvalda. Þeir sem fært gátu sönnur á að hafa farið halloka í viðskiptum hlutu bætur frá ríkissjóði að styrjöldinni lokinni.

Breska orrustuskipið HMS Hood lagði ekki upp frá Hvalfirði í sína hinstu för vorið 1941, heldur var á leið þangað frá Orkneyjum þegar því var snúið til vesturs í veg fyrir þýska orrustuskipið Bismarck. Hood var grandað um það bil miðja vegu milli Reykjanes og Hvarfs á Grænlandi en ekki skammt undan Reykjanesi. Ógerlegt er talið að sprengjudrunurnar hafi borist alla leið til Reykjavíkur.

Ofmetinn fjöldi hermanna

Hermannafjöldi í landinu hljóp ekki á hundruðum þúsunda, eins og sumir landsmenn ályktuðu af umsvifunum sem þeir urðu vitni að, heldur fór mest í tæplega 50 þúsund.

Hernaðaryfirvöld gerðu reyndar í því að láta líta út fyrir að liðsaflinn væri miklu meiri, til þess að láta Þjóðverja halda að innrás í Noreg væri yfirvofandi frá Íslandi og Bretlandseyjum.

Heraflinn var minnstur á Austurlandi, þar sem hann fór mest í um 800 á Seyðisfirði en fluttist síðar að stórum hluta til Reyðarfjarðar. Þar náði hann hámarki rúmlega 900 í tíð breska, kanadíska og norska hersins árið 1942 og í rúmlega 1.200 eftir að Bandaríkjamenn höfðu tekið við haustið 1942, en var ekki mörg þúsund eins og gjarnan er haldið fram fyrir austan.

El Grillo ekki sökk úr landi

Önnur saga að austan segir að oliubirgðaskipinu El Grillo, sem laskaðist í sprengjuárás þýskra flugvéla á skipalæginu í Seyðisfirði en sökk ekki alveg strax, hafi verið sökk sama kvöld af hermönnum úr landi svo forðast mætti endurtekningu árásarinnar síðar.

Hið rétta er að afturhluti skipsins flaut á vélarrúminu og þunna lofthylki (e. kofferdum) milli þess og aftasta birgðatanksins, þar til millipiði lét undan þunganum um kvöldið og skuturinn hvarf í djúpið. Íslendingar eru oft sagðir hafa fært hlutfallslega meiri fórnir í fjölda látinna af hernaðarvöldum en t.d. Bandaríkjamenn. Þessi staðhæfing er löngu afsönnuð. Bandaríkjamenn misstu um 2,3 af hverjum eitt þúsund íbúum á öllum vígstöðvum, en Íslendingar 151 af hernaðarorsökum svo víst verði talið, eða 1,2 á hverja eitt þúsund íbúa.

Íslendingar ekki þátttakendur

Landsmenn voru ekki þátttakendur í hildarleiknum en allmargir íslenskir sjómenn sigldu á farskipum sem fluttu nauðsynjavörur til landsins og fiskiskipum með afla til sölu á mörkuðum í Bretlandi. Einnig réðust nokkrir ungir sjómenn á erlend farskip, oftast í ævintýraleit. Því miður komust ekki allir alltaf heilir heim úr þeim ferðum, en það var fremur afleiðing, heldur en þátttaka í átökum og reyndar engin nýlunda, enda sjómennska jafnan nokkurt hættuspil.

Þjóðverjar litu á siglingar Íslendinga til Bretlands sömu augum og bandamenn á siglingar norskra og danskra skipa á hersetnum heimaslóðum sínum, það er í þágu óvinarins og eirðu engu.

Alls förust um 410 íslenskir sjómenn og farþegar af almennum slysförum eða hernaðarvöldum á styrjaldarárunum sex, auk fjögurra sem urðu fyrir banaskotum hermanna eða sprengjubrotum. Virð-



ist sem sú heildartala hafi snemma verið höfð ranglega til marks um fórnir Íslendinga í samanburði við aðrar þjóðir.

Til samanburðar við þá 260 sjómenn og farþega sem ekki förust af hernaðarvöldum, svo víst sé talið, förust samkvæmt skýrslum Slysavarnafélags Íslands að meðaltali um 200 sjómenn á þremur sex ára tímabilum á áratugnum fyrir stríð. Að teknu tilliti til mjög aukinnar sóknar og ástands skipastólsins á stríðsárunum, má því álykta að hlutfallslegur mannskaði af öllum orsökum á sjó, hafi í reynd verið lítið tíðari en áratugin á undan.

Lítinn séns í íslenskar konur

Erlendu hermönnum varð alls ekki eins vel ástungt í samskiptum við íslenskar stúlkur og oft er látið í veðri vaka. „Ástandið“ svonefnda var raunar ekkert frábrugðið því

sem jafnan gerðist á stöðum sem ungir vermenn hópuðust til eða í síldarplássum, þótt fjöldi aðkomumanna næði óþekktum hæðum á stríðsárunum.

Langflestir hermanna kváðust ekki eiga neinn „séns“ í stúlkurnar, sem fæstar virtu þá viðlits.

Bandaríkjaher sem fjölmennastur var þegar á leið, lagði bann við giftingum liðsmanna sinna. Ákvörðunin var ekki einskorðuð við Ísland og byggðist á því að stjórnvöld vildu forðast að þurfa að annast framfærslu fjölskyldna sem stofnað væri til með óvissa framtíð og e.t.v. í einmanaleika fjarri heimahögum.

Allmikið er til af lýsingum á viðhorfi hermanna til landkosta eða ókosta og dvölinni í landinu almennt, en fremur lítið um viðhorf til landsmanna. Þetta stafar einfaldlega af því að sárafair kynnt-

ust í raun, eða áttu nán samtöl við, landsmenn.

Nú gerir fólk sér vart grein fyrir hversu tungumálakunnáttan var litil og erfiðlega gekk að eiga gagnleg samtöl þannig að fólk kynntist högum hvers annars í raun. Flest viðhorfin á báða bóga eru því byggð á því sem fólk sá úr fjarlægð, og upplifði í einhverjum tilvikum, en ekki síst á sögusögnum og getgátum sem gengu manna á milli í fásinninu, enda fréttaflutningi strangar skorður settar.

Þáru hver öðrum vel söguna

Þeir sem kynntust í raun sér um líkum, til dæmis liðsforingjar eða menntamenn, báru hverjir öðrum jafnan vel söguna og sama er að segja um þá sem áttu í viðskiptum eða bjuggu í návígi, til dæmis á smærri varðstöðvum á landsbyggðinni.

Herliðið flutti ógrynni tækja og búnaðar til landsins við uppbyggingu heraflans, til dæmis rúmlega 4.000 bifreiðar og önnur farartæki auk fjölda flugvéla, og reisti um 12.000 braggabyggingar ásamt 1.000 smærri stein- og timburhús í rúmlega 300 íbúðahverfum. Þrjú þúsund farartæki voru flutt aftur úr landi ásamt margvíslegum búnaði.

Árið 1944 samdist svo við ríkisstjórnir Bretlands og Bandaríkjanna um að íslenska ríkið annaðist kaup og endursölu á öllum fasteignum og búnaði sem ekki yrði fjarlægður, til þess að tryggja innheimtu lögboðinna aðflutningsgjalda. Fékk ríkissjóður eignirnar á vægu verði en yfirtók jafnframt skuldbindingar gagnvart landeigendum. Var Sölu nefnd setuliðs eigna sett á fót til að annast verkið ásamt því að bæta skemmdir á landeignum fyrir ágóða af endursölu til landsmanna.

Í allmörgum tilvikum fengu landeigendur greitt fyrir að sjá sjálfir um landlögun en heytust sumir á því og eru það nánast einu staðirnir þar sem mannvirki eða minjar standa eftir frá hersetunni, utan flugvallanna í Reykjavík og Keflavík og oliu- og hvalstöðvarinnar í Hvalfirði, sem voru áfram í notkun.

Heyrst hefur að hermanna fjöldi í Hvalfirði hafi skipt tugum þúsunda, en hið rétta er að bækistöðvar í

firðinum voru fremur faliðaðar en fjöldi sjóliða og sjómanna á skipum sem áðu þar gat auðvitað hlaupið á þúsundum, þótt fæstir fengu landgönguleyfi.

Í Hvalfirði gekk lengi sú saga að við lendingu léttbáta, skammt innan við Hvítanes, hafi verkamenn verið látnir smíða forlata tröppur fyrir komu Winstons Churchills, forsætisráðherra Breta, sem hafði viðdvöl á Íslandi eina dagstund sumarið 1941. Sagan er ólíkleg sökum þeirrar leyndar sem hvíldi yfir komunni og fullvíst er að Churchill steig alls ekki á land í Hvalfirði heldur einungis í Reykjavík.

Olnbogi Churchills

Sú saga er einnig útbreidd að sama dag hafi Churchill tyllt olnboganum á forlata arinhleðslu og mundað vindilinn fræga í söllum gamla flugvallarhótelins við Nauthólsvík. Það er auðvitað ómögulegt því hótelið var ekki tekið í notkun fyrr en sumarið 1945 og staðfest er að Churchill heimsótti ekki flugvallarsvæðið heldur leit einungis yfir það ofan af Öskjuhlíð. Hótelið samanstóð af nokkrum steinbyggingum sem enn standa og braggabyrpingu sem er löngu horfin. Bretar nefndu hótelið Winston eftir forsætisráðherranum og gæti þessi skemmtilega saga tengst því, en Íslendingar nefndu það Hótel Ritz eftir að þeir tóku við rekstrinum.

Talandi um braggið í Nauthólsvík eins og frægt er orðið vegna kostnaðar við „endurnýjun“ á vegum Reykjavíkurborgar, er vert að taka fram að umræddur braggi var áfastur steinhúsum gamla flugvallarhótelins og var, líkt og aðrir slíkir, einungis færanlegt einingahús sem standa skyldi um stuttan tíma.

Bragginn var heldur alls ekki endurnýjaður, en nýtt hús með bogalagi reist í hans stað með öllum þeim nýjungum og skilyrðum sem nútíma byggingarreglur krefjast. Auk þess voru að minnsta kosti tvö steinhúsanna endurnýjuð frá grunni, svo þau uppfylltu kröfur um samkomuhald og veitingarekstur.

Engir særðir hermenn að utan

Um hríð var útbreidd sú saga að stórir herspítalar hefðu verið reistir á Íslandi fyrir hermenn sem særðust á meginlandi Evrópu eftir innrás bandamanna í Normandi sumarið 1944. Herliðið reisti reyndar braggabyrpingar fyrir sjúkaskýli og spítala í herbúðum sínum en einungis í samræmi við fjölda hermanna í landinu hverju sinni. Liðsaflinn dróst skjótt saman árið 1943 og því ekki að undra þótt landsmenn hafi brotið heilann um tilgang svo umfangsmikilla salarkynna, sem skynðilega stóðu auð og yfirgefin.

Sömu vangaveltur eru þekktar í tengslum við bandarísku flugbækistöðina í Narsarsuaq á Grænlandi, þar sem allstór spítali reis fyrir herliði á stríðsárunum og var endurnýjaður í Kóreustríðinu, að sögn til líknarmedferðar illa særðra hermanna, sem herinn vildi að leynt færi.

Draugur kveðinn niður

Ýmsar sögur hafa einnig gengið af reimeikum tengdum hermönnum eða hjúkrunarkonum sem látist hafi á stríðsárunum og jafnvel spítala-bröggum eða efni úr þeim sem flutt var á milli landshluta.

Þekkt er saga af bandarískri hjúkrunarkonu, ungrri og myndarlegri, sem sögð er hafa látist í bifreiðaslysi í Mosfellsveit og gengið aftur á þeim slóðum. Dauðsföll í röðum herliðsins eru vel skilgreind í heimildum hernaðaryfirvalda og sýna að engin hjúkrunarkona hersins lést á Íslandi á stríðsárunum.

EKKI VERÐA BORNAR BRIGÐUR Á FRÁSGNIR FÓLKS AF REIMEIKUM EN HELST ER AÐ ÆTLA AÐ AFTURGEGNA HJÚKR-UNARKONAN UNGA OG MYNDARLEGA HAFI EF TIL VILL EKKI VERIÐ ÖLL ÞAR SEM HÚN VAR SÉÐ.



GÓÐA FERÐ INNANLANDS

TAX FREE*

**AF FÖRÐUNARVÖRUM
OG ILMVÖTNUM**

***19,35% VERÐLÆKKUN**

Gildir 4. maí - 8. júní 2020
í verslunum og í netverslun Lyfju

 **LYFJA**

Skipun dómara



Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Stjórnskipan landsins hvílir á grundvallarhugmyndinni um þriggreiningu ríkisvaldsins: Löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómvald. Að jafnaði eru þeir fulltrúar sem fara með þessa þætti lýðræðislega valdir. Það á þó ekki við um dómvaldið.

Árið 2010 varð sú breyting að í aðdraganda skipunar dómara skuli sérstök dómnefnd láta ráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um dómaraefni og taka afstöðu til þess hvaða umsækjandi, einn eða fleiri, sé hæfastur til að hljóta starfið.

Þeim ráðherra sem fer með málaflokkinn, dómsmálaráðherra, er óheimilt að skipa þann sem ekki var talinn hæfastur af nefndinni. Sé hann ósammála niðurstöðu hennar, getur hann leitað til Alþingis innan tiltekinna tímamarka og borið undir það aðra tillögu. Geri hann það ekki er ráðherrann bundinn af niðurstöðu nefndarinnar.

Á þetta reyndi í aðdraganda þess að þáverandi dómsmálaráðherra árið 2017 lagði til við Alþingi að fimmtán menn hlytu skipun dómara við Landsrétt og var sá listi frábrugðinn niðurstöðu nefndarinnar.

Nú bar það til í lok síðasta árs að auglýst var staða hæstaréttardómara og sóttu þá átta menn um. Eftir að hæfnisnefndin hafði fjallað um umsækjendur komst hún að þeirri niðurstöðu að þrír þeirra stæðu jafnir og hæfastir, ein kona og tveir karlar. Þá hafði ráðherra frjalsar hendur um hver þeirra skyldi hljóta skipun og skipaði konu í dómarsætið. Hinir tveir stóðu sem sagt jafnfætis að mati nefndarinnar.

Enn á ný var nú eftir áramótin auglýst staða dómara við Hæstarétt. Sækja þá um fimm menn og þar á meðal báðir þeir sem nokkrum vikum áður voru taldir jafnhæfir. Nú varð niðurstaðan hins vegar önnur því þá kom í ljós að hæfnisnefndin taldi að annar þeirra, Sigurður Tómas Magnússon, væri hæfari en hinn, Davíð Þór Björgvinsson, hvorir tveggja dóm- arar við Landsrétt.

Fréttablaðið hefur undanfarið fjallað um greiðslur fyrir aukastörf til Davíðs Þórs, sem unnin voru að hluta á meðan hann sat sem dómari í Landsrétti. Var þar nokkuð vel í lagt. En efast er um að sú umfjöllun hafi haft áhrif á niðurstöðu nefndarinnar.

Nú er ekki verið að taka upp hanskan fyrir þann sem ekki var metinn hæfastur af nefndinni. Aðeins er verið að benda á þá staðreynd að breyting hafi orðið í mati nefndarinnar varðandi þessa tvo menn á stuttum tíma.

Óhætt ætti að vera að ganga út frá því að Sigurður Tómas hafi ekki tekið slíkum framförum á þessum örfáu vikum að hann standi nú sjónarmun framari hæfni til að verða hæstaréttardómari. Og varla hefur hæfni Davíðs Þórs hrakað svo á sama tíma að það skýri þessa breytingu á fárra vikna tímabili.

Um skipun dómara við dómstóla landsins þarf að ríkja sátt. Það fyrirkomulag sem nú er á þessu er ekki til þess fallið. Að láta dómsmálaráðherra einum það eftir að velja og skipa dómara er ekki lausn á því.

Aukin aðkoma Alþingis við val á dómaraefni er líkleg til að valda þeirri sátt. Kannski eru á þessu fleiri lausnir.



Aðeins er verið að benda á þá staðreynd að breyting hafi orðið í mati nefndarinnar varðandi þessa tvo menn á stuttum tíma.

Gunnar



Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



Villidýr eða vírus

Í gær var „Sigurdeginum í Evrópu“ fagnað hér í Bretlandi en 75 ár voru liðin frá því að samningur um uppgjöf Þjóðverja í heimsstyrjöldinni síðari var undirritaður. Í ár stóð til að dagurinn yrði frídagur og höfðu hátíðarhöld verið skipulögð um land allt. En fyrir kaldhæðni örlaganna fögnuðu Bretar friði og frelsi undan forræðishyggju fasismans í ríkisfyrirskipuðu stofufangelsi á kafi í stríðssamlikingum.

„Tíminn er eins og vatnið...“ Myndmál er ekki aðeins flúr sem listamenn flika eins og páfuglar sperra upp fjaðrir sínar. Myndhverfingar eru hagnýt leið til að gera okkur skiljanleg: Borðfötur, nálarauga. En máttur myndmálsins er meiri en virðist við fyrstu sýn.

Viða um heim hefur umræðan um COVID-19 faraldurinn einkennst af líkingamáli:

■ Í mars brýndi Tedros Adhanom, forstjóri Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, fyrir heimsbyggðinni mikilvægi þess að greina COVID-smit með prófunum. Hann líkti kórónaveirunni við eld og sagði: „Maður slekkur ekki eld með bundið fyrir augun.“

■ Ítalskur veirufræðingur greip til fótboltalíkingar er hann hvatti til samstöðu gegn vírusnum í ítalska ríkissjónvarpinu. „Það þarf ekki nema einn liðsmann til að eyðileggja fyrir öllum í ellefu manna stjórnuhljóði.“ Algengast er þó að myndmálið tengist hernaði. Við upphaf faraldursins hét Xi Jinping, forseti Kína, því að Kínverjar myndu „vinna alþýðustríðið“ gegn vírusnum. Enn keppast stjórnmálum um heim allan við að lýsa faraldurinum sem stríði og vírusnum sem óvini. Fæstir komast þó með tærnar þar sem Bretar hafa hælana:

■ Hvergi hafa fleiri látið lifið vegna COVID-19 í Evrópu en í Bretlandi og eru þarlend stjórnmálur nú sókuð um að hafa gripid of seint til aðgerða vegna veirunnar. Framan af var fólk hvatt til að láta sem ekkert væri og var rykið dustað af tveimur lífseigum goðsögnum úr heimsstyrjöldinni síðari.

Óttaslegnum almenningi sem hamstraði klósett- pappír var fyrirskipað að halda ró sinni – „keep calm and carry on“ – og endurvekja „the blitz spirit“, meinta samstöðu undir sprengiuregni Þjóðverja. Skilaboðin voru þó aldrei annað en innantóm áróðursslagorð runnin undan rifjum breskra stjórnvalda, tilraun til að lyfta mórálnum á stríðstímum.

■ Þegar hilla tók undir allsherjar sóttkvi í Bretlandi hóf Boris Johnson forsætisráðherra að kalla ríkisstjórn sína „stríðsríkisstjórn“ í „bardaga“ við „háskalegan óvin“.

■ Andstæðingar hans létu ekki sitt eftir liggja. Þeir sögðu aðgerðir stjórnvalda augljóslega allt of harðar því ekki einu sinni í síðari heimsstyrjöldinni hefði þurft að loka pöbbum eða krefjast tveggja metra fjarlægðar milli manna.

Það er ekki að ástæðulausu sem stjórnmálafólk grípur til myndmáls. Árið 2011 birtu tveir sálfræðingar, Paul Thibodeau og Lera Boroditsky, niðurstaðu úr nýjustu rannsókn sinni. Þátttakendum hafði verið fengin frétt um glæpaöldu í skáldaðri borg. Tveimur útgáfum af fréttinni var dreift, annars vegar frétt þar sem ástandinu var líkt við „villidýr sem herjaði á borgina“ og hins vegar „vísu sem dreifðist um borgina“. Þeir sem lásu fyrri fréttina töldu best að leysa vandann með hörðum lögregluáðgerðum og þungum refsingum; þeir sem lásu þá síðari lögðu heldur til félagslegar umbætur.

Rannsóknir sýna að myndmál hefur áhrif á það hvernig við skynjum raunveruleikann og hvernig við bregðumst við aðstæðum. Á morgun mun Boris Johnson kynna hvernig hann hyggst aflétta þeim höftum sem nú ríkja í Bretlandi svo bjarga megi efnahag landsins. Skoðanakannanir sýna hins vegar að almenningur vill ekki, öryggis síns vegna, að dregið sé úr hömlunum strax. Þess er líklega ekki langt að biða að síður bresku blaðanna fylli myndhverfingar um uppgjöf, liðhlaupa og landráðamenn.

Erum með mikið úrval af allskonar bílaverkfærum á frábæru verði!

VIAir 12V loftdælur í miklu úvali.

Omega Viðgerðarkollur 7.495

Jeppatjakkur 2.25t 52cm. 17.995

Hleðslutæki 12V 6A 4.995

6T Búkkar 605mm Par 9.999

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

3

Loforð
Vodafone
um betri
þjónustu

Viðskiptavinir geta breytt þjónustunni sjálfir á netinu

Á Mínum síðum á **Vodafone.is** getur þú nú keypt afþreyingu, breytt áskrift, flutt áskrift á milli myndlykla, sagt upp áskrift, sett upp netvörn og heilan helling í viðbót. Við munum halda áfram að gera viðskiptin á netinu betri.

Starfsfólk Vodafone

Iðunn
Verslunarstjóri

 **vodafone**

vodafone.is/nyttupphaf



Jack Grealish
Aston Villa

Fyrirliði Aston Villa fór í partý til vinar síns, Ross McCormack. Hann náðist á mynd eftir að hann hafði keyrt á tvo bíla á 70 þúsund punda Range Rovernum sínum og skemmt þá. Hann birtist heldur lúpulegur á Instagram daginn eftir og baðst afsökunar. Enskir miðlar spá því að partýið kosti hann félagaskipti til Man. Utd og enska landsliðssætið sé í hættu enda hafi landsliðsþjálfarinn lítinn hómur fyrir svona.



Mason Mount
Chelsea

Ungstirni Chelsea átti að vera í sóttkví eftir að liðsfélagi hans, greindist með kórónaveiruna snemma í mars. Þá voru viðbrögð samfélagsins frekar lítill og ekkert útgöngubann. Aðeins sóttkví. Félagar hans voru að fara í fótbolta, þar á meðal Declan Rice, miðjumaður West Ham, og skellti Mount sér með. Það fór illa í almenning og áminnti Chelsea hann. Hann baðst afsökunar á hegðun sinni.



Jerome Boateng
Bayern München

Varnartröllid braut samkomubann Bayern viljandi þegar sonur hans veiktist og þurfti á þabba sínum að halda. Bayern gat lítið annað gert en að sekta Boateng sem borgaði glaður. „Ég geri mér grein fyrir því að það voru mistök að gefa félaginu ekki upplýsingar um þessa ferð mína. Ef mér er refsað þá tek ég því. Ég vil finna þann föður sem er ekki hjá fjögurra ára syni sínum á þessum tíma,“ sagði Boateng í yfirlýsingu.



Kyle Walker
Man. City

Varnarmaðurinn birti yfirlýsingu í gær þar sem hann kenndi fjölmiðlum um hvað hann bryti oft útgöngubannið. Walker hefur verið andlit forríkra fótboltamanna sem halda að reglurnar gildi ekki um þá. Hann birti nefnilega myndband þar sem hann hvatti fylgjendur sína til að vera heima en hélt svo kynlífspartý daginn eftir. Úr varð heljarinnar skandall og í vikunni rauf hann útgöngubannið þrisvar sinnum. Hann brunaði til Sheffield þar sem hann hitti fjölskyldu sína og fór út að hjóla með vini sínum. En í yfirlýsingunni spurði kappinn hvenær ætti að fara að hugsa um hans tilfinningar, sem nokkur bresk blöð svöruðu: Það fer eftir þér sjálfum.

Forríkir slugsa í heimsfaraldri

Nokkrir svartir sauðir hafa komið sér í fréttirnar með misgáfulegri hegðun. Útgöngubann í Evrópu virðist ekki gilda um sumar knattspyrnustjórnur.



Luka Jovic
Real Madrid

„Ég mun gera þeim ljóst að líf fólks er mikilvægara heldur en milljónirnar sem þeir fá í laun,“ sagði forseti Serbíu, Aleksandar Vucic, eftir að Nikola Ninkovic og Luka Jovic skelltu sér á djammid þegar þeir áttu að vera í sóttkví. Mál Jovic var þó mun fyrirferðarmeira enda er hann ein stærsta íþróttastjarna Serbíu. Allir leikmenn Real Madrid áttu að vera í 14 daga sóttkví eftir að leikmaður körfuboltaliðsins greindist með veiruna. Jovic fékk að fara heim til Belgrad. Allt varð vitlaust í Serbíu og hótuðu forsetinn og forsætisráðherrann því að ef Jovic myndi láta sjá sig utan heimilisins yrði hann handtekinn og hent í steininn og látinn dúsa þar um ókomna tíð.




José Mourinho
Tottenham

Knattspyrnustjórinn José Mourinho var með æfingu með þremur leikmönnum Tottenham í garði í Hadley Commons í Lundúnum. Þeir Tanguy Ndombele, Davinson Sanchez og Ryan Sessegnon sáu allir saman á æfingu sem fór illa í almenning í Bretlandi, enda var veiran að ná sér verulega á strik í landinu. Meira að segja borgarstjórinn í Lundúnum sendi Mourinho tóninn. Stjórinn baðst auðmjúkur afsökunar.



Moise Kean
Everton

Milljarða flopp Everton sló öll met í samkomubanninu í Englandi þegar hann hélt partý með fjölmörgum vinum sínum og vændiskonum. Guttinn, sem er tvi-tugur, hefur aðeins skorað eitt mark fyrir Everton en það stoppaði hann ekki í að rífa upp símann og senda partýið nánast út í beinni útsendingu. Everton sendi frá sér yfirlýsingu þar sem félagið sagðist vera agndofa yfir atvikinu og hegðun hans var fordæmd.



Amine Harit
Schalke

Miðjumaðurinn var gripinn glóðvolgur á ólöglegum vatnspípubar um miðja nótt. Lögreglan gerði áhlaup á barinn eftir að nágrennar hófðu kvartað. Daginn áður hafði hann sagt fylgjendum sínum að vera heima og fylgja reglum yfirvalda. Schalke henti í hann 100 þúsund evru sekt, sem gerir um 16 milljónir. Sektin fór í góðgerðarmál samkvæmt þýskum fjölmiðlum og baðst Harit afsökunar. benediktboas@frettabladid.is

Kjarabílar Hyundai

BJÓÐUM **VALDA NÝJA HYUNDAI Á KJARABÍLAVERÐI.**
VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Í DAG.

Hyundai Santa Fe Style

Dísil, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
Listaverð: 8.890.000 kr.
LHZ48 - Nýr bíll

KJARAVERÐ
8.090.000 kr.



Hyundai Kona Comfort

Bensín, sjálfskiptur, framhjóladrifinn.
Listaverð: 4.490.000 kr.
LOL96 - Reynsluakstursbíll

KJARAVERÐ
4.000.000 kr.



Hyundai i20 Style

Bensín, beinskiptur, framhjóladrifinn.
Listaverð: 2.990.000 kr.
SMA30 - Nýr bíll

KJARAVERÐ
2.690.000 kr.



Hyundai Ioniq PHEV Style

Rafmagn/bensín, sjálfskiptur, framhjóladrifinn.
Listaverð: 4.790.000 kr.
YAN91 - Nýr bíll

KJARAVERÐ
4.290.000 kr.



AUKABÚNAÐUR FYRIR FERÐALAGIÐ Í SUMAR



Dverbogar

Verð frá: 35.000 kr.



Hjólafestingar

Verð frá: 15.000 kr.



Farangursbox

Verð frá: 90.000 kr.



Dráttarkrókur

Verð frá: 180.000 kr.

Opið í dag frá 12–16

HYUNDAI

5 ÁR
ÁBYRGÐ
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á.
Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

Hyundai | Kaupúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is



Hrefna Rósa segir mikið sparast í daglegum startkostnaði með því að færa Fiskmarkaðinn inn á Grillmarkaðinn og er spennt fyrir möguleikum sem skapast um leið. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Góð tilfinning að opna á ný

Nú þegar hömlum samkomubanns hefur verið aflétt eru eigendur fyrirtækja að opna þau á ný. **Hrefna Rósa Sætran** er ein þeirra en hún á og rekur tvo veitingastaði og bar sem nú hafa verið opnaðir, en ekki eins og áður.

Björk
Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is



Þegar samkomubannið skall á lokuðum við stöðunum því við vildum hlýða Víði og fylgja reglunum. Það var mikil óvissa með allt svo við ákváðum að biða þar til okkar lausn kæmi og hún er klárlega sú að sameina krafta Fiskmarkaðarins og Grillmarkaðarins sem fer frábærlega af stað," segir Hrefna Rósa sem jafnframt er ein af eigendum Skúla Craft bar.

Hrefna og eiginmaður hennar, Björn Árnason, eiga tvö börn sem bæði ganga í Landakotsskóla þar sem hún segir samkomubannið hafa verið tæklað vel. „Við vorum svo heppin að þau gátu verið í skólunum alla daga og héldu nánast alveg rútínu fyrir utan tómsundur. Svo fengum við mikla aðstoð frá foreldrum mínum sem eru bæði heilsuhaus. Sjálf hitti ég fólk alla daga vegna vinnunnar með tveggja metra millibili og talaði við vini á FaceTime svo ég var alveg góð félagslega.“ Hrefna segir að þó henni hafi þótt einfaldara líf að mörgu leyti notalegt efist hún um að þannig muni það halda áfram.

Hrefna hefur búið í miðbænum

frá 14 ára aldri og segir það vissulega hafa verið undarlega tilfinningu að sjá bæinn tóman. „Ég bjó á Laugaveginum þegar ég var 18 til 20 ára og fylgdist mjög vel með mannlífinu. Á veturna var lítið um túrista og þá var oft mjög fátt fólk á ferli á sunnudagskvöldum og þetta minnti mig dálítið á þann tíma. En svo var líka svo gaman þegar allt fór að opna hægt og rólega aftur og fólk byrjaði að mæta í fallega miðbæinn okkar á ný. Það er nefnilega svo gaman í bænum. Ég elska það.“

Skelfiskmarkaðurinn einstakur Undanfarin ár hafa veitingastaðir Hrefnu, Fiskmarkaðurinn og Grillmarkaðurinn skilað töluverðum hagnaði og reksturinn verið í blóma en skemmst er þó að minnast þess að þriðji staðurinn Skelfiskmarkaðurinn náði stuttum líftíma og var lokað fyrir rétt rúmu ári síðan. Því hlýtur ástandið núna ofan í þær hremmingar að taka sinn toll.

„Skelfiskmarkaðurinn var einstakt dæmi en þar kom upp matareitrun sem varð honum að falli, svo það er varla hægt að líkja því saman við þetta ástand sem við erum öll að takast á við núna. Allur heimurinn er saman í þessu ástandi og þetta hefur áhrif á svo marga, ekki bara okkur, svo við tókum þessu bara eins og þetta er,“ segir



ÞEGAR STAÐIRNIR LOKUÐU

HÓFST MIKIL VINNA VIÐ

ÞAÐ EITT AÐ LOKA. ÞAÐ

ÞURFTI AÐ SETJA ALLT Á

PÁSU, PASSA HRÁEFNIÐ

OG VÍNIÐ, SÆKJA UM HITT

OG ÞETTA SVO TÍMINN

VAR VEL NÝTTUR.

Hrefna Rósa ákveðin og er bjartsýn á það sem koma skal. „Ég er bara mjög bjartsýn á framhaldið. Er ekki bara eina leiðin upp núna? Smit nánast hætt og fólk byrjaði að kíkja út úr húsi.“

Atvinnurekendur hafa flestir þurft að nota útsjónarsemi til að koma rekstrinum aftur af stað með þeim hömlum sem þó enn eru í gildi og er Hrefna og hennar fólk engin undantekning. Í vikunni færðist Fiskmarkaðurinn að hluta til inn á Grillmarkaðinn og verður rekst-

urinn með því móti á næstunni. „Hagræðingin er mest fyrir gestina okkar, sem þurfa nú bara að koma á einn stað í staðinn fyrir tvo,“ segir Hrefna Rósa í léttum tón.

Minnka daglegan startkostnað

„Þessi daglegi startkostnaður telur líka svo mikið en með þessu móti náum við að hafa hann á einum stað. Það eru mörg smáatriði sem fólk veit ekki af eins og það að kveikja í grillinu kostar helling því við notum japönsk hágæða kol og núna þurfum við bara að kveikja upp í einu grilli. Alls konar svona atriði telja. Grillmarkaðurinn varð fyrir valinu þar sem hann er stærri en við ætlum að bjóða upp á sérhannaðar veislur á Fiskmarkaðnum. Það hófum við ekki getað gert áður og erum mjög spennt að fara út í þetta.“

Sett hefur verið upp Fiskmarkaðsstöð í eldhúsinu á Grillmarkaðnum þar sem starfsfólk Fiskmarkaðarins vinnur. „Svo erum við búin að bæta við síðu í matseðilinn sem inniheldur bestu og vinsælustu rétti Fiskmarkaðarins. Með þessu náum við líka að stækka take-away seðilinn töluvert sem helst vel í hendur. Sushi, rif, kóngarækjur og hamborgari smellpassar alveg saman og matseðillinn er þannig jafnframt fjölbreyttari.“

Mikil vinna við lokanirnar

Hrefna segir hennar fólk alls ekki hafa setið auðum höndum þó staðirnir hafi lokað dyrum sínum fyrir viðskiptavinum þegar samkomubann var sett á. „Þegar staðirnir lokuðu hófst mikil vinna við það eitt að loka. Það þurfti að setja allt á pásu, passa hráefnið og vínið, sækja um hitt og þetta, svo tíminn var vel nýttur. Það eru margir sem spyrja mig einmitt hvað ég hafi verið að gera í friinu á meðan það var lokað en þetta var ekki beint frá fyrir mig frekar en aðra atvinnurekendur að ég held.“

Hrefna segir jafnframt miklar þælingar hafa farið í að velta fyrir sér hvernig staðirnir myndu opna á ný. „Svo sáum við okkur fært að gera það 22. apríl þegar við náðum að skipta Grillmarkaðnum upp í nokkur hólf, eins og önnur fyrirtæki hafa verið að gera.“

Það var æðislegt að sjá staðinn sinn aftur opinn og svo hafa allir dagar síðan verið vinna við að flytja Fiskmarkaðinn yfir með öllu sem því tilheyrir. „Ætlunin er að vera með mismunandi þemu eftir dögum og þá fylgir afsláttur þem- anu, og eins hafa verið skipulagðir ýmsir viðburðir á næstunni.“

„Ég er mjög ánægð með þessa breytingu og hlakka til að gera fleiri spennandi hluti í kringum hana.“

Vönduð hönnun á Kringlukasti

6. - 11. maí

Spring 
Copenhagen

Nýtt!

20%

kynningarafsláttur



ROYAL COPENHAGEN

LE CREUSET

GEORG JENSEN

WMF

Villeroy & Boch

ROSENDAHL

KitchenAid

**20% afsláttur af völdum vörumerkjum
og frí heimsending!**

KÚNÍGÚND

sérverslun með vandaðar gjafavörur

Kringlan · Glerártorg · kunigund.is



ATVINNULÍFIÐ ER LÍF OKKAR ALLRA

Þegar þú kaupir fisk í matinn tekur atvinnulífið kipp. Þegar fisksalinn fer í klippingu tekur það annan kipp. Þegar rakarinn kaupir í matinn á netinu kemur kippur sem heldur áfram og stækkar þegar lagerstarfsmaðurinn fer með fjölskyldunni í helgarferð til Ísafjarðar í sumar. Allt í einu er allt komið af stað á ný.

Þegar þú velur **Íslenskt** tekur atvinnulífið við sér!



ÍSLENSKT
gjörir svo vel



Stjórnarráð Íslands
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Kristlín Dís Ingilindóttir
kristlin@frettabladid.is

Pabbi minn var eins og hann var, dópisti og útigangsmáður, en hann var kannski líka með einhverja spádómsgáfu," segir þuríður Blær Jóhannsdóttir, ætíð kölluð Blær, um föður sinn, Jóhann Vísi Gunnarsson. Jóhann hefur í tvígang reynst sannspár um líf Blævar og fléttadist líf feðginanna á óvæntan hátt saman á ný eftir að hann greindist með krabbamein í ristli á meðan á meðgöngu hennar stóð.

„Samband okkar var í gegnum tíðina stopult en það var alltaf einhver samgangur okkar á milli og ég hef aldrei skammast mín fyrir hann.“ Jóhann bjó í einum af gámunum úti á Granda og var tíður gestur í miðbænum þar sem hann var ávallt kallaður Jói dúkari. „Hann var bara einn af þessum útigangsmönnum á Austurvelli og þegar hann heilsaði mér kynnti ég hann alltaf fyrir vinum mínum sem pabba minn.“ Það kom fólki iðulega í opna skjöldu en varð aldrei til þess að Blævi þætti vandræðalegt að hann væri hluti af lífi hennar.

Órlogadómur kvað á um að Jóhann myndi spila veigamikil hlutverk í lífi ófæddis barnabarns síns áður en hann féll frá síðastliðinn nóvember. „Pabbi skrifaði sig inn í líf mitt upp á nýtt áður en hann dó og þrátt fyrir að hann hafi ekki náð að verða afi sonar míns nær hann samt að einhverju leyti að vera mjög stór partur af honum.“ Meðganga Blævar hefur verið samofin spádómi Jóhanns sem spáði því réttilega að hún gengi með dreng áður en hún hafði sagt nokkrum frá því að hún ætti von á barni.

Uppfyllti loforðið

Þetta var þó ekki í fyrsta sinn sem Jóhann sá framtíð dóttur sinnar fyrir. „Pabbi sagði alltaf við mig að áður en ég fæddist hafi ég komið til hans í hugleiðslu.“ Í leiðslunni vitjaði Blær föður síns og tjáði honum að í ókominni tíð yrði hún skemmtikraftur og söngkona en til að af því gæti orðið þyrfti hann að vera hluti af lífi hennar fyrstu fjögur árin. „Annars myndi ég ekki lífa af.“ Stæði hann við það loforð myndi allt ganga Blævi í haginn. „Hann sagði mér þessa sögu löngu áður en spádómurinn réttist, þetta fylgdi mér alla mína daga.“

Foreldrar Blævar vörðu fyrstu árum hennar saman en þegar hún varð fjögurra ára heltóku hana alvarleg veikindi. Hún þurfti að fara í aðgerð og fékk lífshættulega háan hita. „Pabbi sagði alltaf að ég hefði verið alveg óhuggandi og grátid út í eitt þar til hann tók mig upp og þá lagaðist ég.“ Eftir að Blævi batnaði skildu leiðir foreldra hennar. „Hann vill meina að hann hafi staðið sína plikt enda hafi hann verið hjá mér þau ár sem við sömdum um forðum.“

Blær viðurkennir að almennt sé hún ekki mjög andlega þenkjandi og taki spádómum og öðru með ákveðnum fyrirvara. „Það er samt hluti af mér sem vill trúna því að pabbi og annað fólk sem býr á götunni og ánetjast efnum sé rosa-lega næmt og opnara fyrir því óútskýranlega í heiminum.“ Það hljóti þó að vera erfitt og því finni þau hjá sér þörfina til að deyta sig. „Einfaldlega af því að þau finna of mikið.“

Aldrei auðvelt samband

Samband feðginanna var aldrei auðvelt og það reyndist erfitt fyrir Blævi að treysta því að faðir hennar væri ekki undir áhrifum þegar þau hittust. „Ég heimsótti hann oftast án þess að gera boð á undan mér, líkt og hann gerði við mig, og þá fór það eftir því í hvernig ástandi hann var hvort við gátum átt samræður.“

Þetta breyttist þó á lokametrinum. Þegar Jóhann var lagður inn á spítala með krabbameinið þurfti hann að vera edrú fyrir aðgerðina og meðferðina sem henni fylgdi.



Blær segir að þó faðir hennar hafi látist áður en sonur hennar fæðist sé hann stór hluti af ferlinu enda spáði hann fyrir um komu hans og teiknaði mynd af þeim meðgönginum áður en nokkur vissi að Blær væri barnshafandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

Spádómsvefur samofinn meðgöngu sonarins

Faðir leikkonunnar þuríðar Blævar Jóhannsdóttur kom aftur inn í líf hennar þegar hann fékk krabbamein og hún varð barnshafandi. Slitrótt sambandið tók á sig nýja mynd og þó hann hafi ekki náð að verða afi barnsins spilaði hann veigamikil hlutverk í lífi þess.

„Þegar hann var barna á spítalanum gat ég alltaf treyst því að hann væri hann sjálfur og að ég væri ekki að hitta hann í einhvers konar ástandi. Það var ótrúlega dýrmætt.“

Jóhann lá inni á spítala daginn sem Blær og kærastinn hennar, spunaleikarinn góðkunnir, Guðmundur Felixson, komust að því að þau ættu von á barni. „Daginn sem ég pissa á prikið vildi svo til að við förum í fyrsta skipti í heimsókn til

hans saman á deildina.“ Faðir Blævar hafði braggast vel eftir fyrstu aðgerðina og var niðursokkinn í að teikna, eins og honum var lagið, þegar parið gekk inn. „Það fyrsta sem hann segir við mig þegar hann sér mig er: „Barna ert þú og strákurinn“ og bendir á mynd af konu sem heldur á ungbarni.“ Verðandi foreldrarir litu á hvort annað með kímnbros á vör en létu ekkert uppi.

„Við hlógum að þessu eftir á, það

er svo merkilegt að allt sem við kemur þessari óléttu tengdist pabba mínum á einhvern hátt.“ Hann setti mark sitt á alla stóru áfangana í meðgöngunni, hvort sem hann var lífs eða liðinn.

Umbreyttist á einni nóttu

Þegar kom að tólf vikna sónarnum hringdi síminn. „Það var systir mín sem segir mér að ég þurfi að koma strax upp á spítala þar sem eitthvað

mikið sé að.“ Jóhann hafði þá legið inni á spítala í rúma tvo mánuði og dvaldið um skeið á geðdeild til að tryggja að hann héldist þurr.

„Hann var orðinn miklu betri og var byrjaður í krabbameinsmeðferð en þennan sama dag átti að flytja hann frá geðdeild yfir á áfangahéimili.“ Allt hafði gengið að óskum þar til nóttina áður þegar drep kom

Framhald á síðu 28 ►

NÝIR TÍMAR Í SAMGÖNGUM

ÞÚ FÆRÐ RAFHJÓLATRYGGINGU Á TM.IS

Rafhjólatrygging TM er sérsniðin trygging fyrir rafknúin farartæki. Kláraðu málið á tm.is.



HUGSUM Í FRAMTÍÐ

TM



Vinir og ættingjar skötu hjúanna eru sannfærðir um að drengurinn sem Blær ber undir belti verði nefndur í höfuð á Jóhanni en Blær fullyrðir að ekkert sé ákveðið í þeim efnum.

Framhald af síðu 26 ◀

í sár hans og honum hrakaði ört.

„Hann var kominn á gjörgæslu þegar við mættum á spítalann.“ Fyrir tilviljun var hann staðsettur aðeins örfáa metra frá deildinni þar sem þau áttu bókaða tólf vikna skoðun. „Áður en við vissum hver staðan var, sáum við fyrir okkur að geta mögulega skroppið í sónarinn þarna á milli.“ Ekkert varð þó úr því. „Þegar við komum var okkur sagt að nú væri kveðjustund.“

Þessum orðum fylgdi áfall. „Við höfðum hitt hann aðeins tveimur dögum fyrir í góðu ásigkomulagi. Allt í einu fór hann frá því að vera fullfrískur í að vera við dauðans dyr.“

Horfðu á lífið fjara út

Dagurinn fór því í að kveðja Jóhann frekar en að heilsa upp á föstrið. „Ég sagði honum þá frá barninu, maður vill venjulega ekki segja neitt fyrir en að loknum sónarum sem við áttum að fara í þennan dag, svo hann vissi ekki tæknilega séð af óléttunni.“ Ekki sé víst að hann hafi heyrt leyndarmálið. „Mér líður samt þannig, eins og ég hafi séð hann brosa þegar ég sagði honum að hann væri að verða afi.“ segir Blær hræð.

„Við horfðum á þegar slökkt var á öllum tækjunum sem héldu í honum lífinu og sáum hvernig lífið fjaraði út.“ Tilfinningarnar sem fylgdu voru sorglegar, ógnvekjandi en líka fallegar. Því fylgdi óneitanlega þakklæti að hann fengi að kveðja eftir að hafa verið edru í meira en tvo mánuði, og hafandi endurnýjað tengslin við börn sín.“

Auðveldara að syrgja og elska

„Að einhverju leyti get ég ekki ímyndað mér betri dauðdaga fyrir pabba minn. Það hefði verið svo ómurlegt ef hann hefði sleppt því að mæta í meðferðina, dottið aftur í það og dáíð þessum langa dauðdaga.“

Kveðjustundin var því bæði sorgleg og kærkomin. „Allir sem eiga foreldra í þessari stöðu skilja að maður



Blær segir samband þeirra feðgina aldrei hafa verið auðvelt en það hafi þó breyst í lokametrum lífs hans þegar hann hafi þurft að vera edru.

er alltaf að syrgja þau þrátt fyrir að þau séu á lífi en það er gott að geta syrgt hann núna og auðveldara að elska hann fyrir það sem hann var.“ Þessir síðustu mánuðir í lífi Jóhanns náðu að yfirvinna allt sem á undan var gengið og minningin um hann frá þessum tíma er ein sú skærasta sem Blær á. „Ég fékk þessa fullkomnu kveðjustund og mun alltaf varðveita tímann sem leiddi að henni.“

Þegar faðir hennar yfirgaf þetta líf fann Blær hvernig andi hans sveif í loftinu. „Ég man að ég hugsaði: Ekki fara með sálina hingað inn í magann á mér, en skildu samt smá hluta af þér eftir.“

Lék sjálfa sig óvænt á sviði

Röð tilviljana virðist hafa elt Blæ á meðgöngunni en hún var á þessum tíma að æfa fyrir leiksýninguna Helgi Þór rofnar, sem sýnd var í Borgarleikhúsinu. Sýningin varð á svipstundu spegilmynd af lífi hennar. „Öll þessi sýning er um mátt spádóma og hvernig spádómur föður aðalpersónunnar rætist að lokum.“

Blær fór með hlutverk ungrar konu sem var barnshafandi og

gerir upp samband sitt við föður sinn, sem var ógöngumaður, eftir að hann deyr. „Ég fékk hlutverkið árinu áður en þegar við byrjuðum að æfa verð ég ólétt og missi pabba minn. Þegar ég mæti síðan einn daginn í vinnuna fatta ég að ég er bara að leika lífið mitt.“

Í fyrstu senu leiksýningarinnar heimsækir persóna Blævar föður sinn í líkhúsið. „Persónan horfir á líkið á líkbörum þegar ég er sjálf nýbúin að horfa á pabba minn á líkbörum.“ Eftir því sem tilviljanirnar fóru að hrannast upp komst Blær ekki hjá því að líta á leiksýninguna sem einhvers konar tákn. Hún fór jafnvel að ímynda sér að tilviljanirnar væru ekki tilviljanir heldur skilaboð um að æðra afl hafi spunnit þessa örlagastrengi.

Sameiginleg veisla

Eftir andlátinu var Blævi úthlutaður nýr tími í sónar og lenti þar með tuttugu vikna skoðunin fyrir tilviljun á afmælisdegi föður hennar. „Við skipulögðum kynjaveislu sama dag og ákváðum að við fengjum ekkert að vita sjálf.“ Starfsmanni Partybúðarinnar var rétt umslag með



HANN VAR BARA EINN AF ÞESSUM ÚTIGANGS- MÖNNUM Á AUSTURVELLI OG ÞEGAR HANN HEILSAÐI MÉR KYNNTI ÉG HANN ALLTAF FYRIR VINUM MÍNUM SEM PABBA MINN.

kyni barnsins og síðan var útveguð blaðra sem myndi uppljóstra sannleikanum þegar hún yrði sprengd seinna um kvöldið.

Nærvera Jóhanns var alltumlykjandi í veislunni og vakti mynd hans yfir gestum ásamt innrammaðri teikningu af Blævi og syni hennar. „Að einhverju leyti varð þetta hans veisla líka, honum tókst að troða sér inn í þetta á afmælisdaginn sinn og það er mjög fyndið hvað hann var litill partur af lífi mínu en stór hluti af þessari meðgöngu.“

Gestir fengu tækifæri til að giska á kynið og var greinilegt að flestir þeirra trúðu spádómi Jóhanns og veðjuðu á að barnið yrði drengur. Verðandi foreldrarnir voru ekki sannfærðir og bjuggust frekar við stúlku. „Ég veit ekki hvaða mótþrói þetta var í okkur en svo var þetta auðvitað strákur.“

Vinir skötu hjúanna og ættingjar eru sannfærðir um að drengurinn verði nefndur í höfuðið á Jóhanni en sú nafngift myndi einnig ríma við nafngift Blævar. „Það voru svipaðar aðstæður uppi á teningnum sem urðu til þess að ég var skirð Þuríður Blær.“

Sagan endurtekur sig

Amma Blævar, Þuríður, lést stuttu eftir að Blær fæddist og leit Jóhann á það sem tákn um að dóttir hans skyldi bera sama nafn. Móðir Blævar hafði hins vegar gert upp hug sinn áður en hún vissi að hún bæri barn undir belti. Hún var að lesa Brekkukotsannál þegar hún rak augun í nafnið Blær og ákvað þá þegar að ef hún eignaðist stúlku myndi hún hljóta nafnið Blær.

„Hún vissi ekki þá að hún var ólétt af mér, orðin þrjátíu og tveggja ára og löngu búin að gefa upp vonina.“

Faðir Blævar var ekki jafn styrkur í trúnni um að Blær væri rétt nafn fyrir dóttur sína og þótti það of harðgert nafn fyrir litla stelpu. „Hann bað mömmu því um að bíða í viku og hugsa málið.“ Í þeirri viku setur mannanafnanefnd lög um að ekki megi heita karlkynsorði nema það sé sterk hefð fyrir því.

Þrátt fyrir það var ákveðið að dóttirin hlyti nafnið Þuríður Blær Jóhannsdóttir.

Það atvikaðist þó þannig að starfsmaður Þjóðskrár tók það upp á sína arma að fjarlægja millinafnið þar sem enn var ekki búin að samþykkja það og nafnið hafði verið lengi í biðstöðu.

„Konunni fannst alveg ómögulegt að ég héti ekki neitt í marga mánuði og þess vegna fékk ég ekki löglega að heita Blær fyrir en lögnum var breytt fyrir nokkrum árum.“

Sjálf fullyrðir Blær að hún muni velja nafn fyrir son sinn út frá þeim manni sem hann hefur að geyma. „Mamma giskaði á að hann myndi heita Snjór svo ef ég fylgi óskum annarra þá gæti hann heitið Jóhann Snjór og þar af leiðandi verið kallaður John Snow á ensku.“ segir Blær hlæjandi.

Enginn veit þó hvað tíminn ber í skauti sér en Blær telur að blessunarlega vofi ekki fleiri spádómar yfir lífi hennar að svo stöddu. Hringnum verði þó ekki endanlega lokað fyrir en drengurinn fæðist.

„Þá er þessi saga klárud finnst mér. Ég er enn þá inni í henni núna en við fæðinguna byrjar nýr og spennandi kafla.“



LAUGARDAGUR 9. MAÍ 2020

Helgin



Nú stendur yfir tilraun í sífrera Síberíu sem gengur út á að athuga hvort það geti verið þægilegra að búa í húsi undir hvelfingu í miklum kulda og hvaða áhrif slík búseta hefur á íbúa og umhverfi. ➔4



Tónlist Sakaris Emil Joensen er ekki öll þar sem hún er séð. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Togstreita óbilandi kæti og kaldhæðni

Undanfarin miðvikudagskvöld hefur Færeyingurinn og tónlistarmaðurinn Sakaris Emil Joensen boðið aðdáendum sínum að fylgjast með sér að störfum í upptökuverinu sínu á Granda í gegnum lifandi streymi á Facebook. ➔2

Góður svefn er mikilvægur!

HVERNIG SVAFST ÞÚ?





„Það er mikil gleði og bjartsýni á yfirborðinu í tónlistinni minni. Takturinn og laglinan er hressandi og vekur kæti. Undir niðri er alltaf kaldhæðni, biturleiki eða depurð.“ FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Jóhanna María
Einarsdóttir
johannamaria@frettabladid.is



Í beinni útsendingu hefur þessi hugrakki tónlistarmaður nú fjórum sinnum gert misárangursríkar tilraunir til þess að semja ódauðlegan smell frammi fyrir aðdáendum sínum og ætlunin er að endurtaka leikinn í hverri viku. „Það er alltaf smá stress í mér í hvert sinn sem ég ýti á „live stream“ enda er alltaf hætta á því að mér mistakist hrapallega. En það er líka hluti af fjörinu. Fólki finnst jafn áhugavert að sjá mér mistakast eins og að verða vitni að því þegar ný snilld fæðist í

upptökuverinu. Stundum tekst manni að búa til æðislegan smell og stundum gengur ekkert upp. En það er líka þannig sem lífið virkar,“ segir Sakaris.

Tónlist Sakaris má lýsa sem stórskemmtilegum poppræðingi með sniðugum og áhugaverðum lagatextum. Hann gefur út hvern smellinn á fætur öðrum. Lög eins og „Beach Bod“ og „Cluster Bomb“ hafa öll einhver ómæld djúpstæð áhrif á taugakerfið sem gerir það að verkum að það er líkamlega ómögulegt að dilla sér ekki með Sakaris í græjunum. Sakaris er frá Færeyjum en býr í Vesturbæ Reykjavíkur og er að leggja loka-hönd á meistaranám í Listháskólanum.

Andstæðurnar heilla

Þrátt fyrir hressandi riff og dillandi takt þá er tónlist Sakaris ekki öll þar sem hún er séð. „Ég er mikið fyrir að nota andstæður þegar ég sem. Það er mikil gleði og bjartsýni á yfirborðinu í tónlistinni minni. Takturinn og laglinan er oft hressandi og vekur kæti. En undir niðri er alltaf smá kaldhæðni, örilitill biturleiki eða depurð sem kemur oft en ekki fram í textanum. Ef bæði lag og texti eru sykursæt og dúlluleg þá gerir það ekkert fyrir mig. Það verður að vera smá togstreita. Það er hvorki mannlegt né raunsætt að vera ofurhamingjusamur og glaður alltaf, alla daga. Það er einfaldlega ekki mögulegt.“ Þessi ást Sakaris á andstæðum sést vel í lagatextum hans, eins og þeim sem fylgir laginu „Music is Never Gonna Make Me Rich“.

„you need to study,“ mama said
„so you can be a dentist or a teacher
like your dad“
but i said, „mama, please shut up,
now
you know exactly what i'm gonna
do“

but music
is never gonna make me rich
it's only gonna save my soul
'cause no one wants to listen to this
shit
but i swear i'll get it under control
'cause i'm holding on

Gremja og gleði

Sakaris deilir upptökuveri í Vesturbænum með tveimur

„Það hlýtur að vera frekar fyndið að fylgjast með mér standandi úti á götu að raula einhvern takt eða laglinu í símann.“

öðrum tónlistarmönnum. „Við settum upp myndbandsupptökuvél í stúdíóinu en undanfarið hefur tónlistarheimurinn kallað æ meira eftir myndbandsefni frá okkur tónlistarmönnum. Það var þá sem ég fékk hugmyndina að því að beinstreyma tilraunum mínum til þess að búa til smell.“ Sakaris hefur nú birst í lifandi streymi gegnum Facebook fjórum sinnum síðustu fjóra miðvikudaga. Það er einstakt að fá að fylgjast með honum byrja á örlytlum taktbút og byggja upp í heilan hljóðheim á örstuttum tíma. „Ég fæ oft hugmyndir að lagstúf eða einhverju flottu riffi þegar ég er á gangi. Þá stoppa ég og tek upp hljóðskrá í símannum. Það hlýtur að vera frekar fyndið að fylgjast með mér standandi úti á götu að raula einhvern takt eða laglinu í símann. En ég á alltaf safn af litlum hugmyndum til þess að byrja á þegar mig vantar innblástur í upptökuverinu. Fólk hefur tekið þessu uppátæki mínu á netinu mjög vel og finnst áhugavert að fylgjast með ferlinu, bæði gleði minni og og stolti þegar vel tekst, en líka gremju þegar

ekkkert gengur upp. Það eru líka margir sem hafa sagt mér að þessi streymisvídeo hafi veitt sér innblástur til þess að vinna að eigin efni. Það sem er mikilvægast í allri sköpun er einfaldlega að byrja. Það gerist ekkert ef þú byrjar ekki. Ég er sjaldnast með fullmótaða hugmynd þegar ég byrja á að setja saman lag og lendi oft en ekki í því að lagið kemur allt öðruvísi út en ég hafði hugsað mér.“

Sakaris birtir reglulega textabrot á samfélagsmiðlum sínum og oft en ekki verða þessi textabrot að lagi. Hér má sjá eitt slíkt sem hefur ekki enn orðið að lagi, en verður það vonandi bráðum.

Silver

You are my silver
you are my number 2
you are the best I could get
but don't you forget
I am your silver too

Sakaris segir að samkomubannið hafi haft lítil áhrif á sitt starf sem tónlistarmaður. „Ég er mikið í að pródúsera fyrir aðra tónlistarmenn. Þegar það er mikið að gera í því þá hef ég minni tíma fyrir eigin tónlist. En svo þegar róast í framleiðslubrúnum hef ég meiri tíma til að sinna tónlistinni minni. Einmitt núna er ég til dæmis að framleiða efni fyrir færayska tónlistarkonu sem kallar sig FRUM. Ég er mjög heppinn að hafa fengið til mín helling af verkefnum til að vinna að í samkomubanninu og því hefur það haft minni fjárhagsleg áhrif á mig en marga aðra tónlistarmenn.“

Gledilegt veidisumar!

VEIÐIKORTIÐ 2020

www.veidikortid.is

Fæst hjá N1 - OLÍ og veiðiverslunum

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Ábyrgðarmaður:
Torg ehf | Jóhanna Helga Viðarsdóttir

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjördís Erna Þorgeirsdóttir | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5768 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Parmaflóran er mikilvæg heilsunni

Öflug parmaflóra er grunnurinn að öflugri ónæmiskerfi. Rannsóknir sýna að rekja megi ýmsa líkamlega sem og andlega kvilla til lélegrar parmaflóru. Inntaka góðgerla getur skipt sköpum.

Í meltingarveginum lifa trilljónir baktería og eru flestar þeirra í ristlinum. Í daglegu tali köllum við þessar bakteríur parmaflóru því þær samanstanda af meira en 1.000 tegundum og í ristlinum sinna þær ýmsum afar mikilvægum hlutverkum. Þær framleiða m.a. vítamín, aminosýrur, stuttar fitusýrur og ýmis boðefni og ensím. Við þurfum því að hugsa vel um þær og passa að jafnvægi sé til staðar svo þær hugsi vel um okkur. Parmaflóran ver okkur líka gegn óæskilegum örverum og hefur margs konar áhrif á heilsu okkar almennt, jafn andlega sem líkamlega.

Veikindi vegna lífsstíls

Parmaflóran í venjulegri manneskju inniheldur yfir þúsund mismunandi tegundir gerla og baktería. Jafnvægi þessara baktería getur auðveldlega raskast vegna veikinda, inntöku sýklalyfja, mikillar kaffidrykkju og ýmissa lífsstílstengdra þátta eins og mikils álags eða streitu, neyslu næringarsnauðrar fæðu og fæðu sem er mikið unnin. Fjölmargir eru líka að borða á hlaupum og á óreglulegum tímum sem er ekki síður slæmt. Við þessar aðstæður raskast jafnvægi parmaflórunnar og getur fólk þá farið að finna fyrir ýmsum óþægindum og jafnvel veikindi farið að gera vart við sig.

Líkamlegir og andlegir kvillar

Það er fjölmargt sem einkennir lélega parmaflóru eða að hún sé í ójafnvægi. Rannsóknir síðari ára hafa rennt styrkum stöðum undir það hversu gríðarlega mikilvægt er að parmaflóran okkar sé í góðu standi bæði hvað varðar líkamlega sem og andlega kvilla. Það kannast sennilega flestir við ýmiss konar ónot sem við tengjum beint við meltinguna. Það getur t.d. verið:

- Uppþemba eftir máltíðir
- Erfiðar hægðir
- Vindverkir
- Gyllinæð (tengist oft harðlífi)
- Sveppasykingar
- Húðvandamál
- Tengsl parmaflóru og heilsunnar

Parmaflóran er stöðugt breytileg og er því stanslaust rannsókuð. Síðastliðin ár hafa menn verið að skoða parmaflóru með tilliti til sýpreyru og ýmissa andlegra kvilla.



2 mánaða skammtur

Prógastró Gull er fæðubótarefni. Neysla fæðubótarefna kemur ekki í stað fjölbreyttrar fæðu og heilsusamleg lífennis.

Trefjaríkt fæði, gerjaðar afurðir og öflugir mjólkursýrugerlar geta örvað vöxt hagstæðra örvera í meltingarveginum og haft jákvæð áhrif á líkamspýngd.

Parmaflóran er mikilvæg fyrir geðheilsu og öflugt ónæmiskerfi.

Í ljós hefur komið að parmaflóra þessara hópa er ekki eins og hjá þeim sem eru hraustir, sem gefur til kynna hversu mikilvæg parmaflóran er. Að auki er stór hluti ónæmiskerfis okkar staðsettur í meltingarveginum og því er mjög mikilvægt

að huga að heilbrigði parmaflórunnar. Virkni og almennt heilbrigði meltingarvegarins ræðst meðal annars af samsetningu örveiruflóru í parmaflórunni. Ein leið til þess að huga að heilbrigði meltingarvegs er að taka inn mjólkursýrugerla á hverjum degi.

Hefur parmaflóran áhrif á þyngd?

Rannsóknir gefa til kynna að nokkuð sterk tengsl séu á milli ástands parmaflóru og líkamspýngdar. Í stuttu máli þá bendir allt til þess parmaflóra folks sem er grannvaxið sé önnur en hjá fólki

í yfirvigt. Þetta gefur okkur visbendingar um að fjöldi hitaeininga hafi ekki allt að segja um þyngd okkar, heldur hafi öflug og heilbrigð parmaflóra einnig mikið um það að segja.

Trefjaríkt fæði, gerjaðar afurðir og inntaka á öflugum mjólkursýrugerlum geta örvað vöxt hagstæðra örvera í meltingarveginum og haft þannig jákvæð áhrif á líkamspýngd okkar. Það er nefnilega ekki málið að telja hitaeiningarnar heldur skiptir höfuðmáli hversu góð upptaka næringarefna er og svo vinnsla líkamans á næringunni í þörmunum.

Góðgerlar sem margfalda sig í þörmunum

Prógastró Gull mjólkursýrugerlarnir eru afar öflugir, en í hverju hylki eru 15 milljarðar af gall- og sýruþolnum gerlastofnum. Einn af þeim er *L. acidophilus* DDS®-1 en þetta er nafn á mjög áhrifaríkum gerlastofni sem margfalda sig í þörmunum. *L. acidophilus* DDS®-1 er talinn gagnlegur fyrir alla aldurshópa.

Sölustaðir: Flest apótek, heilsu- og heilsuhillur verslana.

Glucosamine & Chondroitin Complex

Þetta bætiefni inniheldur glúkósamín og kondróttín sulfát en þessi tvö efni hafa reynst mörgum vel fyrir liðina.

Dagsskammtur inniheldur 1000 mg af glúkósamíni og 200 mg af kondróttíni ásamt engifer, túrmerik, C-vítamíni og rósaldin (rosehips).

C-vítamín stuðlar að eðlilegri myndun kollagens fyrir eðlilega starfsemi brjósks.

Efni sem bæklunarlæknar mæla með
Nú í bætiefnaformi

Fæst í Lyf og Heilsu, Apótekanum og flestum stórmörkuðum.

Undir hvelfingu í Síberíu

Nú stendur yfir tilraun í sífrera Síberíu sem gengur út á að athuga hvort það geti verið þægilegra að búa í húsi undir hvelfingu í miklum kulda og hvaða áhrif slík búseta hefur á íbúa og umhverfi.

Oddur Freyr
Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Vísindatilraunin fer fram í sífreranum í Jakútíu í Rússlandi, þar sem fjölskyldur prófa að búa til lengri tíma í húsi undir hvelfingu. Ef tilraunin heppnast vel verða fleiri hús byggð undir hvelfingum í Jakútíu, sem er í norðausturluta Rússlands og eitt kaldasta byggða svæði heims.

Tilraunin hófst í desember síðastliðnum og til að byrja með voru það hjónin Vitaly og Regina Litvinov ásamt ketti sínum, Zack, sem bjuggu í húsinu. Í byrjun mars tóku svo hjónin Alexander og Aina Efremov, ásamt dóttur sinni og ketti, við húsinu.

Húsið er hluti af vísindatilraun Sinet-rannsóknarhópsins og ríkisháskóla (North-Eastern Federal University eða NEFU) í borginni Yakutsk, sem er höfuðborg Jakútíu. Tilgangur þess er að athuga hvort þessar óvenjulegu byggingar geti bætt líf þeirra sem búa á köldum svæðum. Það er líka verið að kanna hvernig hvelfingin hefur áhrif á orkunotkun hússins, sífrerann undir því og hvernig það fer með andlega og líkamlega heilsu íbúanna að búa á slíkum stað.

Eitt kaldasta svæði heims

Jakútía er mjög kalt svæði. Á veturna er oft yfir 40 stiga frost og og í höfuðborginni Yakutsk gengur lífið sinn vanagang svo lengi sem frostið er ekki meira en 50 gráður.

Í borginni búa yfir 300 þúsund manns. Hún er kaldari á veturna en nokkur önnur stórborg heims, stærsta borgin sem er byggð á sífrera og ein stærsta borgin sem enginn vegur liggur til. Meðalhitinn yfir árið er tæplega níu stiga frost, en það er stundum mjög heitt á sumrin, þrátt fyrir mikinn kulda á veturna.

Húsið í hvelfingunni er staðsett um 40 kílómetra frá Yakutsk. Það er 128 fermetrar og því fylgir tveggja bíla bílskúr og verönd. Í raun er ekkert sérlega markvert við húsið fyrir utan risastóru plasthvelfinguna sem umlykur það, sem er 20 metrar í þvermál og 10 metra há.




Mesti munurinn sem mældist á hitastiginu innan og utan hvelfingarinnar var 20 gráður. Þá var 50 stiga frost utan hvelfingarinnar, en ekki nema 29 stiga frost innan hennar.

Vinna og ábyrgð

Það voru um 60 fjölskyldur sem buðu sig fram til að taka þátt í rannsóknarverkefninu, en það tók sinn tíma að finna þær réttu. Á meðan fjölskyldan býr í húsinu þarf hún reglulega að mæla hitastig á ólíkum stöðum í húsinu og skrásetja upplifun sína með myndbandsbloggi.

„Flestir vildu fá 15 mínútur af frægð og gerðu sér ekki grein fyrir því hvað verkefninu fylgdi mikil vinna og ábyrgð,“ sagði Dmitry Filippov, umsjónarmaður verkefnisins, í samtali við Russia Beyond. „Þess vegna var umsóknarferlið þrískipt og bæði lækna og sálfræðingar komu að valinu.“

Vitaly og fjölskylda hans fluttu inn í húsið 2. desember 2019 og í lok febrúar, eftir rétt tæplega



Vitaly Litvinov og Regina Sukhoroslova voru fyrst til að flytja inn í húsið með kettinum sínum. Þau voru ánægð með vistina þar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

þriggja mánaða dvöl, sagðist hann ánægður með upplifunina.

„Ég sótti um vegna þess að mig langaði að komast burt frá borginni og vera nær náttúrunni og fjöllumunum,“ sagði hann. „Ég keyri enn þá í vinnuna á hverjum degi og það eina sem veldur vandræðum er að ef eitthvað bílar í húsinu þarf ég að gera við það sjálfur.“

Alexander Efremov sagði líka að heilt yfir væri hann og fjölskylda hans ánægð á nýja heimilinu.

Hlýrra í hvelfingunni

Fljótlega varð ljóst að hvelfingin

tryggir íbúum mun hærra hitastig.

„Það fyrsta sem við tókum eftir er að það er munur á hitastiginu utan og innan hvelfingarinnar,“ sagði Dmitry Filippov. „Eins lags hvelfing veitir töluverða vernd og varðveitir hita sem myndast bæði frá sólarljósi og húsinu sjálfu.“

Mesti munurinn sem mældist á hitastiginu innan og utan hvelfingarinnar var 20 gráður. Þá var 50 stiga frost utan hvelfingarinnar, en ekki nema 29 stiga frost innan hennar.

Gæti bætt líf verkamanna

Dmitry Filippov segir enn of



Á veturna er reglulega yfir 40 stiga frost á svæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

snemmt að segja til um hvort hús í hvelfingum verði nothæfur valkostur á köldum svæðum.

„Þetta er dýrt og ég get bara ímyndað mér að þessi tækni vekji áhuga þeirra sem búa og vinna á svæðum þar sem loftslagið er kalt og það er mikið rok og rigning,“ segir hann. „Það væri líka hægt að nota hvelfingarnar til að vernda námur, vinnslustöðvar, verksmiðjur og húsnæðiseiningar starfsfólks til að gera líf verkamanna öruggara og þægilegra.“

Tilraunin stendur yfir út maí-mánuð en niðurstöður hennar verða kynntar síðar.

Föstudaginn 15. maí gefur Fréttablaðið út sérblaðið

ÚTIVIST

Í þessu glæsilega blaði verða skemmtileg viðtöl við allskonar fólk sem hefur smitast af útivistarbakteríunni.

Fjallgöngur, hlaup, hjólréiðar eða skokk um göngustíga borgarinnar.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.



Nánari upplýsingar um blaðið veitir

Arnar Magnússon sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5652 / arnarm@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

NAV forritari - einstakt tækifæri utan höfuðborgarsvæðisins

Öflugt fyrirtæki óskar eftir að ráða NAV forritara. Um er að ræða traust fyrirtæki í umfangsmikilli og fjölbreyttri starfsemi.

Helstu verkefni:

- Forritun á viðskiptalausnum með áherslu á Dynamics NAV
- BI verkefni
- Ferlavinna og þarfagreiningar

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Tölvunarfræði eða sambærileg menntun
- Reynsla af forritun í Dynamics NAV eða öðrum viðskiptakerfum
- Öguð og skipulögð vinnubrögð
- Metnaður og samskiptafærni

Umsóknarfrestur er til og með 18. maí 2020. Umsókn óskast útfyllt á www.intellecta.is. Umsókn þarf að fylgja starfsferilskrá. Nánari upplýsingar veitir Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) í síma 821 1145. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



Forstjóri óskast

Fjármála- og efnahagsráðuneytið leitar að framsýnum leiðtoga með brennandi áhuga á að bæta þjónustu og rekstur ríkisins sem forstjóri Ríkiskaupa.

Forstjórinn þarf að hafa framtíðarsýn fyrir rekstur og þjónustu ríkisins ásamt frumkvæði og metnaði til að sýna árangur og kraft til að hrinda verkefnum í framkvæmd. Viðkomandi mun taka virkan þátt í umbreytingarferli og innleiðingu aðgerða þvert á stofnanir ríkisins ásamt því að stýra stofnuninni og bera ábyrgð á rekstri hennar, þjónustu og árangri.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á meistarastigi sem nýtist í starfi.
- Árangursrík reynsla af stjórnun, rekstri, stefnumótun og áætlanagerð er skilyrði.
- Færni og reynsla af umbótavinnu og breytingarstjórnun er skilyrði.
- Sannfærandi samskiptahæfni ásamt leiðtogahæfileikum, getu og vilja til að hvetja aðra til árangurs.
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu og alþjóðasamstarfi er kostur.
- Færni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku er nauðsynleg.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf um hvers vegna sótt er um starfið, rökstuðningi um færni viðkomandi til að gegna starfinu og upplýsingar um árangur sem viðkomandi hefur náð í fyrri störfum.

Nánari upplýsingar um Ríkiskaup er að finna á heimasíðu stofnunarinnar www.rikiskaup.is

Fjármála og efnahagsráðherra skipar forstjóra Ríkiskaupa til fimm ára. Starfskjör eru í samræmi við grunnmat starfa forstöðumanna sem er aðgengilegt á vef Stjórnarráðs Íslands ásamt stjórnendastefnu ríkisins.

Upplýsingar um embættið veitir Guðrún Ögmundsdóttir skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, í síma 545 9200.

Umsóknarfrestur er til og með 11. maí nk.
Umsóknum skal skila rafrænt á vef Starfatorgs.

Stjórnarráð Íslands
Fjármála- og
efnahagsráðuneytið





EFNISSTJÓRNUN Á STAFRÆNUM MIÐLUM (CONTENT MANAGEMENT)

Ert þú drífandi og frjór einstaklingur með reynslu af framleiðslu á efni og efnisstjórnun fyrir stafræna miðla? Þá gætum við verið að leita að þér til að taka við nýju og spennandi starfi hjá Icepharma.

Icepharma er öflugt fyrirtæki í notkun stafræna miðla í sölu- og markaðssetningu og rekur meðal annars vefina hverslun.is og hmagasin.is. Starf sérfræðings í efnisstjórnun felst í því að styðja við og styrkja metnaðarfullan vöxt Icepharma á þessu sviði. Starfið er unnið þvert á svið og deildir innan fyrirtækisins og felur í sér náð samstarf við m.a. markaðsstjóra, hönnunarstjóra og vörumerkjastjóra.

Verkefni og ábyrgð

- Framleiðsla á auglýsingaefni fyrir vef- og samfélagsmiðla
- Framleiðsla á stafrænu markaðsefni
- Textaskrif og ljósmyndun fyrir vef- og samfélagsmiðla
- Virk þátttaka í markaðsherferðum í samvinnu við markaðsstjóra
- Greinaskrif fyrir H Magasín
- Samskipti við áhrifavalda
- Virk þátttaka í þróun á stafrænum miðlum Icepharma

Pekking og hæfni

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af gerð markaðsefnis fyrir vef- og samfélagsmiðla
- Reynsla af ljósmyndun
- Reynsla af hugmyndavinnu og textagerð
- Mjög gott vald á íslensku í töluðu og rituðu máli
- Reynsla af myndbandsgerð er kostur
- Þekking á helstu forritum til gerðar auglýsinga- og kynningarefnis s.s. InDesign, Illustrator og Photoshop
- Góður skilningur á hönnun og virkni stafræna miðla
- Gott vald á ensku í töluðu og rituðu máli
- Drifkraftur og sjálfstæð vinnubrögð
- Jákvæðni, framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum og tengslamyndun
- Þjónustulund, fagmennska og frumkvæði

Nánari upplýsingar um starfið veita Trausti Þór Karlsson, sölu- og markaðsstjóri stafræna miðla, trausti@icepharma.is og Solveig H. Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Samskiptasviðs, solveigs@icepharma.is. Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um störf hjá Icepharma. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og í samræmi við lög um meðferð persónuupplýsinga.

Icepharma er í fararbroddi á íslenskum heilbrigðis- og neytendamarkaði. Kjarninn í starfsemi okkar er að auka lífsgæði með öflugum framboði af heilsueflandi vörum. Hjá fyrirtækinu starfa um 100 manns við sölu og markaðssetningu, sérfræðiráðgjöf og þjónustu. Við leggjum áherslu á metnað, frumkvæði og svigrúm starfsfólks til að vaxa og þróast í starfi.



Umsóknarfrestur er til og með 18. maí 2020.

Sótt er um starfið á ráðningarvef Icepharma: www.icepharma.is / Um Icepharma / Atvinna

Kennarastöður við eftirfarandi greinar eru lausar til umsóknar hjá Tækniskólanum

- Veggfóðrun og dúklögn
- Húsasmíði
- Pípulagnir
- Íslenska
- Rafiðngreinar
- Tölvugreinar
- Ljósmyndun
- Málm- og véltæknigreinar
- Stálsmiði
- Skipstjórn

Umsóknarfrestur er til og með 18. maí
Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu skólans tskoli.is

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins 

Capacent flokkun

Sparar **tíma** og fyrirhöfn!



Alfred

job
Finnum draumastarfið saman

Erum við að leita að þér?



Skólastjóri Tæknimenntaskólans

Umsóknarfrestur er til og með 24. maí.
Nánari upplýsingar um starfið má finna inn á vefsíðu skólans tskoli.is

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

Skólastjóri Hönnunar- og handverksskólans

Umsóknarfrestur er til og með 18. maí.
Nánari upplýsingar um starfið má finna á vefsíðu skólans tskoli.is

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

Sveitarstjóri

Skútustaðahreppur auglýsir starf sveitarstjóra laust til umsóknar. Leitað er að jákvæðum, heiðarlegum og kraftmiklum einstaklingi sem er reiðubúinn til að leggja sig allan fram í krefjandi starf. Viðkomandi þarf að búa yfir góðri reynslu af því að starfa með fólki og hafa brennandi áhuga á að ná árangri í starfi. Viðkomandi þarf einnig að eiga auðvelt með að koma fram fyrir hönd sveitarfélagsins og vera talsmaður þess, hvort sem er í samskiptum við opinbera stjórnarsýslu, viðskiptavin, íbúa eða fjölmiðla.

Umsóknarfrestur

17. maí

Starfssvið:

- Sveitarstjóri er framkvæmdastjóri sveitarfélagsins og sér um framkvæmd ákvarðana sem teknar eru af sveitarstjórn.
- Sveitarstjóri undirbýr og situr fundi sveitarstjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.
- Sveitarstjóri hefur yfirumsjón með skipulagi og virkni stjórnarsýslu sveitarfélagsins sem og starfsmannamálum.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Farsæl reynsla af stjórnun, rekstri og fjármálum.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnarsýslu og sveitarstjórnarmálum er æskileg.
- Framúrskarandi leiðtogaþæfni og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Þekking og reynsla af stefnumótun og breytingastjórnun er kostur.
- Reynsla af skipulags- og umhverfismálum er kostur.
- Góðir skipulagshæfileikar og metnaður til árangurs.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti, ásamt reynslu af miðlun upplýsinga.



Skútustaðahreppur er hálandasti hreppur landsins og jafnframt einn sá víðfeðmasti. Í Reykjahlíð er þéttbýliskjarni en einnig er all þéttbýlt á Skútustöðum og í Vogum. Svæðið er þekkt fyrir einstakt lífríki og náttúrufergurð en eldsambrot hafa mótað landslagið þar frá órófi alda. Mývatnssveit er einn vinsælasti ferðamannastaður landsins en landbúnaður og orkuvinnsla eru einnig stórar atvinnugreinar. Í sveitarfélaginu hefur íbúum fjölgað á undanföllum árum og eru nú um 500 talsins og verið mikill uppgangur í tengslum við ferðaþjónustuna. Þar er rekinn m.a. grunnskóli, leikskóli, íþróttamiðstöð, bókasafn, félagsheimili, áhaldahús, þekkingasetur o.fl. Í stjórnarsýslu hreppsins starfa auk sveitarstjóra skrifstofustjóri, skrifstofufulltrúi, skipulagsfulltrúi og byggingarfulltrúi. Samstarf við nágrennasveitarfélög er mikið m.a. um brunavarnamál og skóla- og félagsþjónustu.

LEIKSKÓLASTJÓRI ÓSKAST Á HÆÐARBÓL Í GARÐABÆ

Garðabær auglýsir laust til umsóknar starf leikskólastjóra við leikskólann Hæðarból í Garðabæ. Í leikskólanum dvelja 53 börn á aldrinum frá 1 árs til 5 ára. Leikskólinn er þriggja deilda og vinnur samkvæmt áherslum Uppeldis til ábyrgðar (e: *restitution*) þar sem lögð er áhersla á jákvæð samskipti, uppbyggilega orðræðu og ábyrgð einstaklingsins á eigin hegðun. Leikskólinn hefur verið framsækinn í vinnslu fjölbreyttra þróunarverkefna. Einkunnarorð leikskólans eru: Leikur, gleði, nám.

Leitað er að leikskólastjóra til að leiða skólastarfið í samvinnu við starfsfólk, foreldra og börn. Leikskólastjóri tekur einnig þátt í að móta skólasamfélag Garðabæjar með uppbyggilegum og framsýnum hætti í samvinnu við fræðslu- og menningarsvið Garðabæjar.

Helstu verkefni:

- Að vera faglegur leiðtogi
- Að bera faglega og rekstrarlega ábyrgð á starfi leikskólans, stjórna daglegri starfsemi hans og hafa forgöngu um mótun og framgang stefnu leikskólans
- Að vinna náið með starfsfólki að því að skapa frjótt námsumhverfi þar sem vellíðan er tryggð og styrkleikar hvers og eins fái notið sín

Menntunar og hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi æskileg
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Áhugi og reynsla í að leiða þróunarstarf
- Góðir skipulagshæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða í skólastarfi
- Sveigjanleiki og framsýni
- Hæfni í samskiptum

Umsókninni skal fylgja greinargóð ferilskrá um störf umsækjanda og menntun ásamt reynslu hans sem stjórnanda og þeim verkefnum sem hann hefur unnið að og lýsa færni hans til að sinna starfi leikskólastjóra. Umsækjandi þarf einnig að skila greinargerð með hugmyndum sínum um starfið og hvernig hann sér Hæðarból þróast í skólasamfélagi Garðabæjar undir sinni stjórn.

Staðan er laus frá 1. ágúst 2020.


Umsóknarfrestur er til og með 28. maí 2020.

Nánari upplýsingar um starfið veita Halldóra Pétursdóttir leikskólafulltrúi, netfang halldorapet@gardabaer.is eða í síma 525 8500 og Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, netfang eirikurbjorn@gardabaer.is eða í síma 525 8500.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags stjórnenda í leikskólum.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar <https://starf.gardabaer.is>



Kælimiðjan Frost ehf. óskar eftir að ráða tæknifræðing / verkfræðing af orkusviði til starfa.

- Krafa er að viðkomandi sé véltæknifræðingur / verkfræðingur af orkusviði.
- Hafi góða færni í notkun Autodesk Inventor og Autocad.
- Hafi góða færni í mannlegum samskiptum.
- Hafi góða færni í ensku.
- Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Kælimiðjan Frost ehf. er með höfuðstöðvar á Akureyri og starfsstöð í Garðabæ, hjá fyrirtækinu starfa u.þ.b. 60 starfsmenn.

Frost fæst aðallega við hönnun og uppsetningu á frysti og kælikerfum til iðnaðarnota, bæði land og skipakerfa, auk þess að sinna viðhaldi slíkra kerfa.

Íslensk og erlend sjávarútvegsfyrirtæki eru helstu viðskiptavinir Frosts.

Undanfarin ár hefur yfir helmingur af veltu fyrirtækisins verið vegna verkefna erlendis.

Áhugasamir vinsamlega sendið ferilskrá og aðrar upplýsingar á gunnar@frost.is



Kennarastöður við Menntaskólann í Reykjavík

Lausar eru til umsóknar kennarastöður í eftirtöldum námsgreinum:

- stærðfræði
- íslensku
- sögu

Hæfni- og menntunarkröfur:

- háskólapróf í kennslugrein eða skyldum greinum
- leyfisbréf (sbr.lög nr. 95/2019)
- kennslureynsla á framhaldsskólastigi
- góð samskipta- og skipulagshæfni
- áhugi á að starfa í öflugum skólasamfélagi

Launakjör eru samkvæmt stofnanasamningi skólans við Kennarasamband Íslands.

Umsóknarfrestur er til og með 18. maí 2020.

Umsóknum skal skilað inn á Starfatorg (www.starfatorg.is) og þar eru nánari upplýsingar.

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um störf hjá MR.

Rektor

RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR



intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is

LAUS STÖRF HJÁ VINNUMÁLASTOFNUN



Vegna aukinna verkefna leitar Vinnumálastofnun eftir starfsmönnum til ýmissa starfa. Viðkomandi starfsmenn þurfa að vera tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni og vinna á árangursríkan hátt í samstarfi við innri og ytri hagsmunaaðila. Leitað er eftir einstaklingum sem eiga auðvelt með að tileinka sér gildi Vinnumálastofnunnar en einnig þurfa þeir að búa yfir ríkri samskipta- og skipulagshæfni.

RÁÐGJAFAR Í REYKJAVÍK OG Á SELFOSSI

Ráðgjafar þjónusta atvinnuleitendur og atvinnurekendur með það að markmiði að vinna gegn atvinnuleysi. Í starfi sínu þurfa ráðgjafar að geta beitt fjölbreyttum aðferðum og myndað tengsl við ólíka aðila til að vinna að hagsmunum atvinnuleitenda og atvinnulífs.

HELSTU VERKEFNI:

- Almenn ráðgjöf og vinnumiðlun
- Ráðgjöf og vinnumiðlun við fólk með skerta starfsgetu
- Ráðgjöf við náms- og starfsval
- Skráningar og upplýsingamiðlun
- Kynningar, starfsleitafundir og námskeið
- Koma á og viðhalda tengslum við fyrirtæki
- Koma á og viðhalda tengslum við ólíka samstarfs- og hagsmunaaðila

MENNTUN OG HÆFNI:

- Háskólapróf sem nýttist í starfi s.s. á sviði náms- og starfsráðgjafar, félagsráðgjafar, eða önnur menntun á félagssviði
- Reynsla af ráðgjöf og vinnumiðlun
- Samskipta- og skipulagshæfni
- Þekking af atvinnulífi svæðisins æskileg

Nánari upplýsingar um starfið á höfuðborgarsvæðinu veita Hrafnhildur Tómasdóttir, sviðsstjóri, hrafnhildur.tomasdottir@vmst.is og Guðlaug H. Pétursdóttir, forstöðumaður, guðlaug.petursdottir@vmst.is

Nánari upplýsingar um starfið á Suðurlandi veitir Svava Júlía Jónsdóttir, forstöðumaður svava.jonsdottir@vmst.is

Starfanúmer (höfuðborgarsvæðið):
202004/805

Starfanúmer (Suðurland):
202004/806

SÉRFRÆÐINGAR Í MÁLEFNUM ÚTLENDINGA

Sérfræðingar í málefnum útlendinga veita allhliða ráðgjöf og þjónustu við erlenda ríkisborgara í atvinnuleit og aðstoða atvinnulífið við að skapa störf og gott starfs- umhverfi fyrir erlenda ríkisborgara.

HELSTU VERKEFNI:

- Almenn ráðgjöf og vinnumiðlun við erlenda ríkisborgara í atvinnuleit
- Ráðgjöf og eftirlit með framkvæmd laga á íslenskum vinnumarkaði
- Kynningar, starfsleitafundir og námskeið
- Koma á og viðhalda tengslum við fyrirtæki
- Greining á þjónustuhópnum og þörfum hans
- Stuðla að jákvæðri og sanngjarnri umræðu um erlent vinnuafli á íslenskum vinnumarkaði

MENNTUN OG HÆFNI:

- Háskólapróf sem nýttist í starfi
- Menningarlausn
- Verkefnastjórnun með fjölþjóðlegum hóp
- Góð færni í ensku og önnur tungumálakunnátta kostur
- Þekking á íslenskum vinnumarkaði
- Færni í nýsköpun

Nánari upplýsingar um starfið veitir Björk Hákanson, deildarstjóri útlendingadeildar bjork.hakansson@vmst.is

Starfanúmer: 202004/809

SÉRFRÆÐINGUR UM VINNUMARKAÐ

Sérfræðingur í rannsóknum sinnir ytri og innri greiningum og þjónustar allar starfsstöðvar stofnunarinnar. Leitað er að jákvæðum og öflugum einstaklingi til að vinna með núverandi teymi.

HELSTU VERKEFNI:

- Greining og spár um atvinnuhorfur og stöðu á íslenskum vinnumarkaði
- Greining á færniþörf á vinnumarkaði og innan einstakra atvinnugreina
- Söfnun tölfræðilegra gagna og úrvinnsla þeirra
- Vinnumarkaðsrannsóknir bæði sjálfstæðar og í samvinnu við aðra aðila
- Þjónusta við innri aðila stofnunarinnar við greiningar og aðra tölfræðilega úrvinnslu
- Opinberar kynningar á niðurstöðum fyrir hönd stofnunarinnar

MENNTUN OG HÆFNI:

- Mastergráða á sviði félagsvísinda s.s. hagfræði, stjórn málafræði, félagsfræði
- Góð þekking og reynsla af tölfræðilegum greiningum
- Þekking og reynsla af rannsóknum og greiningum á málefnum vinnumarkaðarins
- Góð þekking á EXCEL nauðsynleg
- Reynsla af notkun á SQL gagnagrunni æskileg
- Þekking og reynsla af notkun R kostur
- Reynsla af teymisvinnu

Nánari upplýsingar um starfið veita Karl Sigurdsson, vinnumarkaðssérfræðingur: karl.sigurdsson@vmst.is og Margrét Kr. Gunnarsdóttir, sviðsstjóri: margret.gunnarsdottir@vmst.is

Starfanúmer: 202004/807

SÉRFRÆÐINGUR Í TÖLVUDEILD

Sérfræðingur í tölvudeild þjónustar allar starfsstöðvar stofnunarinnar. Leitað er að jákvæðum og öflugum einstaklingi til að vinna með núverandi teymi. Tölvudeildin er staðsett í Reykjavík.

HELSTU VERKEFNI:

- Viðhald, nýsmíði og framþróun tölvukerfa stofnunarinnar
- Rekstur og umsýsla tölvukerfa og gagnagrunna
- Samskipti og eftirlit með aðkeyptri forritunarvinnu
- Dagleg þjónusta í tölvudeild

MENNTUN OG HÆFNI:

- Tölvunarfræði eða önnur sambærileg menntun
- Góð þekking og innsýn í rekstur SQL gagnagrunna
- Þekking og reynsla á Navision og Office 365
- Starfsreynsla á sviði tölvumála nauðsynleg
- Þekking á rekstri veþþjóna kostur
- Reynsla af teymisvinnu
- Góð samskiptahæfni krafa

Nánari upplýsingar um starfið veita Rúna H. Hilmarsdóttir, deildarstjóri runa.hilmarsdottir@vmst.is Margrét Kr. Gunnarsdóttir, sviðsstjóri margret.gunnarsdottir@vmst.is

Starfanúmer: 202004/808

Umsóknarfrestur er til og með 25. maí nk.

Sækja skal um störf á Starfatorgi: www.starfatorg.is undir starfanúmeri viðkomandi starfs. Laun eru samkvæmt stofnanasamningi Vinnumálastofnunar og viðkomandi stéttarfélags.

Fyrirmyndarþjónusta

Virðing

Áreiðanleiki

Þróun og viðhald hátækni vinnubjarka og fiskvinnsluvéla, framtiðarstarf í Sandgerði



Samherji fiskeldi auglýsir eftir rafvirkja, vélfræðingi eða einstaklingi með sambærilega menntun og/eða reynslu til starfa í nýrri vinnslu félagsins í Sandgerði. Okkur vantar einstakling í liðið til að framleiða vörur af bestu gæðum í fullkomnustu tækjum sem völ er á.

Viðkomandi þarf að hafa:

- Metnað fyrir framleiðslu hágæða matvæla
- Getu til að starfa sjálfstætt og frumkvæði til að vinna að fyrirbyggandi viðhaldi með nýtingu á viðhaldshugbúnaði
- Þekking á iðnstýringum
- Vera jákvæður, úrræðagóður og tilbúin að takast á við nýjungar í tækni
- Starfið felst í að gangsetja og keyra vinnsluna, eftirliti, þróun, umhirðu og viðhaldi véla og tækja í nýrri og fullkominni fiskvinnslu félagsins
- Menntun á sviði rafvirkjunar, rafeindavirkjunar eða vélvirkjunar er kostur
- Góð tölvukunnátta er skilyrði
- Enskukunnátta er skilyrði

Nánari upplýsingar veitir Jón Kjartan Jónsson, framkvæmdastjóri í síma 560 9000.

Vinsamlega skilið skriflegum umsóknum til Önnu Maríu Kristinsdóttur, Starfsmannastjóra Samherja hf Glerárgötu 30, 600 Akureyri eða með tölvupósti á netfangið anna@samherji.is



Samherji er eitt öflugasta sjávarútvegsvirktæki Evrópu, með fjölbreytta starfsemi víðsvegar um heim. Samherji hefur á að skipa hæfu og framtakssömu starfsfólki og stjórnendum, öflugum skipaflota, miklum aflaheimildum og fullkomnum fiskvinnslum í landi.

Samherji fiskeldi er dótturfyrirtæki Samherja og er fiskeldisfyrirtæki sem rekur fimm eldisstöðvar, tvær á Suðurnesjum, eina í Ölfusi og tvær í Óxarfirði. Samherji fiskeldi er sérhæft í landeldi á laxi og bleikju og rekur eina fullkomnustu fiskvinnslu landsins sem er sérhæft til vinnslu á bleikju. Vinnslan var opnuð í febrúar 2018 og er í Sandgerði. Félagið er stærsti bleikjuframleiðandi í heimi og selur afurðir sínar ferskar og frosnar til kröfuhörðustu stórmarkaða og veitingahúsa víða um heim. Gæði og áreiðanleiki eldisferils Samherja fiskeldis er vottaður af óháðum aðila.

Nánari upplýsingar á www.samherji.is



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Skólastjóri Hvassaleitisskóla

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu skólastjóra við Hvassaleitisskóla lausa til umsóknar.

Hvassaleitisskóli er hverfisskóli fyrir nemendur í 1.-7. bekk í grónu íbúðahverfi. Í skólanum eru um 170 nemendur og þar starfa um 50 starfsmenn.

Áhersla er lögð á skólaþróun í takt við menntastefnu Reykjavíkurborgar, nýjar rannsóknir á námi og kennslu og þróun samfélagsins. Skólinn starfar eftir uppeldisstefnunni Uppeldi til ábyrgðar þar sem lögð er áhersla á samábyrgð, virðingu og samvinnu nemenda og starfsmanna skólans. Sérdeild fyrir einhverfa nemendur er starfrækt við skólann og unnið er að eflingu í upplýsinga- og samskiptatækni. Mikil áhersla er lögð á læsi í víðasta skilningi, félagsfærni og sjálfseflingu. Unnið er eftir kennsluáferð Byrjendalæsis í yngri bekkjum skólans. Gott og markvisst samstarf er við leikskóla hverfisins með verkefninu Sögurammi, Brúarsmiði en markmið þess er að auðvelda aðlögun leikskólanemenda að grunnskólanum.

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem býr yfir leiðtogaþæfileikum og hefur víðtæka reynslu og þekkingu á grunnskólastarfi.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Veita skólanum faglega forystu og móta framtiðarstefnu hans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Bera ábyrgð á samstarfi aðila skólasamfélagsins.

Í öllu starfi skóla- og frístundasviðs er unnið að innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur, Látum draumana rætast, þar sem leiðarljósin eru virkni og þátttaka barna, aukið samstarf og fagmennska.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfi til að nota starfsheitið kennari.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á grunnskólastigi.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Stjórnunarhæfileikar.
- Færni í áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Færni til að leita nýrra leiða í skólastarfi og leiða framsækna skólaþróun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið kennari, greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á skólastarfið, upplýsingar um framsækin verkefni sem umsækjandi hefur leitt og annað er málið varðar.

Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2020. Umsóknarfrestur er til og með 25. maí 2020.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna Skólastjórafélags Íslands. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf.

Nánari upplýsingar veita Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólahluta fagskrifstofu, og Ragnheiður E. Stefánsdóttir, mannauðsstjóri, sími 411 1111. Netföng: soffia.vagnsdottir@reykjavik.is / ragnheidur.e.stefansdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.



Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningar sniðnar að þörfum viðskiptavinarins.

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770
www.radum.is • radum@radum.is

ráðum
ráðningarstofa



Þingeyjarsveit

590602-2640
Kjarna - 650 Laugar
Sími: 464 3322 – Bréfsími: 464 3422
thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is
www.thingeyjarsveit.is

**Þingeyjarskóli í Þingeyjarsveit auglýsir
eftirfarandi stöðu lausa til umsóknar:**

Stöðu íþróttakennara

Við leitum að kennara sem:

- Treystir sér í faglega og metnaðarfulla vinnu
- Hefur lausnamiðaða nálgun á viðfangsefnum
- Er sveigjanlegur og með góða samskiptahæfni
- Er sjálfstæður í vinnubrögðum og sýnir/býr yfir frumkvæði
- Hefur metnað til að takast á við ný og spennandi verkefni
- Vill taka þátt í teymisvinnu
- Hefur reynslu af íþrótt- og sundkennslu

Þingeyjarskóli er samrekin leik-, grunn- og tónlistarskóli með rétt um 100 nemendur. Þar af tæplega 30 leikskólanemendur á tveimur starfsstöðvum.

Áhersla er lögð á teymisvinnu og fjölbreytta kennslu-hætti innan skólans. Rík tónlistarhefð er við skólann.

Lögð er áhersla á samvinnu og sameiginlega ábyrgð starfsmanna á verkefnum skólans.

Gerðar eru kröfur um mikla hæfni í mannlegum samskiptum, stundvísi og hreint sakavottorð.

Staðan er laus frá og með 1. ágúst 2020
Umsóknarfrestur er til 20. maí 2020

Umsóknir skulu sendast á netfangið johannrunar@thingeyjarskoli.is

Nánari upplýsingar veitir Jóhann Rúnar Pálsson skólastjóri í vs 4643580/8990702 eða í gegnum netfangið johannrunar@thingeyjarskoli.is



MENNTASKÓLINN
ÁSBRÚ · GAMEDEV

Við Menntaskólann á Ásbrú er starfrækt eina stúdentsbraut landsins með sérhæfingu í tölvuleikjagerð. Við námsbrautina er mikil áhersla á nútímaleg vinnubrögð kennara og nemenda, í nánu samstarfi við fyrirtæki í hugverkaiðnaði.

Námsbrautin er breiður grunnur til framhaldsnáms á háskólastigi með færni til framtíðar að leiðarljósi.

Kennara vantar í eftirfarandi kennslugreinir fyrir skólaárið 2020 - 2021:

Tölvuleikjagerð
Danska
Stærðfræði
Heimspeki
Eðlisfræði
Forritun
Margmiðlun
Enska
Listasaga
Spænska

Gerð er krafa um háskólamenntun í kennslugreininni og fullgild kennsluréttindi á framhaldsskólastigi í viðkomandi kennslugrein.

Skólameistari veitir nánari upplýsingar á nanna@keilir.net. Sótt er um rafrænt á: www.menntaskolinn.is

Við hvetjum jafnt konur sem karla til þess að sækja um.

Umsóknarfrestur er til og með 18. maí 2020.
Fullum trúnaði heitið.



Keilir
Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs

MENNTASKOLINN.IS

SKAPANDI SAMFÉLAG Á FRÆÐASVIÐI LISTA STJÓRNENDUR VIÐ LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS

SVIÐSFORSETAR: ARKITEKTÚR, HÖNNUN OG MYNDLIST / SVIÐSLISTIR OG TÓNLIST

Leitað er eftir metnaðarfullum og skipulögðum einstaklingum með góða leiðtogaþæfni í stöðu sviðsforseta myndlistar, hönnunar og arkitektúrs, og í stöðu sviðsforseta tónlistar og sviðslista.

SVIÐSFORSETI

- vinnur að þverfaglegum markmiðum Listaháskólans í samstarfi við rektor og aðra stjórnendur
- ber ábyrgð á akademískri uppbyggingu sviðsins og innleiðingu á stefnu Listaháskólans
- stýrir starfsemi sviðs í samstarfi við deildarforseta, annast stjórnun þess og rekstur og sinnir starfsmannahaldi

Starfshlutfall er 100%.

Umsóknarfrestur er 21. maí 2020.

Ráðið er í störf frá 4. ágúst 2020.

Ítarlegar upplýsingar um störf, hæfiskröfur og umsóknargögn er að finna á lhi.is/laus-storf
Farið verður með umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.
Skólinn áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

DEILDARFORSETAR: ARKITEKTÚR / HÖNNUN / LISTKENNSLA / SVIÐSLISTIR

Leitað er eftir metnaðarfullum einstaklingum með sterka listræna sýn í stöður deildarforseta í arkitektúr, hönnun, listkennslu og sviðslistum.

DEILDARFORSETI

- ber ábyrgð á listrænni og akademískri stefnumótun fagsviðsins og útfærslu hennar í námi, kennslu og rannsóknnum í samstarfi við sviðsforseta
- leiðir faglegt samtal deildarinnar
- sinnir starfsmannahaldi, málefnum nemenda og almennri starfsemi deildar

Starfshlutfall er 100%.

Umsóknarfrestur er 14. júní 2020.

Ráðið er í störf frá 1. september 2020.

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland University of the Arts

Er um við að leita að þér?

Pósturinn óskar eftir að ráða jákvæða og lausnamiðaða einstaklinga. Pósturinn er að ganga í gegnum miklar breytingar þar sem við leggjum áherslu á stafrænar lausnir og bættu þjónustu við viðskiptavini. Við leitum því að góðum aðilum til að slást í hópinn.

Teymisstjóri Hugbúnaðarþróunar

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Dagleg umsjón með hugbúnaðarþróunarteymi
- Þátttaka í mótun og sýn deildarinnar
- Ábyrgð á verkefnum hugbúnaðarþróunar
- Fagleg ráðgjöf og stuðningur við meðlimi teymisins

Viðkomandi þarf að hafa:

- Umfangsmikla þekkingu og reynslu af .NET CORE / C#
- Reynslu og þekkingu á Design-Patterns
- Áhuga á Test Driven Development og vilja til að vinna með slíkt fyrirkomulag
- Góða þekkingu á gæða-ferlum (Continouos Integration, Build-ferlum og Samstæðustjórnun)
- Reynslu af því að leiða teymi og viðhalda frábærum gæðum
- Getu til að leiðbeina og viðhalda gæðum kóða í gegnum kóðarýni
- Þekkingu á vefþróun með React og Angular TypeScript
- Skilningu á Agile hugmyndafræði og þeim aðferðum sem þar er beitt
- Háskólamenntun eða aðra menntun á sviði tölvunar-/verkfræði sem nýtist í starfi

Æskilegt er að viðkomandi hafi:

- Þekkingu á rekstri í AWS umhverfi
- Þekkingu á Docker / Kubernetes
- Reynslu af Elastic Search

Hugbúnaðarsérfræðingur í SAP teymi

Helstu verkefni:

- Forritun á móti notendaviðmóti SAP kerfi Póstsins
- Gerð og viðhald á vefþjónustulagi SAP
- Þátttaka í þverfaglegum teyimum á sviði stafrænna verkefna

Viðkomandi þarf að hafa:

- Haldgóða reynslu af forritun og gagnagrunnshögun
- Reynslu af gerð vefþjónusta
- Vilja til að kynna sér og læra nýja hluti
- Háskólamenntun eða aðra menntun á sviði tölvunar-/verkfræði sem nýtist í starfi


Æskilegt er að viðkomandi hafi:

- Reynslu af ABAP forritun, og eða reynslu af forritun í viðskiptahugbúnaði s.s Microsoft Dynamics Nav
- Skilningu á Agile hugmyndafræði og þeim aðferðum sem þar er beitt

Umsóknarfrestur er til og með 24.maí 2020. Sótt er um störf á umsóknarvef Póstsins, www.posturinn.is. Umsókn skal fylgja ferilsskrá og kynningarbréf sem greinir frá ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni í starfið.

Pósturinn er með Jafnlaunavottun og hvetur öll kyn til þess að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar um störf veitir Georg Haraldsson forstöðumaður stafrænna lausna og upplýsingatækni í netfanginu georgh@postur.is.





Sunnulækjarskóli

Við Sunnulækjarskóla á Selfossi eru lausar stöður umsjónarkennara á yngsta- og miðstigi, stöður stærðfræði- og íslenskukennara á elsta stigi og staða kennara í hönnun og smíði frá og með næsta hausti.

Í skólanum eru um 720 nemendur og þar er lögð áhersla á sveigjanlega og fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, teymisvinnu kennara, ábyrgð nemenda og góða samvinnu allra sem að skólafarfinu koma. Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Launaneftdar Sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Leitað er að umsækjendum með kennsluréttindi og sérhæfingu á grunnskólastigi, góða íslenskukunnáttu, áhuga og reynslu af teymiskennslu og góða samskiptahæfni.

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu skólans: <http://www.sunnulaekjarskoli.is> og hjá skólastjóra í síma 480-5400.

Umsóknarfrestur er til 18. maí 2020 en ráðið er í stöðurnar frá 1. ágúst 2020.

Sækja þarf um stöðurnar á vef Sveitarfélagsins Árborgar, <http://starf.arborg.is>.

Skólastjóri



Starf laust til umsóknar Yfirmatráður – Deildarstjóri skólamötuneytis

Skólamötuneyti Húsavíkur hefur starfsemi sína 1. ágúst næst komandi. Mötuneyti leikskólans Grænuvalla og mötuneyti Borgarhólsskóla verða þá sameinuð í eitt. Yfirmatráður mun reka mötuneytið sem sérstaka deild innan sveitarfélagsins og vera deildarstjóri hennar. Eldað verður í vel útbúnu eldhúsi í Borgarhólsskóla. Stöðugildi við mötuneytið verða samtals fjögur og eldað verður daglega fyrir um 550 nemendur og starfsmenn Borgarhólsskóla og Grænuvalla auk starfsmanna stjórnsýsluhúss.

Starfslýsing

Fullt starf yfirmatráðs skólamötuneytis Húsavíkur er laust til umsóknar. Laun eru samkvæmt kjarasamningi.

Leitað er að stjórnanda sem hefur metnað og býr yfir hæfni til að skipuleggja öflugt og metnaðarfullt skólamötuneyti í samvinnu við skólana, starfsfólk, foreldra og nemendur. Leitað er eftir stjórnanda sem hefur sterka og faglega sýn á starfsemi skólamötuneytis. Yfirmatráður mun bera ábyrgð á fjárhagsáætlun og rekstri, ráðningu annarra starfsmanna og mannahaldi, matseðlagerð, pöntun hráefnis, eldamennsku, verkskipulagi og annarri starfsemi mötuneytisins.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Reynsla af stjórnun og/eða faglegri forystu í mötuneytiseldhúsi er æskileg
- Forystuhæfileikar, mikil samskiptahæfni og góðir skipulagshæfileikar
- Sveinspróf í matreiðslu eða matartækni nám
- Reynsla af rekstri og fjárhagsáætlunargerð er kostur

Umsóknarfrestur er til og með 24. maí 2020.

Umsóknnum skal skila á rafrænu formi til fræðslufulltrúa Norðurþings á netfangið jon@nordurthing.is

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Norðurþings að Ketilsbraut 7-9 á Húsavík í síma 464 6100 eða með fyrirspurnum á netfangið nordurthing@nordurthing.is

Norðurþing er öflugt sveitarfélag sem einkennist af fjölbreyttu mannlífi miklum og sköpunarkrafti manns og náttúru.

Malbikun

Loftorka Reykjavík ehf.
óskar eftir vönu fólki í malbikunarvinnu.
Umsóknir berist Loftorku Reykjavík ehf. á
netfangið fridrik@loftorka.com
Upplýsingar veitir Friðrik Jónsson í síma 8920525



Loftorka Reykjavík ehf.
Miðhrauni 10
210 Garðabæ

Smíðir óskast

Við óskum eftir starfsmönnum við smíði og frágang á innréttingum í báta sem fyrirtækið framleiðir.

Viðkomandi þarf að hafa reynslu af sambærilegum störfum og geta unnið sjálfstætt.


Leggjum áherslu á nákvæmni og snyrtimennsku. Sveinspróf er æskilegt en þó ekki skilyrði fyrir ráðningu.

Öllum umsóknnum verður svarað og fullum trúnaði heitið.

Umsóknir og fyrirspurnir skulu sendar á netfangið: atvinna@trefjar.is

TREFJAR EHF.

ÓSEYRARBRAUT 29 • 220 HAFNARFIRDI
SÍMI: 550 0100 • FAX: 550 0120
CLEOPATRA@TREFJAR.IS • WWW.TREFJAR.IS



FRÆDSLUSTJÓRI Á SKRIFSTOFU ALÞINGIS

Skrifstofa Alþingis leitar að kröftugum fræðslustjóra til starfa á rannsókn- og upplýsingaskrifstofu en þar starfa átta sérfræðingar. Starf fræðslustjórans felst einkum í að móta fjölbreytta kynningu og fræðslu um starfsemi Alþingis fyrir alla aldurshópa með áherslu á leik-, grunn- og framhaldsskólanema. Um er að ræða nýtt og spennandi starf í fjölbreyttu og lifandi starfsumhverfi á skrifstofu Alþingis.

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

- Skipulagning og mótun fræðslustarfs fyrir Alþingi.
- Umsjón með starfsemi Skólaþings.
- Móttaka skólahópa og annarra gesta.
- Gerð fræðslu- og kynningarefnis um Alþingi.
- Umsjón með hönnunar- og útgáfuvinnu.
- Upplýsingagjöf og fræðsla til almennings.
- Önnur verkefni sem fræðslustjóra er falið að vinna.

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólapróf í uppeldis- og menntunarfræðum eða annað háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Marktæk reynsla af fræðslu- og kynningarstörfum.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Sjálfstæð, nákvæm og öguð vinnubrögð.
- Skipulags- og samskiptahæfni.
- Framsýni og góð þekking á upplýsingatækni.
- Jákvæðni og sveigjanleiki.
- Reynsla af teymisvinnu er æskileg.

FREKARI UPPLÝSINGAR UM STARFIÐ

Nánari upplýsingar um starfið má finna á Starfatorgi (starfatorg.is) og frekari upplýsingar um starfsemi Alþingis og skrifstofu þingsins er að finna á vef Alþingis (althingi.is).

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL OG MEÐ 25.05.2020.



Sveitarfélagið Strandabyggð auglýsir störf til umsóknar

Tómstundafulltrúi

Sveitarfélagið Strandabyggð auglýsir laust til umsóknar starf tómstundafulltrúa. Um er að ræða fjölbreytt og skemmtilegt starf fyrir skapandi og skipulagðan einstakling sem hefur unun af samskiptum. Um 75% starf er að ræða.

Helstu verkefni

- Verkefnavinna og stefnumótun á sviði tómstunda-, íþrótt- og menningarmála í Strandabyggð
- Samvinna með skólastjóra Grunn-, leik- og tónskóla Hólmavíkur að málefnum á sviði menntunar og tómstunda
- Vinna með Tómstunda-, íþrótt- og menningarnefnd sveitarfélagsins
- Umsjón með starfsemi félagsmiðstöðvarinnar Ozon og ungmennahússins Fjóssins
- Umsjón með Ungmennaráði Strandabyggðar
- Umsjón með skipulögðu starfi eldri borgara í Strandabyggð
- Verkefnastjórnun við hátíðahöld og viðburði á vegum Strandabyggðar
- Undirbúningur vegna vinnuskóla, menningardvalar og sumarnámskeiða
- Stuðningur við félagastarf á sviði tómstunda, íþrótt- og menningar
- Sérstök nýsköpun og stuðningur við þá hópa sem hafa lítið framboð við hæfi í Strandabyggð
- Samvinna við nágrannasveitarfélög og á landsvísi á sviði tómstundamála
- Samstarf við íþróttafélög, starfsfólk íþróttamiðstöðvar og félagasamtök á svæðinu

Æskileg menntun, færni og eiginleikar

- Háskólapróf á sviði tómstunda- og félagsmálafræði eða skyldum greinum sem nýtast í starfi
- Skipulags- og stjórnunarfærni
- Reynsla af félagsstörfum með börnum og ungmennum
- Samskiptafærni og geta til að tjá sig í ræðu og riti
- Frumkvæði, jákvætt hugarfar og hugmyndaauðgi
- Er hvetjandi og góð fyrirmynd

Umsóknarfrestur er til 15. maí 2020. Umsóknnum skal skilað á skrifstofu Strandabyggðar að Höfðagötu 3, eða á netfangið: strandabyggd@strandabyggd.is
Allar frekari upplýsingar um starfið veitir Þorgeir Pálsson sveitarstjóri, í síma 451-3510 eða 899-0020, eða á netfangið thorgeir@strandabyggd.is

Forstöðumaður Íþróttamiðstöðvar

Sveitarfélagið Strandabyggð óskar eftir að ráða forstöðumann Íþróttamiðstöðvarinnar á Hólmavík. Ráðið er í starfið frá 1. júlí n.k. Við leitum að einstaklingi sem hefur leiðtogaþæfni, er lipur í mannlegum samskiptum og hefur brennandi áhuga á uppbyggingu íþrótt- og lýðheilsustarfs í Strandabyggð.

Helstu verkefni:

- Stjórnun og ábyrgð á daglegri starfsemi, fjárhagsáætlunum og rekstri íþróttamiðstöðvar
- Að hafa umsjón með viðhaldi og rekstri tækja og búnaðar
- Faglegri forystu og starfsmannastjórnun
- Að stuðla að framþróun íþróttamiðstöðvarinnar sem og íþróttastarfs í sveitarfélaginu.

Gerðar eru kröfu um að viðkomandi:

- Uppfylli skilyrði sem fram koma í reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum
- Búi yfir skipulags- og stjórnunarfærni
- Búi yfir góðri samskiptafærni og getu til að tjá sig í ræðu og riti
- Hafi til að bera frumkvæði og styrk til ákvarðanatöku
- Sé í starfi sínu hvetjandi og góð fyrirmynd

Forstöðumaður er hluti af stjórnendateymi Strandabyggðar, en í því eru forstöðumenn og sveitarstjóri. Starfinu fylgja því töluverð samskipti við skrifstofu Strandabyggðar, tómstundafulltrúa og aðrar stofnanir sveitarfélagsins, s.s. leik- og grunnskóla og áhaldahús. Auk þess íþróttafélög og önnur félaga-samtök á svæðinu.

Umsóknarfrestur er til 15. maí 2020. Umsóknnum skal skilað á skrifstofu Strandabyggðar að Höfðagötu 3, eða á netfangið: strandabyggd@strandabyggd.is

Allar frekari upplýsingar um starfið veitir Eiríkur Valdimarsson, sveitarstjórnarmaður og formaður Tómstunda-, íþrótt- og menningarneftdar, á skrifstofu sveitarfélagsins, í síma 451-3510 eða 866-3569, eða á netfangið eirikur@strandabyggd.is

Í Strandabyggð búa um 460 manns og er Hólmavík þéttbýlis-staður sveitarfélagsins. Atvinnulíf í sveitarfélaginu er fjölbreytt og skólafarflúg. Boðið er upp á leikskólaláss fyrir börn frá 9 mánaða aldri og auk grunnskóla fyrir börn frá 1.-10. bekk er á staðnum dreifnámsbraut frá FNV fyrir nemendur á framhaldsskólastigi. Öflugt tómstunda-, íþrótt- og menningarstarf er í sveitarfélaginu, s.s. skíðafélag, tveir kórar fyrir fullorðna, tónlistarskóli og áhugaleikfélag og hugað er að því að sem flestir aldurshópar fái notið sín.



VERKLAG EHF.

Húsmiðir!

Verklag ehf. óskar að ráða útsjónarsaman og reynslumikinn húsmið til starfa við utanhúsklæðingar og almenna smíðavinnu.

Umsóknir sendist á netfangið verklag@verklagbygg.is

HS Orka leitar að reyndum verkefnastjóra (Senior Project Director)



Við leitum að öflugum og mjög reynslumiklum verkefnastjóra til að stýra uppbyggingu jarðvarmavirkjunar á Reykjanesi ásamt því að vinna að verkefnastjórnun fyrir fyrirtækið í heild. Í boði er áhugavert starf á krefjandi og skemmtilegum vinnustaði.

Helstu verkefni:

- Verkefnastjórnun og eftirlit með framkvæmda- og fjárfestingaverkefnum.
- Umsjón með gerð og eftirfylgni kostnaðar- og tímaáætlana.
- Tímastjórnun, kostnaðar- og gæðaeftirlit, áhættustýring í verkefnum.
- Ýmiss konar skýrslugerð og upplýsingagjöf til hagsmunaraðila.
- Þátttaka í þverfaglegum umbótaverkefnum.

Hæfniskröfur og eiginleikar:

- Yfirgripsmikil reynsla af því að stýra stórum fjárfestingarverkefnum er skilyrði.
- Reynsla af verkefnastjórnun.
- Góð þekking á alþjóðlega viðurkenndum aðferðum verkefnastjórnunar (t.d. PMI, IPMA, ISO 21500).
- Menntun sem nýtist í starfi, helst á sviði verk- eða tækniþráði.
- Leiðtogahæfileikar.
- Framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum.
- Skipulagshæfni og sjálfstæð vinnubrögð mikilvæg.
- Frumkvæði, metnaður og hugsjón fyrir starfinu.

HS Orka hefur verið leiðandi í framleiðslu endurnýjanlegrar orku í yfir 40 ár og ætlar sér enn stærri hluti í orkuframleiðslu, á umhverfisvænan hátt, samfélaginu til hagsbóta. Hjá fyrirtækinu starfar öflugur hópur sérfræðinga með einstaka reynslu og þekkingu á sínu sviði.

HS Orka á og rekur tvær jarðvarmavirkjanir á Reykjanesi auk þess sem fram undan er tímabil uppbyggingar.

Framsýni og metnaður hafa ætíð verið kjarni í starfsemi fyrirtækisins og hafa lagt grunninn að verkefnum eins og Auðlindagarðinum sem byggir á því að nýta alla afleidda auðlindastrauma af starfsemi HS Orku. Í Auðlindagarðinum hafa hin ýmsu nýsköpunarfyrirtæki vaxið úr grasi og eru einkennisorð hans „Samfélag án sóunar“.

Nánari upplýsingar veitir Petra Lind Einarsdóttir mannauðsstjóri petra@hsorka.is. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Umsóknarfrestur er til og með 17. maí 2020 og er sótt um á www.hsorka.is.



HS ORKA

Við mönnum stöðuna

Capacent_

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent.is



PK verk ehf. er öflugt vertakafyrirtæki sem á rætur sínar að rekja til ársins 1973. Fyrirtækið annast ýmis verkefni í mannvirkjagerð, vegagerð, veitulögnum og húsbýggingum fyrir opinbera aðila og einstaklinga. Fjöldi starfsmanna yfir árið er breytilegur eftir verkefnastöðu en er að meðaltali 30 manns.

PK verk leitar að starfsfólki

Vörubílstjórar og gröfumenn

PK verk ehf. óskar eftir að ráða vörubílstjóra og gröfumenn til starfa. Fyrirtækið hefur í eigu sinni vörubíla og gröfur af ýmsum gerðum og stærðum.

Hæfniskröfur:

- Meirapróf og vinnuvélaréttindi
- Mjög góð hæfni í samskiptum
- Frumkvæði í starfi
- Skipulögð og nákvæm vinnubrögð
- Snyrtimennska
- Reglusemi og stundvísi
- Reynsla nauðsynleg.

Umsókn um starfið með ferilskrá óskast skilað á netfangið pkverk@pkverk.is merkt atvinnuumsókn eigi síðar en 15. maí nk.

Leikskólinn Lauf



Gleði • Hljýja • Virðing

Laus störf við leikskólann Lauf

Sérkennslustjóra, deildarstjóra, leikskólakennara, þroskaþjálfra eða annað uppeldismenntað fólk vantar til starfa í leikskólanum Lauf í Grindavík frá 12. ágúst næstkomandi.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum leikskólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Leikskólinn er fjöggra deilda leikskóli fyrir börn frá 18 mánaða - 6 ára. Við erum „Skóli á grænni grein“ og vinnum eftir Uppbyggingarstefnunni – Uppeldi til ábyrgðar. Gleði, hlýja og virðing eru einkunnarorð skólans. Nánari upplýsingar um leikskólann er að finna á heimasíðu.

Hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun eða önnur uppeldismenntun
- Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum með ungum börnum æskileg
- Færni í samskiptum
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

Vakin er athygli á því að ef ekki fæst leikskólakennari kemur til greina að ráða annað háskólamenntað fólk eða leiðbeinendur. Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar veitir leikskólastjóri í síma 420-1160 og 847-9859. Umsóknir berist til leikskólustjóra á netfangið frida@grindavik.is Endurnýja þarf eldri umsóknir. **Umsóknarfrestur er til 1. júní 2020.**

job

Finnum draumastarfið saman

Erum við að leita **að þér?**

Smíðir óskast

Við óskum eftir starfsmönnum við smíði og frágang á innréttingum í báta sem fyrirtækið framleiðir.

Viðkomandi þarf að hafa reynslu af sambærilegum störfum og geta unnið sjálfstætt.

Leggjum áherslu á nákvæmni og snyrtimennsku. Sveinspróf er æskilegt en þó ekki skilyrði fyrir ráðningu.

Öllum umsóknum verður svarað og fullum trúnaði heitið.

Umsóknir og fyrirspurnir skulu sendar á netfangið: atvinna@trefjar.is

TREFJAR EHF.

ÓSEYRARBRAUT 29 • 220 HAFNARFIRÐI
SÍMI: 550 0100 • FAX: 550 0120
CLEOPATRA@TREFJAR.IS • WWW.TREFJAR.IS



Félagsráðgjafi

Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.




Teitur
Guðmundsson
læknir

Doktor.is

Pitt BMI

BMI = kg/m²
Notaður til mats á ofþyngd og offitu

<18,5	Vannæring
18,5-24,9	Eðlilegt
25-29,9	Yfirþyngd
30-35	Offita
35+	Annarrar gráðu offita



Smokkurinn er besta og eina raunverulega vörnin. MYND/GETTY

Kynsjúkdómar

Það kom fram í máli sóttvarnalæknis að í yfirstandandi COVID-faraldri væri aukning í fjölda tilfella kynsjúkdóma, sérstaklega í lekanda og sárásóttartífellum. Ekki hefur orðið markverð breyting milli ára á klamydíusmiti, sem þó er algengasti kynsjúkdómurinn hérlandis. Flestir þeirra sem greinast eru karlar og meirihluti þeirra er með íslenskt ríkisfang.

Mikilvægt er að minna á það að láta skoða sig ef einstaklingur finnur fyrir einkennum, en einnig ef skipt er reglulega um bólfélag sem eykur áhættu á smiti. Þá er ekki síður mikilvægt að láta skoða og meta slíkt ef einstaklingar eru að hefja samband þar sem einkenni geta komið fram talsvert löngu eftir smit og það hjá báðum kynjum og í flestum tegundum kynsjúkdóma.

Ábyrgt – ekki feimnismál

Hægt er að leita til heimilislæknis til að fá skoðun og rannsókn á heilsugæslu en einnig á göngudeild húð- og kynsjúkdóma hjá Landspítala í Fossvogi. Það ætti ekki að vera feimnismál að fara í pró, það er ábyrgt og rétt að gera slíkt. Smokkurinn er besta og eina raunverulega vörnin, en það að fylgjast með og fá meðhöndlun er mikilvægt til að hindra útbreiðslu. Ekki síður en að tryggja að sjúkdómarnir valdi ekki auknum vanda hjá einstaklingum líkt og ófrjósemi, svo settu öryggið á oddinn og láttu prófa þig.



Mikilvægt er að fá rétta greiningu sem aftur leiðir af sér meðferðarnálgun sem ætti að draga úr einkennum sjúklings burtséð frá orsök vandans.

Liðbólgu og verkir

Hver kannast ekki við það að finna aðeins til, vera svolítið stíður og upplifa að ekki sé jafn mikill hreyfanleiki í kerfinu og þá sérstaklega í liðunum eins og maður á að venjast?

Það er ljóst að öll höfum við fengið einhvers konar einkenni sem við tengjum á stundum við vöðvabólgu, ofálag og að hafa tekið kannski aðeins of mikið á því í ræktinni. Allt saman skýringar sem eiga sér nokkuð góða stöð ef svo var, en hvað ef við finnum til að „ástæðulausu“. Ef maður er stíður alla morgna og á erfitt með að koma sér í gang? Upplifir verki við lítið álag og jafnvel að við hreyfingu versni einkenni verulega?

Hér er verið að blanda saman nokkrum tegundum vandamála, ef við höldum okkur við það að einstaklingurinn fái einkenni sem svara til liðbólgu, verkja, stíðleika og jafnvel í versta falli að það verði afmyndun á liðum og útliti þeirra. Þá eru allar líkur á að þar geti verið undirliggjandi sjúkdómur. Kannski er það slitgigt sem er oft ættgeng, kannski kannast viðkomandi við að faðir eða móðir hafi glímt við slíkt.

Meiri einkenni án hreyfingar

Þeir sem fá slitgigt eru oft með einkenni sem koma fram á löngum tíma og skapa óþægindi sem eru meiri án hreyfingar heldur en við álag. Klassískt er að slitgigtar-

sjúklingurinn segist þurfa að koma sér af stað og einkennin lagist við það, eins er stíðleiki oftast en ekki mestur að morgni eftir hvíld, en er þó ekki algilt.

Slitgigtin er tilkomin vegna álags og eyðslu brjósks og svo beinbreytinga sem verða við ofnotkun eða ranga líkamsbeitingu svo dæmi séu tekin eða jafnvel eftir áverka. Þeir sem hins vegar glíma við bólgusjúkdóma líkt og liðagigt eða aðrar tegundir sem geta skapað liðbólgu, svo sem psoriasis, rauða úlfa, við kristallaútfellingu eins og þvag-sýrugigt eða viðlíka eru að glíma við annað vandamál.

Sumir þessara sjúkdóma eru sjálfsónæmissjúkdómar þar sem líkaminn ræðst gegn sjálfum sér og skemmir út frá sér. Aðrir eru tengdir sýkingum eða jafnvel lífsstíl líkt og þvag-sýrugigtin sem oftast en ekki var tengd í gamla daga við velsældarlífið, þó við vitum aðeins betur í dag.

Ólæknandi sjúkdómar

Það er augljóst að það getur verið ruglingslegt að átta sig á orsök einkenna sjúklingsins og er mikilvægt að greina á milli þessara mismunandi vandamála. Almennum líkamlegum einkennum eins og



ÞEIR SEM FÁ SLITGIGT

ERU OFTSINNIS MEÐ EIN-

KENNI SEM KOMA FRAM

Á LÖNGUM TÍMA OG SKAPA

ÓÞÆGINDI SEM ERU MEIRI

ÁN HREYFINGAR HELDUR

EN VIÐ ÁLAG.

þreytu, slappleika, svefnvandamálum, sjóntruflunum, munnþurrki, hita og þyngdartapi er einnig lýst. Bæði slitgigt og liðagigt sem dæmi eru ólæknandi sjúkdómar en hafa gerólíka meingerð. Munur er á meðhöndlun og nálgun að vandanum.

Sjúkrasaga, skoðun, blóðrannsóknir og myndgreining eru allt atriði sem koma að greiningu vandans, þá getur verið þörf á að gera ástungu á lið og skoða vökva eða vefjasýni. Bólgujúkdómum

fylgir iðulega, en þó ekki alltaf, breytingar í svokölluðum gigtarblóðprófum á meðan slitgigtin er almennt betur sýnileg í myndgreiningu og sýnir ekki mikið í blóði.

Þegar komin er niðurstaða í vanda sjúklingsins er hægt að beita markvissri meðferð, hvort heldur sem er í formi verkjastillingar, sjúkrapjálfunar, bólgueyðandi lyfja, eða jafnvel, í tilfelli sumra bólgugigtarsjúkdóma, líftækniyfjum sem geta verið verulega virk þegar um slíka sjúkdóma er að ræða.

Hvað varðar slitgigt er almennt mælt með hreyfingu, og þá frekar þeirri tegund þar sem ekki verða mikil högg á liðina samanber sund og hjólreiðar. Mikilvægt er að halda kjörþyngd til að draga úr álagi og viðhalda liðleika. Margir nota heita og kalda bakstra, nálarstungur, streitulosun og þannig mætti lengi telja. Bæti efni, sem eru talin brjóskuppbyggjandi og bólgueyðandi, hákarlalýsi, ómega-3 olíur, brúnþörungur og ýmislegt fleira er í þessari umræðu og hjálpar sumum.

Mikilvægt er að fá rétta greiningu sem aftur leiðir af sér meðferðarnálgun sem ætti að styðja sjúklinginn með þeim hætti að draga úr einkennum hans burtséð frá orsök vandans.

Hjartsláttartruflanir

Það finna margir fyrir hjartanu í sér ef það er ekki að slá í takt, þó alls ekki allir. Sumar þessara taktruflana eru býsna meinlausar, en aðrar geta beinlínis verið lífshættulegar. Einn vandi sem er býsna algengur er þegar hjartað tekur feilspor, það er mun algengara en við kannski gerum okkur grein fyrir. Nokkrar tegundir vandamála eru þekktar í þessum fræðum og skapa mismunandi einkenni.

Ein algengasta taktruflun hjartans er þegar við fáum svokölluð aukaslög. Til útskýringar þá slær hjartað í hvíld hjá fullorðnum einstaklingi 50-70 sinnum á mínútu og dælir blóði um líkamann með reglulegum hætti.

Við finnum eiginlega ekki fyrir þessu almennt og jafnvel finnum við ekkert fyrir einu og einu auka-

slagi. En þegar slíkt gerist tekur hjartað samt smá kipp ef lýsa má svo og slær feilpúst. Sumir upplifa aukaslög sem högg í brjóstakassann, andköf eða fá smá hosta, aðrir finna hreinlega ekki neitt.

Álag ein möguleg skýring

Ástæður aukaslaga geta verið fjölmargar, allt frá því að vera án skýringar að því að vera vegna álags, svefnleysis, of mikillar koffeïneyslu og svo mætti lengi telja. Stök aukaslög eru iðulega meinlaus, ef þau koma reglulega og eru fleiri í röð þarf að skoða það betur og í tilfelli þess þegar aukaslög raða sér upp þrjú eða fjögur í röð án þess að eðlileg slög komi á milli getur ástand verið jafnvel hættulegt.

Aðrar taktruflanir sem eru líklegar til að gefa einkenni eru hrað-

sláttur þar sem hjartað slær ótt og títt annaðhvort reglulega eða óreglulega og skapar viðkomandi einstaklingi svima, mæði eða andnaud og jafnvel brjóstverki. Þá eru til truflanir sem hafa þau áhrifað leiðnikerfi hjartans virkar ekki sem skyldi og kemur fram til dæmis sem hægataktur eða pásur. Þeir einstaklingar kvarta oft um þrekleysi, mæði og úthaldsleysi eða jafnvel svima og yfirlíð.

Allt eru þetta atriði sem er mikilvægt að greina á milli þar sem ástæður, meðferð og nálgun eru býsna ólíkar.

Hjartalínurit marktækast

Best og réttast er að greina takt-

truflanir með því að taka hjartalínurit, annað er lítið marktækt, þó reynsla lækna geti sagt til um með skoðun og þreifingu á púls hvaða ástand sé mögulega undirliggjandi. Stundum standa truflanir þá stutt yfir að það næst ekki línurit og getur þá verið vandamál að fá rétta greiningu. Langtímalínurit eða svokölluð Holter-rannsókn er algeng leið en eins getur reynst mögulegt að fá fram breytingar með því að senda einstaklingi hjartaálagspóf.

Það er þó alls ekki algilt og í



sumum tilvikum þarf að gera rannsóknir með myndgreiningu, ómun, lyffjum eða í þræðingu.

Þegar rétt greining liggur fyrir getur lausnin verið að gefa lyf, forðast útleysandi ástæður og lífsstílsnálgun. Í flóknari og sérstakari tilfellum getur þurft að studa hjartað úr takti, þræða og eiga við kransæðasjúkdóma eða gera brennsluáðgerð ef um er að ræða aukaleiðnibraut eða truflun í grunnstarfsemi hjartans. Setja inn gangráð ef hjartað slær ekki reglubundið og þá einnig að nota blöndu af lyffjum, þar með talið blöðþynnandi lyf til að draga úr hættu á blóðtappamyndun.

Það er því að mörgu að huga en ljóst er að ef þú ert ekki í reglulegum takti eða finnur fyrir truflunum á hjartslætti ættirðu að leita læknis.

BAUHAUS®



SUNFUN

Alberte garðhúsgögn

Ljósgrátt fléttað plastrattan, fléttað á álramma með dökkgráum sessum. Settið samanstendur af sófa og borði. Stærð: Borð: 70 x 70. Sófi: 226 x 148 x 64 cm.

Kjarakaup

79.995.-

~~99.995.-~~

Kjarakaup

84.495.-

~~99.995.-~~

Makita

Sláttuvél með hleðslurafhliðu

Makita DLM431PT2. 2 x 18V 5,0 Ah Li-ion rafhliður. 50 l. safnskúffa. Sláttubreidd 43 cm. Sláttuhæð 25-75 mm. Rafhlaða og hleðslutæki fylgir. Þyngd 18,5 kg.



4.795.-

Kornaður Mosaeyðir

ÞÚ FÆRÐ ALLT SEM ÞIG VANTAR Í BAUHAUS!



Hefur þú séð nýja **BAUHAUS** blaðið?

Auglýst verð gildir til og með mánudeginum 8. júní.



WORX



149.995.-

Slátturóbót

Worx M500. Li-ion rafhlaða. Hámarkshali á grasflöt 35%. Sláttuhæð 30-60 mm. Sláttubreidd 18 cm. Slær allt að 500 m² grasflöt. Þyngd: 9 kg.

JOTUN

19.995.-

~~24.995.-~~

Trebitt Terrassebeis 9 l.

Glær pallaólía sem endist lengi. Hægt að fá í mörgum litbrigðum. Þekur 6-12m² pr.l.



FISKARS®

19.995.-

Slöngukefli

Fullkomið sett frá Fiskars með slönguvagni, 30 metra vatnsslöngu, kranatengi og vatnsbyssu.



MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!

OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18

BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplýsingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is

TÍMAMÓT



Okkar ástkæri,
Gunnar Nikulásson
fv. bóndi á Másstöðum,
Höfðabraut 3, Akranesi,
lést á Dvalarheimilinu Höfða
27.04.2020.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey.
Þökkum hlýju og vinsemd.

Aðstandendur.



Ástkær amma, tengdamma,
langamma og systir okkar,
Vilborg Kristófersdóttir
bóndi,
Læk í Leirársveit,

lést á dvalarheimilinu Höfða síðastliðinn
mánudag. Útför fer fram í Akraneskirkju
þann 15. maí, klukkan 13. Vegna aðstæðna í samfélaginu
fer hún fram í kyrrþey en verður streymt á vefsíðu
Akraneskirkju: www.akraneskirkja.is

Vilhjálmur Ólafsson
Ylfa Maren Vilhjálmssdóttir
Jón Kr. Magnússon

Elin Björnsdóttir



Okkar kærri bróðir,
Þorsteinn Guttormur
Halldórsson

húsasmiðameistari,
Mávahlíð 11, Reykjavík,
lést á líknardeild Landspítalans
fimmtudaginn 30. apríl.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Jörgen Þór Halldórsson
Halldóra Halldórsdóttir
Jóhanna Margrét Halldórsdóttir
Arnþrúður Halldórsdóttir
Stefanía Halldórsdóttir
Daniel Halldórsson
Guðmundur Halldórsson

Hrefna Kristbergisdóttir
Baldur Sigfússon
Sigurður Skúlason
Anna Kristín Björnsdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
Auður Guðmundsdóttir

Melhaga 7,
Reykjavík,
lést á Hjúkrunarheimilinu Grund
mánudaginn 4. maí sl.

Vegna samkomutakmarkana verður útförin ekki auglýst.
Við afþökkum blóm og kransla en þeim sem vildu minnst
Auðar er bent á líknarfélög.

Sigríður Jóhannsdóttir
Ólafur Jóhannsson
Haraldur Jóhannsson
Guðmundur Jóhannsson

Þóra Harðardóttir
Margrét Jóhannesdóttir
Anna Magnúsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
mággona, amma og langamma,
Sigurveig Sigurjónsdóttir
(Veiga)

áður til heimilis að Túngötu 16,
Sandgerði,

lést á Hrafnistu Nesvöllum, miðvikudaginn
29. apríl. Útförin fer fram frá Sandgerðiskirkju,
fimmtudaginn 14. maí kl. 13. Í ljósi aðstæðna mun
einungis nánasta fjölskylda vera viðstödd athöfnina.

Sig. Berta Grétarsdóttir
Gíssur Þór Grétarsson
Ester Grétarsdóttir
Sigurbjörn Grétarsson
Jóhann Ingi Grétarsson
Elvar Grétarsson
Ragnheiður Sigurðardóttir

Eliás Björn Angantýsson
Salóme Guðmundsdóttir
Hjörtur Jóhannsson
Margrét Ingipórsdóttir
Aðalbjörg Alla Sigurðardóttir
Sævar Pétursson
ömmubörn og langömmubörn.



„Alltaf er fagurt í Þórsmörkinni.“ Sjálfbodaliðahópur í kaffipásu á Valahnúk í júlí í fyrra. MYND/ADSEND

Mörkin friðuð fyrir beit

Það var framsýnt fólk sem fullgilti þann samning 9. maí árið 1920 að friða Þórsmörk og fela Skógræktinni að vernda hana fyrir beit. Það merka verkefni er því 100 ára.

Fólk lítur orðið á það sem sjálf-sagðan hlut að Þórsmörkin sé vel gróin en þannig hefur það ekki alltaf verið og þar er mikil saga á bak við," segir Hreinn Óskarsson, sviðs-stjóri Þjóðskóga á Suðurlandi. Hann er manna fróðastur um þróun Þórsmörkur síðustu hundrað ár eða frá því samkomulag varð um að friða hana.

Hreinn segir mikla framsýni hafa falist í því hjá bændum að afsala sér beiti-rétti í Þórsmörk og algerlega sérstakt á þeim tíma því hagar höfðu orðið illa úti í Kötlugosinu 1918. „Það var vissulega háð barátta fyrir verndun svæðisins fyrir beit, svo hægt væri að bjarga þeim birkiskógum sem þar var enn að finna og mikil ákveðni var í fólki sem bardíst fyrir því og einstakir bændur náðu ekki að skemma þá samstöðu," lýsir hann og nefnir nokkra framlinumenn í friðuninni. „Fyrsti skógræktarstjóri Íslands, hinn danski Agner Kofoed Hansen, hóf störf 1908. Á sjálfstæðisbaráttutíma þjóðarinnar var ekkert auðvelt fyrir hann að vera Dani í þessari stöðu en hann vann þrekvirkni, því hann náði að friða svo marga gamla birkiskóga á landinu. Hann vildi banna beit í Þórsmörk en bændastéttin var sterk og kirkjurnar áttu beitarrétt bæði í hálfri Þórsmörk og í Godalandinu. Annar friðunarsinni var Einar Sæmundsen, fyrsti skógarvörður á Suðurlandi sem byrjaði 1910. En aðalhetjan í bændahópnum var Árni Einars-son í Múlakoti, hann gekk á milli fólks og sannfærði það um að friðunin væri góð hugmynd og safnaði undirskriftum.“

Langafi Hreins var einn af bændunum sem skrifuðu undir samninginn og synir hans voru meðal þeirra sem unnu við að girða Mörkina. Hreinn segir það hafa verið gríðarlega erfitt verk og tekið nokkur ár. „Allt efni var borið á hestum og á bakinu langt inn á fjöll. Fyrstu staurarnir voru gerðir úr uppgjafa járnbrautarteinum úr Óskjuhlíðinni, fyrsta flokks endurvinnsla þar, en þungir hafa þeir verið.“

Heildarsvæðið sem friðað var á sínum tíma var hátt í 50 ferkílómetrar, með hæstu fjöllum, að sögn Hreins. „Kommir eru birkiskógar í um 15 ferkílómetra og kjarr og stakar birkiplöntur eru víðar. Skógarnir ná frá um 200 metra hæð yfir



Örn Hreinnsson fjallagarpur við hæstu birkiplöntu landsins í Útigönguhöfða sem nú vex hæst birkitrjáa yfir sjó á Íslandi svo vitað sé. MYND/HREINN ÓSKARSSON



Hreinn Óskarsson þekkir Mörkina vel.

sjó upp í rúmlega 500. Hæsta tréð sem vitað er um er í um 660 metra hæð. Til viðmiðunar er Steinninn í Esjunni í 597 metrum," lýsir hann.

Starf Skógræktarinnar í Þórsmörk nú segir Hreinn felast í göngu- og hjóla-stígagerð. Skógurinn sjái um sig sjálfur. „Maður að nafni Charles Goeman's hefur fengið sjálfbodaliða alls staðar að úr heiminum til að sinna göngu-stígum, það er fólk sem notar sumar-leyfin sín í svona verkefni víða og þau hafa lagt feikilega vinnu í stígana í Þórsmörk. Þurfa jafnvel að ganga í klukkutíma með efni upp í fjöllin áður en þau byrja að vinna.“

Hreinn segir Skógræktina í samvinnu við hjólahópa og hafa fundið nýjar leiðir handa þeim, sumar þeirra aflagðar gönguleiðir. „Inni á mörkinni er göður 25 kílómetra hringur sem hægt er að hjóla," lýsir hann og segir nóg pláss fyrir alla. „Í rauninni ber ekkert land meiri fjölda en skógi vaxið land með göðum gönguleiðum. Þá hverfur fjöldinn inn í skóginn. Umhverfið í Þórsmörk er einstakt og gróðurinn og klettamyndanirnar spila vel saman.“

En sér Hreinn ekkert eftir landslaginu sem hverfur bak við skóginn? „Nei, ég lít á skóginn sem hluta af landslaginu og þó einstaka steinar og klettur hverfi með tímanum þá halda landslagsdrættirnir sér viðast hvar.“

Í lokin er hann spurður hvort í bigerð sé að halda upp á hundrað ára friðun-arafmælið. „Það stóð til að halda smá hátíð en það gengur ekki upp í samkomubanni. Ég ætla inn úr og kannski koma einhverjir frá Ferðafélaginu. Það verður bara farið út í skóg með kaffibrúsan.“ gun@grettabladid.is



„Það verður að gera ráð fyrir að einhverjir komi,“ segir Gunnsteinn, ferðapjónustubóndi á Ströndum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Byrjað að panta gistingu

Gunnsteinn Gíslason, fyrrverandi oddviti í Árneshreppi og nú ferðapjónustubóndi í Norðurfirði, fagnar því að vetur er að baki. Hann horfir bjartsýnn fram á sumarið.

Það er byrjað að hringja í okkur hjónin á Bergistanga og panta gistingu og við Margrét erum að gera allt klárt. Svo verður kaffihúsið hér á bryggjunni opnað um næstu mánaðamót. Það er vinsælt. Hún kom nýlega hún Sara sem hefur starfað þar frá því það var sett á laggirnar, til að líta yfir og huga að undirbúningi. Það verður að gera ráð fyrir að einhverjir komi,“ segir Gunnsteinn Gíslason í Norðurfirði spurður hvort hann haldi að ferðamenn láti sjá sig þar í sumar. Hann vonar auðvitað að þeir verði veirulausir. „Við höfum sloppið við veiruna, þessi fáu sem erum hér og erum ánægð með það,“ segir hann.

Spurður hvernig veturinn hafi verið svarar Gunnsteinn: „Þegar maður hugsar til baka þá var hann djöfull harður, ef það má segja svo ljótt. Kaldur og vindasamur. Dag eftir dag var bara ekki fært út úr húsi. Bændur brutust til að gefa kindum sínum en annars voru menn ekki á ferð. Það var þó ekki snjöpungt hjá okkur en hér sunnan við var mikill snjór, í Reykjarfirðinum og víðar.“

Nú hefur Vegagerðin kynnt nýtt vegarstæði yfir Veidileysuháls sem liggur talsvert lægra en sá vegur sem fyrir er. Gunnsteinn er hlynntur því og segir láglendisveg fyrir Kamb varla koma til greina. „Það er svo miklu lengri leið og við höfum ekki haft hug á að leysa okkar samgöngumál með vegi þar,“ lýsir hann.

Strandveiðibátarnir eru komnir í Norðurfjörð, fyrstu dagana eftir að veiðar voru leyfðar gaf ekki á sjó, að sögn Gunnsteins, en nú gengur betur. „Svo er sauðuburður kominn í fullan gang hjá bændum. Það eru fjárbú í Steinstúni, á Melum, í Árnesi og í Litlu-Ávík. En við Margrét eigum enga kind. Það hefði einhvern tíma þótt óburðugt.“

Árneshreppsþúar voru svo myndarlegir að koma sér upp félagsverslun í Norðurfirði þar sem kaupfélagið var. „Verslunin er nauðsynleg,“ segir Gunnsteinn. „Þar starfar franskur piltur. Hann talaði litla íslensku fyrst en við erum farnir að skilja hvor annan og hann talar ensku.“
gun@frettabladid.is



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Anna Marín Kristjánsdóttir

áður til heimilis að Neðstutröð 8 í Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold í Garðabæ 2. maí sl. Útförin verður auglýst síðar.

Katrín G. Torfadóttir
Kristján G. Torfason
Björn Torfason
Gunnar Torfason
Gauti Torfason

Bragi Jónsson
Bára Benediktsdóttir
Soffía Guðjónsdóttir
Kristín Birna Angantýsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi,

Sigfinnur Gunnarsson

lést á hjúkrunarheimilinu Skjólgarði 7. maí sl. Í ljósi aðstæðna fer útförin fram í kyrrþey frá Hafnarkirkju laugardaginn 16. maí.

Gunnar Sigfinnsson
Ragna Sigfinnsdóttir
Björn Sigfinnsson
Guðrún Sigfinnsdóttir

Sigurbjörg Ragnarsdóttir
Guðný Dóra Ingimundardóttir
Friðrik Karlsson
Ester Þorvaldsdóttir
barnabörn og langafabörn.



Maðurinn minn,

Sigtryggur Ellertsson

Suðurhólum 24,

lést á Líknardeildinni Kópavogi þann 29. apríl. Útförin hans hefur farið fram í kyrrþey.

Fyrir hönd barna okkar, barnabarna, langafabarna, systur hans og tengdadóttur, Brynhildur Friðriksdóttir



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Eyjólfur Garðar Svararsson

matsveinn, Skólavegi, Fáskrúðsfirði,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað þriðjudaginn 14. apríl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýjar kveðjur.

Halla Dröfn Júlíusdóttir
Svavar Júlíus Garðarsson **Valgerður Elísa Sveinsdóttir**
Þormar Þór Garðarsson **Auðbjörg Kristín Guðnadóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Kristín Ólöf Björgvinsdóttir

lést á heimili sínu þriðjudaginn 5. maí. Útför hennar verður auglýst síðar.

Helga Lilja Tryggvadóttir **Sigurjón Magnússon**
Magnús Björgvin Tryggvason **Elsa María Alexandre**
Þórhallur Tryggvason **Þórhalla Guðmundsdóttir**
Hanna Tryggvadóttir **Torfi Ragnar Vestmann**
barnabörn og barnabarnabörn.



Okkar ástkæri,
Marjan Zak
framreiðslumaður,

lést á líknardeild Landspítalans 1. maí. Í ljósi aðstæðna fer útförin fram í kyrrþey 14. maí. Þökkum öllum þeim sem sýnt hafa okkur samúð og hlýhug.

Irena Puhar Zak
Sandra Zak
Ágúst Zan Zak
Amilía Petronela Zak
Alenka Zak
Birkir Marinósson
Bergur Leó Zak Birkisson
Drengur Zak Birkisson
Inga Ágústsdóttir



Okkar elskaða móðir, tengdamóðir, amma, langamma og langlangamma,

Kristjana Jónsdóttir

lést á Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi, 4. maí síðastliðinn. Jarðsungið verður frá Akranesarkirkju fimmtudaginn 14. maí kl. 13.00.

Vegna sérstakra aðstæðna í þjóðfélaginu og fjöldatakmörkanna verður streymt úr kirkjunni, sjá vefslóð www.akranesarkirkja.is

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Höfða fyrir einstaka umönnun, nærgætni og hlýju.

Jón Sigurðsson **Emilía Ólafsdóttir**
Þóra Sigurðardóttir **Þorvaldur Ólafsson**
Hlín Sigurðardóttir **Guðbjörn Tryggvason**
og ömmubörnin.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Herdís Guðrún Jónsdóttir
v.d. Linden

lést á Dvalarheimilinu Hlíð þann 29. apríl.

Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 15. maí með fjölskyldu og nánustu ættingjum. Sérstakar þakkir fær starfsfólkið á deildinni Reynihlíð fyrir hlýja og góða umönnun.

Ómar Þór Edvardsson **Bára Einarsdóttir**
Arnar Chr. Edvardsson **María Rán Pálsdóttir**
Jón Órvar Edvardsson **Lind Hrafnisdóttir**
Pálmar G. Edvardsson **Sólveig Jóna Geirsdóttir**
ömmu- og langömmubörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.



Elsku maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,


Ragnar H. Guðmundsson

Arnarási 15,

lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold fimmtudaginn 30. apríl. Jarðarförin mun fara fram 14. maí, í kyrrþey í ljósi aðstæðna. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Blindrafélagið.

Jóhann H. Ragnarsson **Guðrún S. Jóhannsdóttir**
Ingvar H. Ragnarsson **Ásta Sölvadóttir**
og **Jökull Tinni Ingvarsson**

KROSSGÁTA & ÞRAUTIR




Lausnarorð síðustu viku var

GARÐSLÁTTUVÉL



LAUSNARORD: Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist gott og gamaldags nesti. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 14. maí næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „9. maí“.



FORLAGIÐ

VEGLEG VERDLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Plan B** eftir **Guðrúnu Ingu Ragnarsdóttur** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Ása Guðmundsdóttir, Reykjavík**

Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf

LÁRÉTT

- 1 Kominn á bóllakaf í flíkina (7)
- 6 Ætli ending orða minnki í þessari formdeild? (8)
- 10 Eru sauðamjól og kindablöd e-ð sem ráðvandır menn geta drukkið? (7)
- 11 Etanol sem eldsneyti er nýjasta afurð þessa fyrirtækis (7)
- 13 Fæ í magann er ég sé dapurt barn (6)
- 14 Bergmálsátök eru afar hjá-roma (7)
- 15 Drepið nú dropa og grátið hann (9)
- 16 Er smuga að fá þig til að rimpa þetta saman? (4)
- 17 Grátt er geð guma sem tvöfeldni tíðkar (9)

- 18 Harla er halur sá/hafinn yfir alla/kerlingar bæði og kalla (9)
- 19 Byrði vor er ærin guð, ekki rukka tvöfalt! (4)
- 21 „Umbrotastar“ er dramatískt stykki um erfiðisvinnu (9)
- 25 Glettin systir í ÍR nýtur gáskans (10)
- 26 Hægð fylgir önd sem kyrrir hugann (6)
- 28 Er hlerarnir opnast eru verkin búin (7)
- 30 Smeygi syllu undir það sem ég kalla grunna skúffu (10)
- 34 Tregar leita á síðum bæjar-snepla (11)
- 35 Vilja að Alf segi frá bók um allt (10)

- 37 Nafnið er öfugmæli því pak choi hefur fleira en eitt kálblað (7)
- 39 Hvaða skaðræðisskratti ræður þessum raunavetri? (8)
- 40 Held ég fæði bola til að fæða (7)
- 43 Svigslanga beygðra nagla (8)
- 45 Vil móta grip úr grillu minni (8)
- 46 Leyni her við hólinn stóra (6)
- 47 Nýsnoðuð njóta lífsins gegnum glerið (6)
- 48 Dekkja hóp íþróttafólks (8)
- 49 Tel faraldur óværur orsaka hæga framrás (8)
- 50 Frá bróður okkar skærustu stjörnu til hinna verstu skitseiða (6)

LÓDRÉTT

- 1 Hentar þessi fótabúnaður til kapphlaups milli þín og mín? (11)
- 2 Háls fyrir heilan mann og brattan (11)
- 3 Verður gripinn með þeirri sem dó í síðustu viku (11)
- 4 Sú snögga birtist áður en við heyrum pip frá A (9)
- 5 Meðal sílda og mariufiska sundfélags (8)
- 6 Bæta margfalt fyrir rangan mat með humri, steik og ís (8)
- 7 Hendi Bragabók vegna galla á henni (10)
- 8 Bregður kjalarkýl á herðar sér (9)

- 9 Glaðlynd eignast ósein börn (7)
- 12 Að binda meri við læðu í látum er bara rugl (9)
- 20 Fædd sem hátt í 60 cm hátt barn (9)
- 22 Reistum trú á sterkum grunnni (13)
- 23 Menn vaða oft í þá sem boðin bera (9)
- 24 Kúga ógæfumenn í eigin greni (8)
- 27 Gagn er að golu þess sem gerir eitthvað með hana (7)
- 29 5 rakkar rómverskir og ruglaðar agnir mynda þung-eindir (7)
- 31 Niræður fékk Erlingur ungl-ingaveiki og var uppnefndur

- eftir því, þótt síbernska sé hið besta mál (10)
- 32 Ófrjáls horfði á rífrildi um áramótaskaup (10)
- 33 Held ég berji lekaða með skógarsveppi (10)
- 36 Læt skaufa skrifa um skaufa sinn og bræðra sinna (8)
- 38 Legg stokk frá okkur í vatnsfall og verksmíðju (7)
- 41 Ég nudda vöðva með vökva, segir sá sem byrjaði í gær (6)
- 42 Hingað fór aurinn tæmdra sjóða (6)
- 44 Aðeins galtóm orð og öfug byrja á ð (5)

LÉTT

1						5	9
8			3	7	1		
		4					2
					7	3	
	5	9	6	7	2	8	
6	1		8		4	5	
		5	1		6		
	6		8				3

MIDLUNGS

				5			9
			4		9	5	
	3	5		8			6
	6	2	1	9			
8				4	6		
	9			7			2
2	8	9		1			
4	1		6				
	7	6		2			3

ÞUNG

		8	3				
	1	6	8		7		3
		4			2	6	
		9		3			1
5			1			2	
8	3						
				2	6		
			7			3	9
			4	8			

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik



Viswanathan Anand (2751), Indlandi, átti leik gegn Ian Nepomniachtchi (2778), Rússlandi, í Þjóðakeppni FIDE á Chess.com.

15. f5!! Bxc4 16. e5 Dd7 17. f6 1-0. Kínverjar eru eftir á Þjóðakeppniinni sem lýkur á sunnudaginn. Þá tefla tvö efstu liða í ofurúrslitum. Evrópuúrvalið og Bandaríkin berjast um mæta Kínverjum í úrslitunum.

www.skak.is: Þjóðakeppni FIDE.

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

3	1	8	5	6	9	4	7	2
5	9	2	7	1	4	8	6	3
6	4	7	2	8	3	9	1	5
7	2	1	8	9	6	5	3	4
4	3	6	1	5	2	7	9	8
8	5	9	3	4	7	6	2	1
2	6	4	9	3	5	1	8	7
9	8	3	4	7	1	2	5	6
1	7	5	6	2	8	3	4	9

Bridge Ísak Örn Sigurðsson

ÁHUGAVERÐ SAMANTEKT

Jón Óttar Ragnarsson, fyrrverandi forstjóri og stofnandi Stöðvar 2, hefur gert áhugaverða samantekt um bridge. Jón Óttar hefur komið að mörgum störfum, verið leikstjóri, framleiðandi og rithöfundur svo dæmi séu tekin. Jón Óttar var kosinn markaðsmaður ársins 1989. Jón Óttar bendir, í samantekt sinni, á að Kínverjar eigi eftir að verða stórveldi í bridge. Fyrrverandi formaður, Deng Xiaoping, var mikill áhugamaður. Hann gerði bridge að skólafagi í Kína, þar sem

hann vissi að þessi hugaríþrótt er góð fyrir ákvarðanatöku, s.s. skipulag, strategíu, taktík, félags-hæfni, samvinnu, minni og reikningshæfileika. Jón Óttar minnst á fjölda heimsfrægs fólks sem hefur spilað bridge, t.d. Bill Gates, Warren Buffet, Mahatma Gandhi, Margaret Thatcher, Winston Churchill og Eisenhower, svo einhverjir séu nefndir. Spil dagins er frá vormóti sem boðið var upp á, á BBO nýverið. Norður var gjafari og enginn á hættu:

<p>Vestur</p> <ul style="list-style-type: none"> ♠ 7542 ♥ 52 ♦ 10 ♣ ÁKDG109 	<p>Norður</p> <ul style="list-style-type: none"> ♠ KG3 ♥ KG1076 ♦ G73 ♣ 83 	<p>Austur</p> <ul style="list-style-type: none"> ♠ ÁD10 ♥ ÁD984 ♦ ÁD6 ♣ 54 	<p>Suður</p> <ul style="list-style-type: none"> ♥ 986 ♠ 3 ♦ K98542 ♣ 762
--	---	---	---

Spilið kom fyrir, m.a., í leik sveita Stebba Vill og Græn-lensk íslenska verslunarfélagsins. Spil AV eru sterk en erfitt að komast í réttan samning. Að minnsta kosti game, en sumir vilja slemmu. Laufhálslemma er skást en vegna „hagstæðrar“ legu í hálitunum, standa 6 grönd og 6 ♣ einnig. Hjartahálslemma er hins vegar vond. Þó að hjartakóngur liggi, er hjartalegan 5-1 hjá andstöðunni. Þetta er dæmigert spil til að valda sveiflu í leik sveita, án tillits til hvað best er að spila. Í þessum leik lét síðar-nefnda sveitin sér nægja að spila 4 ♣ en spilarar í sveit Stebba Vill fóru í hin óhagstæðu 6 ♥. Sveit Græn-lensk íslenska verslunarfélagsins græddi 16 impa á samanburðinum.



NJÓTTU SÓLARINNAR ÁHYGGJULAUS

VERNEVELENDE SPRAY
100 ml / 3.38 fl. oz.


KRAKKAR

Konráð 403

og félagar

á ferð og flugi

„Þetta er nú meira ruglið,“ sagði Kata. „Hér stendur: fylgdu öllum rauðu línunum með blýanti án þess að fara yfir aðra línu eða lyfta blýantinum frá blaðinu. Auðvitað er þetta ekki hægt,“ bætti hún við. „Það sér hver heilvita manneskja.“ En Lísaloppa var ekki eins viss. Hún rýndi í teikninguna og sagði svo. „Réttu mér blýant, ég held að það sé hægt að leysa þessa þraut.“



Getur þú leyst þessa þraut?



Brandarar

Af hverju fór kjúklingurinn yfir götuna? Til að komast yfir götuna.

Af hverju fór bóndinn yfir götuna? Til að leita að kjúklingnum sínum.

Af hverju fór risaeðlan yfir götuna? Það var fyrir tíma kjúklingsins.


Af hverju fór tyggjóíð yfir götuna? Það var fast við fótinn á kjúklingnum.

Af hverju fór frosturinn yfir götuna? Einhver hrekkjalómur hafði límt hann fastan við kjúklinginn.

Af hverju fór apinn yfir götuna? Það var banani hinum megin.

Listaverkið

Þessi mynd af Laugarneskirkju er eftir **Sólveigu Tinnu Leifsdóttur**. Hún er fimm ára (alveg að verða sex) leikskólástúlka á Hofi. Henni þykir vænt um kirkjuna sína sem blasir við henni út um stofu-gluggann. Þaðan hefur hún líka gaman af að fylgjast með hröfnunum sem eru oft á sveimi við kirkjuturninn.



Sandra Sif Samúelsdóttir er flink með bolta enda æfir hún handbolta í nýju handboltahöllinni í Grafarvoginum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ef mér leiddist fór ég út að hjóla

Sandra Sif Samúelsdóttir er tólf ára, að verða þrettán á þessu ári. Hún er í sjöunda bekk Húsaskóla í Grafarvogi og hefur upplifað sögulega tíma síðustu vikur, eins og heimsbyggðin öll.

En hvernig var náminu háttað?

„Ég var oftast í skólanum annan hvern dag og lærði í heimatölvunni hina dagana. Við krakkarnir á eldra stiginu notuðum forrit sem heitir Google Classroom og kennarinn sendi inn vikuáætlun yfir allt sem við þurftum að gera. Svo útskýrði hann allt fyrir okkur þegar við vorum í skólanum og ég gat líka alltaf sent honum tölvupóst ef mig vantaði hjálp. Svo þetta gekk bara vel.“

Heldurðu að þú hafir lært eins mikið og ef þú hefðir verið í skólanum? Kannski ekki alveg en við lærðum helling samt, nema í listverkefnum og saumum en mamma er að kenna mér að þrjóna.

Varst þú ein heima á daginn? Bróðir minn var stundum heima líka en hann er yngri og var meira í skólanum en ég. Mamma er kennari og hún var að vinna heima einn dag í viku og stundum tvo. Svo kom pabbi oft heim í hádegina, ég var aldrei alein heilan dag. Ef mér leiddist fór ég bara út að hjóla eða fann mér eitthvað að gera.

Svafstu til hádegis þegar þú varst heima? Ekki fram að hádegi, frekar svona til hálf tíu.

MAMMA ER KENNARI OG HÚN VAR AÐ VINNA HEIMA EINN DAG Í VIKU OG STUNDUM TVO. SVO KOM PABBI OFT HEIM Í HÁDEGINU, ÉG VAR ALDREI ALEIN HEILAN DAG.

Ertu í tónlist eða íþróttum þegar allt er eðlilegt? Ég æfi handbolta og þjálfarinn sendi inn á fésbókar-síðu foreldranna hvað við ættum að gera, það voru styrktaræfingar eins og armbeygjur og líka útihlaup.

Hvernig var svo að byrja eðlilegt skólalagd síðasta mánuðag? Það var mjög gaman að fara aftur í skólann og hitta alla en það var þínu erfitt fyrir mig að vakna klukkan sjö.

Munt þú muna alltaf eftir COVID-tímabilinu? Ekki spurning. Það er líka verið að segja okkur að skrifa um það. Þó ég horfði ekki á fundina þá fylgdist ég með og spurði mömmu og pabba mikið um þetta. Mér fannst sniðugt hvernig reglurnar voru í búðum og svoleiðis.

Fannst þú fyrir kvíða? Nei, ég held ekki. Ég var aldrei beint hrædd.

Hvað ætlarðu að gera í sumar? Fara í sveitina og í útilegu og sumar-bústað. Verst að komast ekki í sauburð.

SUPER 1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT VERÐ

SUPER1 NÝTIR EKKI HLUTABÓTALEIÐINA

VERIÐ VELKOMIN Í MIÐBÆINN – ALLAN SÓLARHRINGINN

OPPIÐ
24/7



HALLVEIGARASTÍGUR 1 | 101 REYKJAVÍK | SUPER1.IS

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Laugardagur

Reykjavík



6 | 4
°C | ↙

Ísafjörður



-1 | 2
°C | ↙

Akureyri



2 | 3
°C | ↙

Egilsstaðir



0 | 6
°C | ↓

Kirkjubæjarkl



2 | 1
°C | ↑

Hveravellir



-4 | 5
°C | ↘

Viða hæg norðlæg átt. Skýjað með köflum og stöku él, en áfram bjart vestan til. Suðlægari síðdegis og léttir til norðanlands. Hiti nálægt frostmarki norð-austan til, en 4 til 9 stig yfir daginn sunnan heiða.




AÐALFUNDUR Landssambands sumarhúsaeigenda

verður haldinn, **mánudaginn 25. maí** í SÍBS-húsinu, Síðumúla 6, Reykjavík kl. **18:00**

Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstörf

Stjórnin.



Háteigs
kirkja

Aðalsafnaðarfundur

Aðalsafnaðarfundur Háteigssóknar verður haldinn í Safnaðarheimili kirkjunnar **sunnudaginn 17. maí nk. kl. 12**, að guðsþjónustu lokinni.

Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstörf.

Sóknarnefnd.

LÍFIÐ ER Á FRETABLAÐIÐ.IS

Lífið á frettablaðið.is fjallar um fólk, menningu, tísku, heilsu og margt fleira.

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook




	Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
Reykjavík 	 8 5 °C →	 7 4 °C →	 5 3 °C ↘	 9 3 °C →	 8 3 °C ↗
Ísafjörður 	 2 18 °C ↗	 2 2 °C ↑	 0 3 °C ↗	 4 3 °C ↗	 4 2 °C ↗
Akureyri 	 5 14 °C ↗	 2 1 °C ↑	 1 1 °C ↘	 6 3 °C ↗	 7 2 °C ↗
Egilsstaðir 	 6 3 °C →	 1 2 °C ↙	 0 2 °C ↙	 6 2 °C ↑	 5 2 °C ↑
Kirkjubæjarklaustur 	 6 6 °C →	 8 4 °C ↘	 9 4 °C ↘	 11 5 °C ↘	 12 2 °C →
Hveravellir 	 0 11 °C →	 1 3 °C ↗	 0 2 °C ↘	 3 4 °C ↑	 4 5 °C ↑

Pondus



Eftir Frøde Øverli

Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

TRYGGIÐ YKKUR BÍL Á GAMLA GENGINU



TAKMARKAÐ MAGN BÍLA Í BOÐI

Jeep®

ALVÖRU JEPPAR - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

JEEP® RENEGADE



LIMITED
TILBOÐSVERÐ
5.490.000 KR.

JEEP® WRANGLER



RUBICON
TILBOÐSVERÐ FRÁ:
11.990.000 KR.

JEEP® GRAND CHEROKEE



TRAILHAWK
TILBOÐSVERÐ FRÁ:
11.290.000 KR.

JEEP® CHEROKEE



LONGITUDE
TILBOÐSVERÐ
8.044.000 KR.



35", 37" OG 40" BREYTINGAR
VERÐ FRÁ 400.000 KR.



OVERLAND
TILBOÐSVERÐ FRÁ:
11.890.000 KR.

FIAT PANDA



CROSS 4X4
TILBOÐSVERÐ
2.890.000 KR.

TÖKUM
GAMLA BÍLINN
UPP Í NÝJAN



33" OG 35" BREYTINGAR
VERÐ FRÁ 790.000 KR.

UMBOÐSAÐILI RAM OG JEEP® Á ÍSLANDI



RAM CREW CAB
TILBOÐSVERÐ ÁN VSK. FRÁ: 7.430.000 KR.
TILBOÐSVERÐ MEÐ VSK. FRÁ: 9.213.200 KR.



RAM MEGA CAB
TILBOÐSVERÐ ÁN VSK. FRÁ: 8.750.000 KR.
TILBOÐSVERÐ MEÐ VSK. FRÁ: 10.850.000 KR.



35, 37" OG 40" BREYTINGAR
VERÐ FRÁ ÁN VSK.: 322.581 KR.
VERÐ FRÁ MEÐ VSK: 400.000 KR.



UMBOÐSAÐILI JEEP®, RAM TRUCKS OG FIAT Á ÍSLANDI · ÍSLENSK-BANDARÍSKA
ÞVERHOLTÍ 6 · 270 MOSFELLSBÆR S. 534 4433 · WWW.ISBAND.IS
ISBAND@ISBAND.IS · OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 - LAUGARDAGA 12-16

Tregafull og fremur angurvær lög skáldsins

Guðmundur Andri Thorsson sendir frá sér geisladisk þar sem hann syngur eigin ljóð við frumsamin lög. Hann er ekki að skrifa um þessar mundir en finnst líklegt að hann eigi eftir að skrifa sínar bestu bækur.

Kolbrún
Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Guðmundur Andri Thorsson syngur eigin ljóð við frumsamin lög sín á geisladisknum Ötrygg er ögur-stundin.

„Þegar ég var krakki, var kannski einn heima þá tók ég stundum í rælni fram ljóðabækur gömlu skáldanna sem mamma hafði bent mér á, Pál Ólafsson, Þorstein Erlingsson, Kristján fjallaskáld – þjóðskáldin. Ég las ekki bara bækurnar heldur söng þau, söng upp úr þeim og upp úr mér, svona bulllög. Kannski er ég bara að gera þetta aftur, þú veist, tvisvar verður gamall maður barn. Þegar ég er einn heima á ég til að taka fram gítar og raula eitthvað yfir einfaldan hljómagang og þá verður kannski til lag. Svo hafa lögin safnast upp,“ segir Guðmundur Andri.

Sungið með Loga

Guðmundur Andri er enginn nýgræðingur á tónlistarsviðinu. Hann hefur lengi verið söngvari hljómsveitarinnar Spaðar. Auk þess mynda hann og Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, tvíeykið Þungir jafnaðarmenn og hafa komið fram hjá Samfylkingunni og sungið eigin útfærslu á tónlist Abba við góðar undirtektir.

Lögin á geisladisknum voru hljóðrituð á síðasta ári. „Bassaleikarinn í Spöðum, Guðmundur Ingólfsson, sem er snillingur og valmenn, tók lögin upp og kom mynd á þetta. Hann á heidurinn af því hvernig lögin hljóma. Ég átti svo þessar upptökur og hvað átti að gera við þær? Ég ráðgaðist við Adalstein Ásberg Sigurðsson hjá Dimmu og hann ákvað að gefa þetta bara út.“

Heiti disksins Ötrygg er ögur-stundin var upphaflega titill á þýðingu Thors Vilhjálmssonar, föður Guðmundar Andra, á leikritinu A Delicate Balance eftir Edward Albee. Þetta er fyrsta sólplata Guðmundar Andra. Þú ert að lýsa



Kannski er ég bara að gera þetta aftur, segir Guðmundur Andri Thorsson. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

ÞEGAR ÉG ER EINN HEIMA Á ÉG TIL AÐ TAKA FRAM GÍTAR OG RAULA EITTHVAÐ YFIR EINFALDAN HLJÓMAGANG OG ÞÁ VERÐUR KANNSKI TIL LAG.

lögnum segir hann: „Lögin eru öll hæg, tregafull og angurvær en það er ekki endilega vegna þess að ég sé svona tregafullur heldur allt eins vegna hins, að ég spila svo hægt á gítar.“


Hann kemur víða við í ljóðum sínum sem bera heiti eins og Þú ert hér, Ekki vera að gráta elskan mín og Timinn og tekrúsin. Hann syngur á disknum hið sigilda ljóð Þorsteins Erlingssonar, Fyrir var oft í koti kátt, sem hann samdi nýtt lag við. „Lag mitt er í moll og það er tregafullt. Barna er nefnilega verið að fjalla um það að „fyrir“ var oft í koti kátt, það er ekki lengur kátt hjá þeim sem þar talar.“

Það besta er eftir

Guðmundur Andri gegnir nú annasömu starfi þingmanns en hann er einnig höfundur nokkurra skáldsagna sem hafa hlotið afar góðar viðtökur. Spurður hvort hann sé að skrifa segir Guðmundur Andri svo ekki vera. Spurður hvort hann hafi ekki þörf fyrir það svarar hann: „Jú, en til þess þarf maður ákveðinn frið í sálinni og einbeitingu og innstillingu sem ég hef ekki núna og hef ekki haft um hríð. Áður en ég fór á þingið hafði ég ekkert skrifað um tíma. Það er talað um að andinn komi yfir fólk, en stundum yfirgefur hann fólk, og þá er bara gott að vera laus við hann.“

En mun andinn ekki koma aftur? „Alveg áreiðanlega. Ég held að ég eigi eftir að skrifa mínar bestu bækur eftir sjötugt,“ segir hann. „Ég er kominn með nokkrar hugmyndir og eina þrýðilega sem ég ætla mér að skrifa næst.“

KN-95
FFP2



VEFSJOPPAN

ERTU AÐ LEITA AÐ RYKGRÍMUM?

Nældu þér í pakka með **20% afslætti**

Notaðu kóðann: **KN20**
á vefsíðu **vefsjoppa.is**

KN95 - FFP2
≥95% filtering á smáögnum í andrúmslofti
Prófunarefni: NaCL

10 STK. **5.520 KR.** M.AFSL
AFSLÁTTARKÓÐI: **KN20**

SJOPPAN@VEFSJOPPAN.IS

VEFSJOPPAN.IS

Hvað? Hvenær? Hvar? Sunnudagur

hvar@frettabladid.is

10. MAÍ 2020



Julian Hewlitt og Hólmfríður.

Hvað: Tónleikar

Hvenær: 12.15

Hvar: Hljóðberg, Hannesarholti, Grundarstíg.

Hólmfríður Jóhannesdóttir mezzósópran og Julian Hewlett píanóleikari flytja tvo þekktustu ljóðaflokka Schumanns og Brahms.

Hvað: Samsöngur

Hvenær: 14.00 – 15.00

Hvar: Hannesarholt

Svenni Þór leiðir samsöng. Textar eru á tjaldi og allir taka undir. Frítt fyrir börn í fylgd með fullorðnum sem greiða 1.000 króna aðgangseyri.



Leikfélag Akureyrar sýnir Benedikt búálf. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Benedikt búálfur sigraði í kosningu

Fréttablaðið sagði frá því á dögunum að Leikfélag Akureyrar hefði efnt til kosningar um það hvaða barnaleikrit yrði tekið til sýningar hjá félaginu. Þrjú verk komu til greina; Benedikt, Móglí og Fíasól.

Eftir jafna og spennandi netkosningu er niðurstaðan ljós. Sigurvegariinn er söngleikurinn um Benedikt búálf eftir Ólaf Gunnar Guðlaugsson með tónlist eftir Þorvald Bjarna Þorvaldsson.

Marta Nordal, leikhússtjóri Leikfélags Akureyrar segir: „Við erum afar stolt af þessu ferli, að leyfa fólki að eignast hlutdeild í leikhúsinu með þessum hætti og treysta áhorfendum til að velja og eiga rödd. Ég hefði viljað setja öll þessi verk á svið en það varð að vera einn sigurvegari. Við hlökkum til að hitta Benedikt búálf á sviðinu og hlusta aftur á frábæra tónlist Þorvaldar Bjarna., lög sem auðvitað eru öll löngu orðin þekkt. Þetta verður töfrandi og skemmtileg sýning sem mun hreyfa við hjörtum.“

Benedikt búálfur fer á svið Samkomuhússins í febrúar 2021. Um samstarf Leikfélags Akureyrar og Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands er að ræða en leikstjórinn er Vala Fannell.

Verkið um Móglí, í leikgerð Illuga Jökulssonar, fékk næstflesta atkvæði í kosningunni og hefur þegar verið ákveðið að setja þá sýningu á svið voríð 2022.

Myndir ársins í Ljósmyndasafni Reykjavíkur

Myndir ársins er árleg sýning Blaðljósmyndarafélags Íslands sem opnuð verður í Ljósmyndasafni Reykjavíkur mánudaginn 11. maí.

Á sýningunni í ár eru 96 myndir frá liðnu ári sem valdar voru af óháðri dómnefnd úr 836 innsendum myndum íslenskra blaðaljósmyndara. Myndunum er skipt í sjö flokka sem eru fréttamyndir, myndir úr daglegu lífi, íþróttamyndir, portrettmyndir, umhverfismyndir, timaritamyndir



Ein af myndunum á sýningunni sýnir uppákomu að loknum opnum fundi á Alþingi.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

og myndaraðir. Í hverjum flokki valdi dómnefndin bestu myndina / bestu myndaröðina og ein mynd úr fyrrnefndum flokkum var svo valin sem mynd ársins.

Sýningin Myndir ársins hefur verið haldin síðan 1980 og er ein fjölsóttasta ljósmyndasýning landsins ár hvert.

Hægt er að nálgast bók með öllum myndum sýningarinnar í safnbúð Ljósmyndasafns Reykjavíkur og á Blurb.com.

Ársfundur 2020

Ársfundur Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga

verður haldinn mánudaginn 25. maí kl. 16.30 á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38.

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningur 2019
3. Tryggingafræðileg athugun
4. Fjárfestingastefna sjóðsins kynnt
5. Tilnefning stjórnarmanna og varamanna
6. Kynning á breytingum samþykka sjóðsins
7. Önnur mál

Allir sjóðfélagar, fulltrúar launagreiðenda og viðkomandi stéttarfélag eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn en óskað er eftir að þeir tilkynni mætingu til sjóðsins á netfangið lifbru@lifbru.is eða í síma 540 0700.

Reykjavík 30. apríl 2020

Stjórn Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga

Yfirlit yfir afkomu ársins 2019

	A deild	V deild	B deild	2019 Samtals	2018 Samtals
Efnahagsreikningur (í milljónum kr.)					
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	58.159	10.836	3.951	72.946	53.234
Skuldabréf	129.166	24.066	10.135	163.367	152.239
Bundnar bankainnstæður	3.383	630	0	4.013	7.137
Kröfur	1.065	198	238	1.501	1.402
Óefnislegar eignir	122	23	0	145	150
Varanlegir rekstrarfjármunir	119	22	0	141	142
Handbært fé	5.405	1.007	972	7.384	2.692
Skuldir	-222	-41	-131	-394	-610
Hrein eign til greiðslu lífeyris	197.197	36.741	15.165	249.103	216.386
Breyting á hreinni eign (í milljónum kr.)					
Iðgjöld	11.072	3.233	2.117	16.422	14.547
Lífeyrir	-3.501	-303	-2.817	-6.621	-5.671
Hreinar fjárfestingatekjur	18.494	3.369	1.577	23.440	12.905
Rekstrarkostnaður	-354	-60	-110	-524	-512
Aðrar tekjur	0	0	0	0	6
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris	25.711	6.239	767	32.717	21.275
Hrein eign frá fyrra ári	171.484	30.503	14.399	216.386	190.559
Sameining við lífeyrissjóð starfsmanna Kópavogsbæjar/ER	0	0	0	0	4.552
Hrein eign til greiðslu lífeyris	197.195	36.742	15.166	249.103	216.386
Kennitölur					
Nafnávöxtun	10,3%	10,3%	10,4%	10,4%	6,2%
Hrein raunávöxtun	7,5%	7,5%	7,6%	7,5%	2,9%
Raunávöxtun (5 ára meðaltal)	4,8%	4,8%	4,1%	4,8%	4,2%
Raunávöxtun (10 ára meðaltal)	4,2%	4,2%		4,2%	3,6%
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar	-14.071	-1.876	-11.695		
Virkir sjóðfélagar	13.772	4.589	186	18.548	17.692
Fjöldi lífeyrisþega	4.846	1.243	1.773	7.862	7.136
Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar	15,6%	1,2%			
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar	-4,1%	1,2%			

Allar fjárhæðir í milljónum króna

Á árinu 2019 greiddu að meðaltali 18.547 sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins og námu heildariðgjöld ársins 16.422 m.kr. með aukaframlagi launagreiðenda. Að meðaltali fengu 7.862 einstaklingar greiddan lífeyri frá sjóðnum og nam hann 6.621 m.kr.

Í stjórn sjóðsins eru: Benedikt Þór Valsson, formaður stjórnar, Garðar Hilmarsson, varaformaður, Auður Kjartansdóttir, Halldóra Káradóttir, Sonja Ýr Þorbergsdóttir og Porkell Heiðarsson.

Framkvæmdastjóri er Gerður Guðjónsdóttir.

Sigtúni 42 | 105 Reykjavík | sími 540 0700 | lifbru@lifbru.is





Laugardagur



HRINGBRAUT

20.00 Undir yfirborðið (e) Ásdís Ólsen fjallar hispurslaus um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og for-dæmt.

20.30 Bílalíf (e) er fjórlegur og fjöl-breyttur þáttur um bílana okkar í leik og starfi.

21.00 Lífið er lag (e) er þáttur um málefni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri árána. Umsjón: Sigurður K. Kolbeinson.

21.30 Saman í sóttkvi (e) er þáttur um gleðina á sviði í samkomu-banni.

RÚV SJÓNVARP

07.15 KrakkaRÚV

07.16 Molang

07.25 Kátur

07.36 Sara og Önd

07.43 Söguhúsið

07.51 Nellý og Nóra

07.58 Millý spyr

08.05 Bubbi byggir

08.16 Alvin og íkornarnir

08.28 Músahús Mikka

08.49 Millý spyr

08.57 Hvolpasveitin

09.19 Sammi brunavörður

09.29 Söguþilið

09.50 Þvegill og skrúbbur

09.55 Herra Bean Mr Bean

10.05 Ævar vísindamaður

10.35 Skólahreysti

11.05 Matarmenning Austurlanda nær

12.05 ADHD og ég

12.55 Gamalt verður nýtt

13.05 Vikan með Gísla Marteini

13.55 Vegir liggja til allra átta

Kristbjörg Kjeld í 60 ár Þáttur um eina ástsælustu leikkonu þjóðarinnar, Kristbjörgu Kjeld. Sigurlaug Margrét Jónasdóttir ræðir við Kristbjörgu og rifjar upp með henni nokkur hlutverk sem snert hafa strengi í brjóstum áhorfenda. e.

15.10 Poppkorn 1986

15.40 Fyrir alla muni. Skuggi yfir Reykjavík

16.10 Varnarliðið

17.05 Enn ein stöðin

17.50 Táknafréttir

18.00 KrakkaRÚV

18.01 Nýi skólinn

18.16 Rosalegar risaeðlur

18.42 Hjörðin - Lamb

18.53 Lottó

19.00 Fréttir

19.25 Íþróttir

19.30 Veður

19.40 Alla leið

21.00 Fólkið mitt og fleiri dýr. The Durrells III

21.55 Bíóást

